

Aðalskipulag Eyja- og Miklaholtshrepps 2008 – 2020

28. apríl 2014



TGJ

TEIKNISTOFA GUÐRÚNAR JÓNSDÓTTUR

TJARNARGÖTU 4 101 REYKJAVÍK SÍMI 5627750 TGJ@TGJ.IS WWW.TGJ.IS

Aðalskipulag Eyja- og Miklaholtshrepps 2008-2020

28. apríl 2014



TEIKNISTOFA GUÐRÚNAR JÓNSDÓTTUR
TJARNARGÖTU 4 101 REYKJAVÍK SÍMI 5627750 TGJ@TGJ.IS WWW.TGJ.IS

Aðalskipulag Eyja- og Miklaholtshrepps 2008 – 2020

Verkkaupi: Hreppsnefnd Eyja- og Miklaholtshrepps og Skipulagsstofnun

Umsjónarmaður verkkaupa: Jökull Helgason skipulags- og byggingarfulltrúi Eyja- og Miklaholtshrepps

Verktaki: TGJ Teiknistofa Guðrúnar Jónsdóttur ark. faí.

Ábyrgðarmaður: Guðrún Jónsdóttir

Höfundar: Páll Jakob Línal og Guðrún Jónsdóttir

Höfundur hluta úr kafla 4.3 Jarðvangar: Lovísa Ásbjörnsdóttir jarðfræðingur og sérfræðingur á sviði auðlindamála

Framsetning korta: Ólöf Guðný Valdimarsdóttir ark. faí., Ragnheiður Ragnarsdóttir ark. faí., Guðrún Jónsdóttir ark.fai. og Lovísa Ásbjörnsdóttir jarðfræðingur

Aðstoð við öflun ýmissa gagna: Jökull Helgason og Ásgeir Gunnar Jónsson

Kápumynd: Búðarhamar og ós Straumfjarðarár. Hafursfell í baksýn.

Kápumynd og myndir við kaflaskil: Reynir Ingibjartsson og Guðrún Halla Gunnarsdóttir

Aðrar ljósmyndir tóku: Guðrún Halla Gunnarsdóttir (GHG), Guðrún Jónsdóttir (GJ),

Páll Jakob Línal (PJL), Reynir Ingibjartsson (RI) og Þorsteinn Jósefsson (PJ).

Útgefandi: Eyja- og Miklaholtshreppur

©2014 Eyja-og Miklaholtshreppur og höfundar

Staðfestingarsíða

Aðalskipulag Eyja- og Miklaholtshrepps 2008 – 2020, skipulagsuppdráttur í mkv.1:50.000 og skipulagsgreinargerð, sem auglýst hefur verið skv. 18. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 m.s.br. var samþykkt í sveitarstjórn Eyja- og Miklaholtshrepps

þann 28. apríl 2014



Oddviti
Eyja- og Miklaholtshrepps

Aðalskipulag Eyja- og Miklaholtshrepps 2008 – 2020, skipulagsuppdráttur í mkv.1:50.000 og skipulagsgreinargerð, var afgreitt af Skipulagsstofnun til staðfestingar umhverfisráðherra samkvæmt 19. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 m.s.br.

þann _____

Aðalskipulag Eyja- og Miklaholtshrepps 2008 - 2020 skipulagsuppdráttur í mkv.1:50.000 og skipulagsgreinargerð, var staðfest* af umhverfisráðherra

þann _____

*Aðalskipulag Eyja- og Miklaholtshrepps 2008 - 2020 er staðfest með fyrirvara um niðurstöður mats á umhverfisáhrifum þeirra framkvæmda, sem háðar eru mati á umhverfisáhrifum skv. lögum nr. 106/2000.

*Aðalskipulag Eyja- og Miklaholtshrepps 2008 - 2020 er staðfest með fyrirvara um að gert verði ofanflóðahættumat/ staðbundið hættumat skv. lögum nr. 49/1997 á deiliskipulagsstigi og við afgreiðslu einstakra byggingar- og framkvæmdaleyfisumsókna.

Formáli

Á undanförnum árum hefur hreppsnefnd Eyja og Miklaholtshrepps unnið að mótun aðalskipulags fyrir hreppinn í samvinnu við TGJ Teiknistofu Guðrúnar Jónsdóttur arkitekts. Þessi áætlun, sem sett er fram skv. skipulags- og byggingarlögum nr. 73/1997 og skipulagsreglugerð nr. 400/1998, er fyrsta aðalskipulagsáætlunin, sem gerð er fyrir hreppinn. Áætlunin undirstrikar m.a. hversu merkileg okkar heimabyggð er bæði í náttúruframslegu og sögulegu tilliti, en bæði þessi atriði geta, ef rétt er á málum haldið, nýst við mótun öflugrar ferðaþjónustu hér í hreppnum í framtíðinni og skapað störf.

Hreppurinn þarf að eflast í atvinnulegu tilliti og fólkinu þarf að fjölga svo þjónustu megi efla. Allt þetta og margt fleira er fjallað um í Aðalskipulagi Eyja- og Miklaholtshrepps 2008 - 2020. Þessi áætlun skiptir máli fyrir okkur öll, sem hér búum. Hún auðveldar hrepps búum að átta sig á þeim möguleikum, sem svæðið býr yfir og hvað þarf að rannsaka betur. Áætlunin hjálpar okkur einnig til að leggja áherslu á að vanda ákvarðanatöku á sviði skipulags- og byggingarmála og skynja sérkenni og sérstöðu svæðisins, sem við búum á.

Hjarðarfelli, 11. desember 2013



Oddviti
Eyja- og Miklaholtshrepps

Efnisyfirlit

Inngangur	1
Landfræðilegt umfang aðalskipulagsins	2
Efnislegt umfang Aðalskipulags Eyja- og Miklaholtshrepps 2008 - 2020	2
Fyrirliggjandi skipulagsáætlanir	4
Framsetning efnis, kortagrunnur, skýringarupprættir og fleira	5
Vinnuferlið við aðalskipulagsgerðina	5
1. kafli - Forsendur: Náttúra	15
1.1 Staðhættir og landslag	16
1.2 Veðurfar	16
1.3 Náttúruvá	19
1.4 Jarðfræði	20
1.5 Vatnafar.....	22
1.6 Lífríki.....	22
1.7 Skógar og skógrækt	26
1.8 Náttúruvernd	26
1.9 Helstu niðurstöður	29
2. kafli - Forsendur: Samfélag	31
2.1 Sögu- og menningarminjar.....	32
2.2 Íbúáþróun og aldurskipting.....	42
2.3 Byggð.....	43
2.4 Atvinna	44
2.5 Samgöngur	47
2.6 Opinber þjónusta og rekstrarform.....	49
2.7 Veitur, lagnir og fjarskipti.....	51
2.8 Úrgangsmál	53
2.9 Helstu niðurstöður	54
3. kafli - Umhverfisskýrsla	55
Samantekt	56
Umhverfisáhrif	56
Heildarniðurstaða	57
3.1 Inngangur	58
3.2 Helstu leiðir við gerð umhverfismats	59
3.3 Tengsl við aðra áætlanagerð	59
3.4 Heildarstefna hreppsnefndar í landbúnaðarmálum o.fl.	59
3.5 Yfirlit yfir umfang og efni umhverfismatsins.....	60
3.6 Núllkostur.....	61
3.7 Umhverfisþættir.....	61
3.8 Einkenni og vægi áhrifa, einkunnargjöf	62
3.9 Vöktun – mat á umhverfisáhrifum.....	62
3.10 Umhverfismat	63
3.11 Greinargerð hreppsnefndar	75
4. kafli - Skipulagsáætlunin: Landnotkun og þróun byggðar	77
Inngangur.....	78
4.1 Landbúnaður	82

4.2 Íbúðarsvæði	86
4.3 Frístundabyggð og ferðamennska	88
4.4 Athafnasvæði / iðnaðarsvæði	97
4.5 Verslunar- og þjónustusvæði	99
4.6 Þjónustustofnanir, mennta- og menningarmál	99
4.7 Náttúra og menningarminjar	100
4.8 Þjóðminjaverndarsvæði og verndun mannvirkja	102
4.9 Hverfisvernd	103
4.10 Vatnsvernd	106
4.11 Opin svæði til sérstakra nota	107
4.12 Samgöngur	109
4.13 Veitur	109
4.14 Efnistökusvæði	111
4.15 Úrgangsmál, sorp og sorphirða	113
5. kafli - Um mat á umhverfisáhrifum	115
5.1 Tilgangur og hlutverk mats á umhverfisáhrifum	116
5.2 Framkvæmdir sem alltaf eru háðar mati á umhverfisáhrifum	116
5.3 Framkvæmdir sem kunna að vera háðar mati á umhverfisáhrifum	116
6. kafli - Framfylgd aðalskipulags	119
7. kafli - Heimildir	123

Töflur

Tafla 1. Yfirlit yfir staðfestar/ samþykktar skipulagsáætlanir í Eyja- og Miklaholtshreppi fram til 1. desember 2008.	5
Tafla 2. Skipting gróðurfars í Eyja- og Miklaholtshreppi.	24
Tafla 4. Svæði í Eyja- og Miklaholtshreppi sem eru á Náttúruvinnjaskrá 1996.	26
Tafla 3. Jarðir sem hafa gildandi skógræktarsamning við Vesturlandsskóga	26
Tafla 5. Svæði sem voru meðal tillagna Umhverfisstofnunar um friðlýsingu fyrir Náttúruverndaráætlun 2004 – 2008.	27
Tafla 6. Dýrleiki jarða í Eyja- og Miklaholtshreppi skv. Jarðabók Árna og Páls (1714) og Jarðatali Johnssens (1847).	34
Tafla 7. Tegundir fornleifa og fjöldi í Eyja- og Miklaholtshreppi.	39
Tafla 8. Friðlýstar fornminjar skv. Þjóðminjalögum nr. 107/2001 í Eyja- og Miklaholtshreppi	40
Tafla 9. Friðuð kirkja í Eyja- og Miklaholtshreppi skv. lögum um húsafriðun nr. 104/2001.	40
Tafla 10. Yfirlit yfir eignarhald, búsetu og húsdýrahald á einstökum jörðum í Eyja- og Miklaholtshreppi, 1. des. 2008.	43
Tafla 11. Yfirlit yfir fjölda byggðra frístundahúsa / sumarbústaða á einstökum jörðum í Eyja- og Miklaholtshreppi í apríl 2011.	44
Tafla 12. Yfirlit yfir heiti, flokkun, lengd og legu vega í Eyja- og Miklaholtshreppi.	47
Tafla 13. Yfirlit yfir umferð á vegum í Eyja- og Miklaholtshreppi á árunum 2002 og 2008.	48
Tafla 14. Helstu þættir sem kunna að verða fyrir áhrifum vegna íbúðarbyggðar.	63
Tafla 15. Helstu þættir sem kunna að verða fyrir áhrifum vegna frístundabyggðar.	65
Tafla 16. Helstu þættir sem kunna að verða fyrir áhrifum vegna athafnasvæða.	67
Tafla 17. Helstu þættir sem kunna að verða fyrir áhrifum vegna jarðvangs	69

Tafla 18. Helstu þættir sem kunna að verða fyrir áhrifum efnistöku.	71
Tafla 19. Helstu þættir sem kunna að verða fyrir áhrifum vatnsaflsvirkjana	73
Tafla 20. Landnotkun jarða samkvæmt Aðalskipulagi Eyja- og Miklaholtshrepps	79
Tafla 21. Stærð og staðsetning svæða undir frístundabyggð	88
Tafla 22. Yfirlit yfir staði sem tillaga er gerð um að njóti hverfisverndar	103
Tafla 23. Yfirlit yfir námur í Eyja- og Miklaholtshreppi þann 1. des. 2008.....	112

Myndir

Mynd 1. Meðalhitastig hvers árs í Staðarsveit og á Arnarstapa á tímabilinu 1979 - 2008. Stykkishólmur til viðmiðunar.	17
Mynd 2. Meðalhitastig hvers mánaðar í Staðarsveit og á Arnarstapa á tímabilinu 1979 – 2008. Stykkishólmur til viðmiðunar.	17
Mynd 3. Áúrskoma á Hjarðarfelli á tímabilinu 1979 - 2008. Stykkishólmur er til viðmiðunar.....	18
Mynd 4. Meðalúrkoma hvers mánaðar á Hjarðarfelli á tímabilinu 1979 - 2008. Stykkishólmur til viðmiðunar.	18
Mynd 5. Tíðni vindátta (%) á Bláfeldi nóv. 2003 - júlí 2009.	19
Mynd 6. Tíðni vindátta (%) á Vatnaleið des. 2001 - júlí 2009.	19
Mynd 7. Fjöldi veiddra laxa á tímabilinu 1998 - 2007.....	25
Mynd 8. Íbúapróun í Eyja- og Miklaholtshreppi á árunum 1999 - 2008.....	42
Mynd 9. Aldurskipting íbúa Eyja- og Miklaholtshreppi á árunum 1998 og 2008.	42
Mynd 10. Próun í fjölda starfandi eftir atvinnugreinum í Eyja- og Miklaholtshreppi á tímabilinu 1998 – 2005.	44
Mynd 11. Fjöldi nautgripa, kúa og hrossa í Eyja- og Miklaholtshreppi á árunum 1992 til 2006.	45
Mynd 12. Fjöldi sauðfjár og áa í Eyja- og Miklaholtshreppi á árunum 1992 til 2006.	45
Mynd 13. Fjöldi gistinátta hjá Íslendingum og erlendum ferðamönnum á Vesturlandi á tímabilinu 1999 – 2008.	46
Mynd 14. Fjöldi gistinátta Íslendinga og erlendra ferðamanna á Vesturlandi eftir mánuðum árið 2008.....	46

Skýringarkort

Skýringarkort 1. Friðlýst svæði og svæði á Náttúruminjaskrá 1996	28
Skýringarkort 2. Landnám og landnámsjarðir í Eyja- og Miklaholtshreppi.....	32
Skýringarkort 3. Búðarhamar eða Straumfjarðarþingstaður	36
Skýringarkort 4. Götur í Miklaholtsprestakalli framundir 1920.....	50
Skýringarkort 5. Skógræktarsvæði	85
Skýringarkort 6. Áhugaverð svæði.....	93



Inngangur
Á Snæfellsnesfjallgarði

Landfræðilegt umfang aðalskipulagsins

Eyja- og Miklaholtshreppur er á sunnanverðu Snæfellsnesi og varð sveitarfélagið til þann 26. júní 1994 við sameiningu Eyjahrepps og Miklaholtshrepps.

Aðliggjandi sveitarfélög eru Helgafellssveit og Dalabyggð í norðri, Snæfellsbær í vestri og Borgarbyggð að austanverðu.

Aðalskipulagið tekur til alls lands í Eyja- og Miklaholtshreppi og er heildarflatarmál skipulagssvæðisins 383 km².

Efnislegt umfang Aðalskipulags Eyja- og Miklaholtshrepps 2008 - 2020

Aðalskipulag er, samkvæmt gr. 1.3 í skipulagsreglugerð nr. 400/1998 „...skipulagsáætlun fyrir eitt sveitarfélag þar sem fram kemur stefna sveitastjórnar um landnotkun, samgöngu- og þjónustukerfi, umhverfismál og þróun byggðar í sveitarfélaginu á minnst 12 ára tímabili“.

Skipulagsáætlun þessi er byggð á skipulags- og byggingarlögum nr. 73/1997 og skipulagsreglugerð nr. 400/1998, en þar segir:

„Markmið laga þessara og reglugerðar eru:

- Að þróun byggðar og landnotkunar á landinu öllu verði í samræmi við skipulagsáætlanir sem hafi efnahagslegar, félagslegar og menningarlegar þarfir landsmanna, heilbrigði þeirra og öryggi að leiðarljósi.
- Að stuðla að skynsamlegri og hagkvæmri nýtingu lands og landgæða, tryggja varðveislu náttúru- og menningarverðmæta og koma í veg fyrir umhverfisspjöll og ofnýtingu með sjálfbæra þróun að leiðarljósi.
- Að tryggja réttaröryggi í meðferð skipulags- og byggingarmála þannig að réttur einstaklinga og lögaðila sé ekki fyrir borð borinn þótt hagur heildarinnar sé hafður að leiðarljósi.
- Að tryggja faglegan undirbúning mannvirkjagerðar og virkt eftirlit með því að kröfum um öryggi, endingu, útlit og hagkvæmni bygginga og annara mannvirkja sé fullnægt.“

Leiðarljós

Við gerð Aðalskipulags Eyja- og Miklaholtshrepps 2008 – 2020 er haft að leiðarljósi að draga fram kosti sveitarfélagsins til búsetu hvort sem um er að ræða heilsársbúsetu eða til veru í frístundum. Að því skal stefnt svo sem unnt er að tryggja þeim sem þar dvelja örugg, eftirsóknarverð og áhugaverð búsetuskilyrði.

Litið er á hið sérstaka landslag svæðisins, náttúrufar, búsetu- og menningarminjar sem auðlind, sem ber að taka mið af við skilgreiningu á landnotkun innan sveitarfélagsins. Miðað er við að nýting lands verði á forsendum sjálfbærrar þróunar. Skipulagsáætlunin miðast við að íbúum með lögheimili í sveitarfélaginu fjölgi á skipulagstímabilinu, að félagsleg heild eflist og sjálfsímynd íbúanna styrkist.

Meginmarkmið og áhersluatriði Aðalskipulags Eyja- og Miklaholtshrepps 2008 - 2020

Félagsleg markmið

- Stefnt er að því að fjölga fólki með fasta búsetu í sveitarfélaginu, til að styrkja hina félagslegu heild, grunnþjónustu og atvinnulíf, m.a. með því að:
 - Veita svigrúm fyrir íbúðarhúsaloðir, lóðir fyrir hreinlegan atvinnurekstur og frístundabyggð.
 - Leggja aukna áherslu á umræðu og íbúalýðræði og góða vitneskju um störf hreppsnefndar.
 - Vanda kynningu á hreppnum og skipulagsáætlunum á hans vegum.
 - Stuðla að rannsóknum og kynningu á því marga, sem svæðið hefur upp á að bjóða.
 - Stefnt er að því að styrkja félagslíf í hreppnum og tengsl milli þeirra sem hafa þar fasta búsetu og hinna sem þar hafa aðsetur hluta úr ári.
 - Stefnt er að því að góðir möguleikar fyrir samveru fólks og félagsstarf utan sem innan dyra séu fyrir hendi í hreppnum.

Þjónusta

- Lögð er megináhersla á styrkingu Laugargerðisskóla.
- Stefnt er að styrkingu þjónustukjarna við Vegamót.
- Lögð verður áhersla á góð fjarskipti og sambærileg við það sem best gerist.
- Lögð verður áhersla á að jarðir eigi aðgang að þriggja fasa rafmagni.
- Stefnt er að því að flokka úrgang og hámarka endurnýtingu á úrgangi, en lágmarka urðun.

Atvinna

- Stefnt er að því að fjölga atvinnutækifærum í hreppnum og gera þau fjölbreyttari, m.a. með því að nýta sérstöðu hreppsins á sviði náttúru- og menningarminja t.d. í sambandi við menningartengda ferðaþjónustu og uppbyggingu henni samfara, veiðar og útivist.
- Með því að hvetja til hreinlegs atvinnurekstrar og smáiðnaðar, sem nýtt gæti orku af svæðinu.
- Þá er stefnt að því að efla og þróa landbúnað, ferðaþjónustu bænda í hreppnum, sérstakar afurðir og matargerð.

Umhverfismál og verndun menningarminja.

- Lögð verður áhersla á heilbrigt umhverfi, friðun, verndun og vöktun mikilvægra náttúrusvæða.
- Lögð verður áhersla á friðun og verndun menningarminja
- Stefnt er að skráningu vatnsbóla og afmörkun vatnsverndarsvæða í hreppnum.
- Lögð verður áhersla á að raflínur verði lagðar í jörð á viðkvæmum svæðum.
- Lögð verður áhersla á snyrtilega umgengni og veittar viðurkenningar fyrir slíkt.
- Lögð verður áhersla á þátttöku í „Earth Check“ vottunarverkefninu.

Umferðarmál

- Lögð verður áhersla á endurbætur á vegakerfi þ.m.t. fjölgun áningarstaða við stofnvegi og viðhald vega í hreppnum í því skyni að gera vegakerfið öruggara og meira aðlaðandi.
- Við endurbætur á vegakerfi verður lögð áhersla á að fólk sé meðvitað um vaxandi hjólréiðar um vegi landsins.
- Lögð verði áhersla á að bæta og merkja helstu göngu- og reiðleiðir.

Rannsóknir

- Stefnt er að frekari rannsóknum á heitavatnsauðlindinni og möguleikum á nýtingu hennar til hagsbóta fyrir hreppinn og íbúa hans.
- Stefnt er að húsakönnun (mannvirkjaskráningu) í hreppnum í samvinnu við Húsafriðunarnefnd ríkisins.
- Efla þarf rannsóknir á sviði ferðamála.
- Leitað verður leiða til þess og rætt við þar til bærar stofnanir um að úttektir verði eflar í hreppnum á sviði náttúrufars og dýralífs, ekki síst fugla.
- Stefnt er að því í samvinnu við Helgafellssveit að kannaðir verði möguleikar á því að koma á fót jarðvangi í þessum tveimur hreppum (og e.t.v. nágrannasveitarfélögum).

Virkjanir

- Stefnt er að því að orka sú sem fæst frá virkjunum í hreppnum sé fyrst og fremst nýtt í þágu hreppsúa og uppbyggingar atvinnutækifæra þar.

Fyrirliggjandi skipulagsáætlanir

Aðalskipulagsáætlun fyrir Eyja- og Miklaholtshrepp tengist Aðalskipulagi Borgarbyggðar 2008 – 2020 og Aðalskipulagi Helgafellssveitar 2012 – 2024, sem auglýst hefur verið og nú er í lokavinnslu.

Þá tengist áætlunin Aðalskipulagi Snæfellsbæjar 1995 - 2015 (staðfestu 8. júlí 1997), og Aðalskipulagi Dalabyggðar 2004 – 2016 (staðfestu 24. ágúst 2009).

Hreppurinn er í umdæmi Vesturlandsskóga.

Tafla 1 sýnir yfirlit yfir staðfestar og samþykktar skipulagsáætlanir í Eyja- og Miklaholtshreppi fram til 1. desember 2008.

Tafla 1. Yfirlit yfir staðfestar/ samþykktar skipulagsáætlanir í Eyja- og Miklaholtshreppi fram til 1. desember 2008.

Dags.	Jörð	Afgreiðsla	Skipulagsstig
14. sept. 1998	Hofstaðir (íbúðarhús)	Deiliskipulag	Samþykkt
25. sept. 1998	Miklaholt (íbúðarlóð)	Annað	Samþykkt
29. sept. 2000	Hrútsholt	Annað	Samþykkt
8. febr. 2001	Laxárbakki	Annað	Samþykkt
31. okt. 2001	Baulárvallavatn	Annað	Samþykkt
21. febr. 2002	Vegamót (ræktunarstöð)	Annað	Samþykkt
11. sept. 2002	Þverá	Deiliskipulag	Samþykkt
5. mars 2003	Miðhraun	Annað	Samþykkt
24. mars 2003	Miðhraun (Grímsárvallavirkjun)	Annað	Samþykkt
18. sept. 2003	Syðra Skógarnes	Annað	Samþykkt
6. okt. 2003	Miðhraun 2 (íbúðar- og frístundahús)	Annað	Samþykkt
6. okt. 2003	Vegamót (ræktunar- og athafnasvæði)	Annað	Samþykkt
6. okt. 2003	Vatnsaflsvirkjun í Straumfjarðará	Deiliskipulag	Samþykkt
16. júlí 2004	Miðhraun 1 (gestahús)	Annað	Samþykkt
8. des. 2004	Miðhraun 1	Deiliskipulag	Samþykkt
22. apríl 2004	Hrossholt (skemmu og byggþurrkun)	Annað	Samþykkt
5. júní 2005	Ytra-Lágafell (frístundahús)	Annað	Samþykkt
11. ágú. 2005	Dalur, Straumsfjarðará	Annað	Samþykkt
11. ágú 2005	Miðhraun	Annað	Samþykkt
2. maí 2005	Kolviðarnes II (Miðholt)	Deiliskipulag	Samþykkt
4. febr. 2008	Syðra Lágafell (frístundasvæði)	Deiliskipulag	Samþykkt

*Heimild. Skipulagsstofnun***Framsetning efnis, kortagrunnur, skýringaruppdrættir og fleira**

Skipulagsáætlunin er sett fram annars vegar í formi greinargerðar, þar sem einnig eru töflur, skýringarkort og myndir til glöggvunar við lestur og yfirferð. Hins vegar í formi aðalskipulagsuppdráttar í mælikvarða 1:50 000.

Vinnuferlið við aðalskipulagsgerðina

Vinna við gagnasöfnun í tengslum við aðalskipulagsgerð fyrir Eyja- og Miklaholtshrepp hófst árið 2004. Í byrjun árs 2005 lá fyrir samningur um gerð aðalskipulagsins á milli TGJ Teiknistofu Guðrúnar Jónsdóttur arkitekts og hreppsnefndar.

Í fyrstu var ráðgert að teiknistofan ynni aðalskipulag fyrir þrjú sveitarfélög á þessu svæði, en þau voru auk Eyja- og Miklaholtshrepps, Helgafellssveit og Kolbeinsstaðahreppur.

Eftir sveitarstjórnarkosningarnar 2006 sameinaðist Kolbeinsstaðahreppur Borgarbyggð og var þar með ekki lengur aðili að samningnum.

Í samantekt yfir gang mála frá 1. nóvember 2006 segir m.a.: „Búið er að vinna upp kortagrunn frá Landmælingum Íslands og færa inn jarðamörk frá Nytjalandi.

Kortagrunnurinn hefur verið sendur oddvita og óskað eftir leiðréttingum bæði á jarðamörkum og öðrum villum sem þar kunna að vera.

Vettvangsferðir hafa verið farnar, myndir teknar og rætt við þá landeigendur/ábúendur, sem óskað hafa eftir heimsóknum. Þá hafa jarðeigendum / ábúendum verið send kort af jörðum sínum og þeir beðnir um að gefa ákveðnar upplýsingar um hvað þeir hafa nú þegar gert og hvað þeir hyggjast fyrir í sambandi við landnotkun á jörðum sínum."

Snemma á skipulagsferlinu var óskað eftir skýrslu um fornleifar í sveitarfélaginu, en skv. lögum þarf slík skýrsla að liggja fyrir í tengslum við aðalskipulagsgerðina.

Þá var óskað eftir skýrslu um jarðfræði svæðisins og skýrslu um fuglalíf.

Fornleifaskýrslan, sem unnin var af Fornleifastofnun Íslands, liggur fyrir. Hinar bárust í formi yfirlits yfir stærri svæði.

Fyrsti fundur með sveitarstjórnarmönnum á svæðinu var haldinn árið 2004. Þá voru lögð fram fyrstu drög að efnisyfirliti, drög að leiðarljósi og markmiðum fyrir vinnuna o.fl. Samningur var síðan gerður um verkið í janúar 2005 fyrir alla þrjá hreppa.

Þann 14. september 2005 var haldinn almennur fundur í félagsheimilinu Breiðabliki, fyrir íbúa svæðisins með skipulagsráðgjafa og byggingarfulltrúa, þar sem íbúar voru m.a. inntir eftir framtíðarsýn fyrir svæðið, lögð fram drög að markmiðum, kort yfirfarið og leiðrétt o.fl.

Eftir að fyrir lá að Kolbeinsstaðahreppur félli út úr verkefninu árið 2006 varð u.þ.b. árs hlé á verkefninu. Ný hreppsnefnd tók við og árið 2007 voru fundir teknir upp að nýju og haldnir allmargir vinnufundir, sem oddvitar tveggja hreppa, skipulagsráðgjafi og byggingarfulltrúi sátu. Farið var yfir einstaka málaflokka og markmið rædd að nýju. Nú fengu heimamenn aftur kort af jörðum sínum með beiðni um að senda skriflega til skipulagsráðgjafa og byggingarfulltrúa hugmyndir um landnotkun á jörðum sínum auk annarrar vitneskju og hugleiðinga, sem þeir vildu koma á framfæri. Þann 14. október 2009 var haldinn fundur í félagsheimilinu Breiðabliki með hreppsnefnd, skipulagsráðgjafa og byggingarfulltrúa. Þar var tillaga að Aðalskipulagi Eyja- og Miklaholtshrepps 2008 - 2020 kynnt í heild sinni, þ.e. greinargerð, uppdráttur og matsskýrsla, eins og hún lá þá fyrir með þeim viðbótum, sem borist höfðu. Ýmsar leiðréttingar komu enn fram svo og óskir frá ráðgjafa um frekari upplýsingar frá heimamönnum s.s. varðandi mörk jarða og frekari leiðréttingar sem talin var þörf á að gera á korti og greinargerð. Óskað var sérstaklega eftir því að ráðgjafi ræddi við Umhverfisstofnun um hvað friðun á Löngufjörum og votlendissvæðunum upp af þeim, sem nú eru á Náttúruminjaskrá 1996, hefði í för með sér, ef sú leið yrði valin að gera tillögu um friðun þessara svæða í aðalskipulagstillögunni.

Annar fundur með sömu aðilum, ásamt landeigendum, var boðaður að Breiðabliki þann 11. nóvember 2009, sbr. bréf byggingarfulltrúa dags. 26. október 2009. Þar lá fyrir fundargerð skipulagsráðgjafa vegna fundar á Umhverfisstofnun. Töluverðar umræður áttu sér stað um málið, sem lyktaði á þann veg, að landeigendur vildu ekki samþykkja friðun þessara svæða. Hins vegar voru fundarmenn samþykkir því að hreppsnefnd beitti sér fyrir friðun á Gerðubergi/Þórisbergi og Rauðamelsölkeldu og óskuðu eftir samvinnu við Umhverfisstofnun um málið. Báðir þessir staðir eru á

Náttúruminjasráð 1996. Samþykkt var að sýna svæði þessi sem friðuð svæði á aðalskipulagsupprætti.

Í lok janúar 2010 hafði skipulagsráðgjafi lokið við að ganga frá tillögunni til umsagnar lögboðinna aðila og senda hana frá sér til byggingarfulltrúa, sem sá um að afla umsagna.

Tillagan var send til umsagnar eftirtalinna aðila á tímabilinu 30. apríl 2010 - 29. júní 2010.

• Helgafellssveitar. Svar barst í tölvupósti 28. júní 2010.	Engar aths.
• Borgarbyggðar. Svar barst 17. maí 2010.	Engar aths.
• Snæfellsbæjar. Svar barst 5. júlí 2010.	Engar aths.
• Dalabyggðar. Svar barst með tölvupósti 9. júní 2010.	Engar aths.
• Umhverfisstofnunar. Svar barst 30. nóvember 2010.	Ýmsar aths.
• Fornleifaverndar ríkisins. Svar barst 19. júlí 2010.	Ýmsar aths.
• Húsafriðunarnefndar. Svar barst 1. júlí 2010.	Engar aths.
• Siglingastofnunar. Svar barst 28. ágúst 2010.	Engar aths.
• Veðurstofu Íslands. Svar barst 22. júlí 2010.	Ýmsar uppl.
• Landgræðslu ríkisins. Sent með tölvupósti 9. júní 2010.*	Ekkert svar
• Skógræktar ríkisins. Sent með tölvupósti 28. júní 2010.*	Ekkert svar
• Vesturlandsskóga.	Ekkert svar
• Fiskistofu – lax og silungsveiðisviðs. Svar barst 1. júlí 2010.	Ein aths.
• Vegagerðarinnar. Svar barst 11. júní 2010.	Þrjár aths.
• Landsnets hf. Svar barst 12. júlí 2010.	Ýmsar aths.
• RARIK. Sent m. tölvupósti 28. júní 2010.*	Ekkert svar
• Orkuveitu Reykjavíkur. Sent með tölvupósti 28. júní 2010.*	Ekkert svar
• Mílu ehf. Svar barst 24. júní 2010.	Ýmsar aths.
• Heilbrigðiseftirlits Vesturlands. Svar barst 6. júlí 2010.	Ýmsar aths.
• Sorpurðunar Vesturlands. Sent með tölvupósti 9. ágúst 2010.*	Ekkert svar
• Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytisins. Svar barst 1. okt. 2010.	Engar aths.
• Orkustofnunar. Svar barst 1. júlí 2010.	Ýmsar aths.

* Móttaka erindis staðfest af viðtakanda.

Þann 23. ágúst 2010 boðaði nýkjörin hreppsnefnd til fundar með skipulagsráðgjafa og byggingarfulltrúa. Var sá fundur haldinn að Breiðabliki. Á þeim fundi var tillagan kynnt í heild sinni, en áður hafði verið haldinn fundur sérstaklega með nýjum oddvita að Hjarðarfelli.

Á fundi með hreppsnefnd var ákveðið að efna til íbúafundar. Var hann haldinn 1. október 2010 að Breiðabliki. Lagður var fram uppdráttur dags. 1. október 2010, greinargerð dagsett sama dag og umhverfisskýrsla dags. 29. janúar 2010. Þá var búið að breyta gögnum miðað við framkomnar athugasemdir frá þeim umsagnaraðilum, sem svör höfðu borist frá.

Fundinn sátu 27 manns. Á þessum fundi var m.a. rædd hugmynd um möguleika á stofnun jarðvangs í hreppnum.

Þann 7. október 2010 samþykkti hreppsnefnd aðalskipulagstillöguna til auglýsingar. Hreppsnefnd sendi hana síðan 8. nóvember 2010 til athugunar Skipulagsstofnunar skv. 2. mgr. 17. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997.

Svarbréf barst frá Skipulagsstofnun 30. nóvember 2010. Þar komu enn fram ýmsar athugasemdir og ábendingar. Sama dag barst einnig umsögn Umhverfisstofnunar með athugasemdum.

Eftir að hafa gert nokkrar breytingar á tillögunni samþykkti hreppsnefnd á fundi sínum 23. apríl 2011 að nýju að senda Aðalskipulag Eyja- og Miklaholtshrepps 2008 - 2020 til Skipulagsstofnunar með endurtekinni beiðni um heimild til auglýsingar.



Fundur hreppsnefndar 23. ágúst 2010 – Ljósmynd GJ

Heimild til auglýsingar fékkst að þessu sinni frá Skipulagsstofnun og samþykkti hreppsnefnd síðan á fundi sínum 7. október 2011 að auglýsa tillöguna.

Tillagan var send Skipulagsstofnun til athugunar fyrir auglýsingu skv. 2. mgr. 17. gr. skipulags og byggingarlaga nr. 73/1997. Smá lagfæringar voru enn gerðar á tillögunni fyrir auglýsingu.

Tillagan, greinargerð og uppdráttur dags. 26. apríl 2011, ásamt umhverfisskýrslu var auglýst skv. 18. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 með síðari breytingum og 7. gr. laga um umhverfismat áætlana nr. 105/2006 var auglýst frá 31. október 2011-12 desember 2011, en þá rann fresturinn til að gera athugasemdir út.

Aðalskipulagstillagan og umhverfisskýrslan voru til sýnis hjá oddvita Eyja- og Miklaholtshrepps, Hjarðarfelli, 311 Borgarnesi, og hjá skipulags- og byggingarfulltrúa Eyja- og Miklaholtshrepps, Fálkakletti 11, 310 Borgarnesi.

Gögn voru einnig aðgengileg hjá Skipulagsstofnun, Laugavegi 166, Reykjavík og á heimasíðu TGJ Teiknistofu Guðrúnar Jónsdóttur Tjarnargötu 4 101 Reykjavík.

Á meðan á auglýsingartíma stóð, eða nánar tiltekið hinn 3. desember 2011, var haldinn almennur íbúafundur að Breiðabliki á vegum hreppsnefndar Eyja- og Miklaholtshrepps í samvinnu við TGJ Teiknistofu Guðrúnar Jónsdóttur, þar sem sérstaklega var kynnt og rædd hugmyndin um jarðvang, sem fjallað er um í aðalskipulaginu. Ráðamönnum í aðliggjandi hreppum var boðið á fundinn.

Guðrún Jónsdóttir og Páll Jakob Línal frá TGJ Teiknistofu Guðrúnar Jónsdóttur fóru í örstuttu máli yfir efni aðalskipulagsins, áherslupætti og auglýsingaferlið. Prófessor Haraldur Sigurðsson eldfjallafræðingur fór yfir jarðsögu Snæfellsness. Þá greindi Sigurður Sigursveinsson frá Háskólafélagi Suðurlands frá tilurð og stöðu Kötlu-Jarðvangs á Suðurlandi, sem búið er að setja á laggirnar og Kristján Pálsson greindi frá áformum ráðamanna um stofnun jarðvangs á Reykjanesi.

Fundurinn sóttu 33 einstaklingar. Í lok fundar var samþykkt eftirfarandi ályktun:

„Fræðslu- og umræðufundur um skipulagsmál og jarðvang beinir þeim tilmælum til hreppsnefndar Eyja- og Miklaholtshrepps og þeirra sveitarfélga er málið varðar, að jarðvangur verði afmarkaður í aðalskipulagi hreppsins. Fundurinn telur mikilvægt að jarðvangurinn nái til eldstöðvakerfis Ljósufjalla og fleiri svæða á Snæfellsnesi og tengist þjóðgarðinum eftir því sem við á. Fundurinn hvetur sveitarfélögin á Snæfellsnesi til þess að taka höndum saman um þetta verkefni og tryggja framgang þess. Jafnframt hvetur fundurinn stjórnvöld til þess að veita þessu verkefni brautargengi með aðkomu þjóðgarðsins Snæfellsjökuls og stuðningi við Eldfjallasafnið, en forstöðumaður þess ásamt áhugamannahópi hefur hrundið umræðu af stað, sem vakið hefur athygli og leitt til þess að fundurinn er haldinn.

Fundurinn lýsir stuðningi við það frumkvæði, sem hreppsnefnd Eyja- og Miklaholtshrepps hefur tekið með því að skilgreina jarðvang í greinargerð með aðalskipulagi sveitarfélagsins, sem á að gilda til ársins 2020.“

Athugasemdir á auglýsingartíma, efni þeirra og viðbrögð við þeim

Þegar lögboðnum auglýsingartíma lauk höfðu borist eftirfarandi sjö athugasemdir frá fimm aðilum.

Á fundi sínum 8. febrúar 2012 samþykkti skipulags- og byggingarnefnd afgreiðslu vegna framkominna athugasemda a) - g), sem greint verður frá hér á eftir og staðfest var af hreppsnefnd.

a) Dags. 14. nóvember 2011.

Þorsteinn Sigurðsson, Holti, Eyja- og Miklaholtshreppi.

Athugasemd var gerð við uppdrátt aðalskipulagsins þar sem hann væri ekki í samræmi við deiliskipulag Múlavirkjunar. Væri miðlunarlón sýnt samfelldt frá Baulárvallavatni á uppdrætti aðalskipulags en 15 - 20 m frá sama vatni í deiliskipulagi Múlavirkjunar.

Viðbrögð við athugasemd.

Deiliskipulagsuppdráttur Múlavirkjunar var yfirfarinn og færður, af þeirri nákvæmni sem unnt er miðað við mælikvarða, inn á uppdrátt aðalskipulagsins.

b) Dags. 3. desember 2011.

Ingunn Hrefna Albertsdóttir, Holti, Eyja- og Miklaholtshreppi.

Athugasemd var gerð við uppdrátt aðalskipulagsins þar sem Baulárvallavatn og virkjunarlón Múlavirkjunar væru ekki rétt teiknuð. Vatnið og lónið væri teiknað sem ein heild í stað þess að sýna 10 - 15 m langan straum þar á milli.

Viðbrögð við athugasemd.

Sama svar og við athugasemd a).

c) Dags. 7. nóvember 2011.

Ingunn Hrefna Albertsdóttir, Holti, Eyja- og Miklaholtshreppi.

Óskað var eftir að lögun Holtslands yrði breytt á uppdrætti aðalskipulags.

Viðbrögð við athugasemd.

Ekki var tekið tillit til athugasemdarinnar því sérstaklega er tekið fram á uppdrætti aðalskipulags að mörk sveitarfélaga og jarða séu ónákvæm og gildi ekki fyrir dómi.

d) Dags. 12. desember 2011.

Þórður Runólfsson, Syðra-Lágafelli 2, Eyja- og Miklaholtshreppi.

Óskað var eftir að gerð yrði grein fyrir gömlum þjóðleiðum innan hreppsins í aðalskipulaginu enda séu þær fornminjar skv. fornminjalögum. Ennfremur að þessar leiðir yrðu skilgreindar sem reiðleiðir í aðalskipulaginu.

Viðbrögð við athugasemd.

Var hér um góða ábendingu að ræða en töluverðar yfirlegu hefði krafist ef taka ætti tillit til hennar. Í kafla 4.12.2 er því lagt til að unnið verði áfram að nánari skilgreiningu og ákvarðanatöku hvað varðar göngu- og reiðleiðir innan sveitar í Eyja- og Miklaholtshreppi. Þar eru m.a. teknar til nánari skoðunar gamlar þjóðleiðir innan hreppsins, sbr. Herforingjaráðskort og götur í Eyja- og Miklaholtshreppi fram undir 1920 (sjá skýringarkort 4). Stefnt er að því að þessu verki ljúki eigi síðar en árið 2015.

e) Dags. 12. desember 2011.

Þórður Runólfsson, Syðra-Lágafelli 2, Eyja- og Miklaholtshreppi.

Óskað var eftir að skilgreiningu landnotkunar fyrir lóð „ræktunarstöðvarinnar á Lágafelli“ yrði breytt í blandaða landnotkun.

Viðbrögð við athugasemd.

Tekið var tillit til athugasemdarinnar og uppdrætti aðalskipulags breytt.

f) Dags. 11. desember 2011.

Gísli Guðmundsson, Hömluholti, Eyja- og Miklaholtshreppi.

Gerður var fyrirvari um landamerki jarðarinnar Hömluholts. Einnig var áskilinn réttur varðandi reiðleið úr fjörunni í Hömluholtslandi, sem ekki er getið um í aðalskipulaginu. Þá var gerð athugasemd við að frístundabyggðar í landi Hömluholts, sem sótt var um til sveitarfélagsins árið 1995, væri ekki getið.

Svar hreppsnefndar við athugasemd.

Tekið er fram á aðalskipulagsuppdrætti að mörk sveitarfélaga og jarða séu ónákvæm og gildi ekki fyrir dómi. Þá skal tekið fram að aðeins nokkrar aðalreiðleiðir eru sýndar á uppdrætti aðalskipulags, sbr. kafla 4.12.2. Tekið var tillit til athugasemdar varðandi frístundabyggð og breytingar gerðar á uppdrætti aðalskipulags.

g) Dags. 11. október 2011.

Björn H. Kristjánsson og Veronika G. Sigurvinsdóttir, Þórólfsstötu 16, Borgarnesi.

Í bréfinu var óskað eftir að gert yrði ráð fyrir byggingarreit fyrir sumarhús í landi Fáskrúðarbakka fyrir hús í þeirra eigu, sem nú stendur í landi Laxárbakka.

Svar hreppsnefndar við athugasemd.

Tekið var tillit til athugasemdarinnar og uppdrætti aðalskipulags breytt.

Skipulags- og byggingarnefnd samþykkti Aðalskipulag Eyja- og Miklaholtshrepps 2008 - 2020 með áorðnum breytingum og fól skipulags- og byggingarfulltrúa í samvinnu við skipulagshöfund að gera leiðréttingar á gögnunum í samræmi við umræður á fundinum og senda, að lokinni staðfestingu hreppsnefndar, skipulagsgögnin til Skipulagsstofnunar með ósk um afgreiðslu til staðfestingar umhverfisráðherra. Jafnframt var skipulags- og byggingarfulltrúa falið að auglýsa niðurstöður hreppsnefndar skv. 3. mgr. 18. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 og senda svör hreppsnefndar til þeirra sem athugasemdir gerðu. Svarbréf skipulags- og byggingarfulltrúa til hlutaðeigandi aðila voru dagsett 17. júlí 2012 og send út. Með bréfi dags. 1. ágúst 2012 var samþykkt aðalskipulag sent Skipulagsstofnun þar sem óskað var eftir afgreiðslu stofnunarinnar til staðfestingar umhverfisráðherra skv. 19. gr. skipulags- og byggingarlaga 73/1997. Í svari Skipulagsstofnunar við erindinu dags. 30. ágúst 2012 eru gerðar fjölmargar athugasemdir.

Af hálfu hreppsins var unnið að því í töluverðan tíma að koma með tillögur að svörum við bréfi Skipulagsstofnunar og var síðasti fundur aðila haldinn um málið 24. október 2013. Hafði þá tekist að mati skipulagsráðgjafa hreppsins góð samstaða á milli aðila.

Eitt atriði var þó óleyst á þessum síðasta fundi viðræðuaðila, en það var framsetning opins svæðis í Stakkhamarsnesi. Þar var sýndur golfvöllur á skipulagsuppdrætti, sem Skipulagsstofnun gerði athugasemd við (sbr. bréf stofnunarinnar dags. 30. ágúst 2012). Málið var rætt í hreppsnefnd og varð niðurstaðan sú að hafa golfvöllinn áfram inn í skipulagsáætluninni, enda hafði hann verið sýndur á umræddu svæði svo til frá byrjun skipulagsgerðar (sjá samantekt yfir svör, sem fylgir með aðalskipulagsáætluninni, dags. 11. desember 2013).

Á fundi þann 11. desember 2013 tók hreppsnefnd til umfjöllunar svör sem unnin höfðu verið til að koma til móts við framkomnar athugasemdir Skipulagsstofnunar. Að yfirferð og umræðum loknum samþykkti hreppsnefnd svörin og þar með tillögu að Aðalskipulagi Eyja- og Miklaholtshrepps 2008 - 2020, greinargerð og umhverfisskýrslu dags. 11. desember 2013 og aðalskipulagsuppdrátt dags. 11. desember 2013.

Í niðurlagi bókunar hreppsnefndar segir svo: „Látið verði á það reyna hvort aðalskipulagsáætlunin fæst ekki samþykkt með golfvöll í Stakkhamarsnesi.“

Ennfremur segir í fundargerð að gögnin (þ.e. greinargerð og umhverfisskýrsla ásamt aðalskipulagsuppdraetti dags. 11. desember 2013) verði send til Skipulagsstofnunar með beiðni hreppsnefndar um afgreiðslu stofnunarinnar og staðfestingu ráðherra á aðalskipulaginu.

Í bréfi Skipulagsstofnunar til Umhverfis- og auðlindaráðuneytisins, að lokinni yfirferð stofnunarinnar, dags. 1. apríl 2014, segir m.a. í niðurstöðum:

„Skipulagsstofnun afgreiðir samykktu tillögu að Aðalskipulagi Eyja- og Miklaholtshrepps 2008 - 2020 til umhverfisráðherra í samræmi við 19. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 og mælir með að skipulagið verði staðfest að öllu leyti nema hvað varðar stefnu um golfvöll á opnu svæði til sérstakra nota á Stakkhamarsnesi, þar sem stofnunin leggur til að skipulagi verði frestað skv. 2. mgr. 19. gr. sömu laga vegna efnisgalla. Tillaga Skipulagsstofnunar um frestun byggir á því að Stakkhamarsnes er hluti af svæði á Náttúruverndaráætlun, *Álftanes, Akrar og Löngufjörur*, sem eru mikilvæg búsvæði fugla. Ljóst er að uppbygging golfvallar krefst mikilla breytinga á yfirborði og gróðurfari svæðisins og mun hafa neikvæð áhrif á landslag, jarðmyndanir og vistkerfi svæðisins, sbr. niðurstöður umhverfisskýrslu aðalskipulagsins. Eins og fyrr hefur verið rakið telur Skipulagsstofnun stefnu um golfvöll á Stakkhamarsnesi hvorki samræmast meginmarkmiðum aðalskipulagsins um verndun mikilvægra náttúrusvæða né markmiðum stjórnvalda um náttúruvernd, sbr. Náttúruverndaráætlun 2004 - 2008, Náttúruverndaráætlun 2009 - 2013, né heldur markmiðum skipulags- og byggingarlaga um að tryggja skuli varðveislu náttúruverðmæta og koma í veg fyrir umhverfissplöll, sbr. 1. gr. laganna. Að mati Skipulagsstofnunar skortir enn haldbær rök fyrir staðsetningu golfvallar á Stakkhamarsnesi, sem talið er mikilvægt náttúruinjasvæði.“

Í bréfi umhverfis- og auðlindaráðuneytis, dags. 4. apríl 2014, til Eyja- og Miklaholtshrepps segir eftirfarandi:

„Ráðuneytið vísar til meðfylgjandi erindis Skipulagsstofnunar dags. 1. apríl sl. þar sem lagt er til við umhverfis- og auðlindaráðherra í samræmi við 19. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 að fresta að hluta staðfestingu Aðalskipulags Eyja- og Miklaholtshrepps 2008 - 2020. Leggur Skipulagsstofnun til að staðfestingu aðalskipulagsins verði frestað hvað varðar stefnu um golfvöll á opnu svæði til sérstakra nota á Stakkhamarsnesi vegna efnisgalla en að aðalskipulagið verði staðfest að öllu öðru leyti.

Samkvæmt 3. mgr. 19. gr. skipulags- og byggingarlaga skal tillaga Skipulagsstofnunar um synjun eða frestun staðfestingar að öllu leyti eða að hluta rökstudd með

greinargerð þar sem fram koma hvort formgallar séu á afgreiðslu sveitarstjórnar eða efnislegir gallar á gerð skipulags. Áður en ráðherra tekur ákvörðun skal hann leita umsagnar sveitarstjórnar. Í ljósi framangreinds óskar ráðuneytið eftir umsögn sveitarstjórnar um framangreinda tillögu Skipulagsstofnunar. Óskað er eftir að umsögn berist ráðuneytinu eigi síðar en 28. apríl nk.“

Um miðjan apríl sl. óskaði oddviti Eyja- og Miklaholtshrepps, Guðbjartur Gunnarson eftir ráðleggingum skipulagsráðgjafa varðandi þetta mál.

Í svari skipulagsráðgjafa dags. 16. apríl 2014 segir eftirfarandi:

„Hægt er að fara þrjár leiðir í þessu máli:

1. Halda sig við núverandi útfærslu og rökstyðja hvers vegna hreppsnefnd vill gera það. Þetta er þá í raun orðið lögfræðilegt úrlausnarefni, sem útkljá þarf í samræmi við það (eignar- og umráðaréttur „versus“ náttúruverndarlöggjöfin).
 *Kostur: Mögulega getið þið unnið málið og komið skipulaginu í gegn eins og það stendur nú.
 *Ókostur: Þetta kostar mikla peninga og að öllum líkindum mikinn tíma og málið gæti tapast.
2. Taka G-ið burtu af uppdrættinum, en halda svæðinu dökkgrænu, þ.e. sem opnu svæði til sérstakra nota.
 *Kostur: Aðalskipulagið fæst staðfest í heild sinni og svæðið er komið með stöðu „opins svæðis til sérstakra nota“, sem felur í sér marga girnilega möguleika.
 *Ókostur: Möguleikar á golfvelli eru ekki fyrir hendi á svæðinu.
3. Svæðið tekið út af skipulagsuppdrætti og sýnt sem hvítt svæði. Skipulagið staðfest að öðru leyti.
 *Kostur: Skipulagið fæst staðfest.
 *Ókostur: Stakkhamarsnesið er þá hvað landnotkun snertir á algjörum byrjunarreit.“

Á fundi hreppsnefndar Eyja- og Miklaholtshrepps, þann 28. apríl 2014, var samþykkt svohljóðandi bókun:

„Sveitarstjórn samþykkir tillögu Guðrúnar Jónsdóttur um að taka G-ið af uppdrættinum en halda svæðinu dökkgrænu, þ.e. sem opnu svæði til sérstakra nota.“ Þessi samþykkt var send Umhverfis- og auðlindaráðuneytinu með skriflegum hætti.

Í framhaldinu óskaði umhverfis- og auðlindaráðuneytið eftir leiðréttum gögnum vegna staðfestingar aðalskipulags Eyja- og Miklaholtshrepps 2008-2020 og var frestur gefinn til 14.júlí 2014.

Fyrir staðfestingu voru gerðar eftirfarandi breytingar

1. Á aðalskipulagsuppdrætti:
 - a. Golfvöllur er ekki sýndur á Stakkhamarsnesi (G fjarlæggt).
 - b. Golfvallarmerking fjarlægð úr skýringum.

- c. Ný dagsetning á samþykkt hreppsnefndar, sem er 28. apríl 2014, sett inn fyrir ofan nafn Guðbjartar Gunnarssonar oddvita.
 - d. Ný dagsetning 28. apríl 2014 á samþykkt hreppsnefndar sett á aðalskipulagsuppdráttinn.
2. Á greinargerð og umhverfisskýrslu:
- a. Á staðfestingarsíðu ný dagsetning á samþykkt hreppsnefndar sem er 28. apríl 2014 sett inn fyrir ofan nafn Guðbjartar Gunnarssonar oddvita.
 - b. Viðbætur settar inn í inngangskafla greinargerðar.
 - c. Ýmsar aðrar breytingar á víð og dreif í greinargerðinni, sem eru afleiðingar af breytttri landnotkun í Stakkhamarnesi svo og breytingar á efnisyfirliti.

Nýr uppdráttur, greinargerð og umhverfisskýrsla, dags. 28. apríl 2014, voru send Umhverfis- og auðlindaráðuneytinu 10. júlí 2014.

1. kafli - Forsendur: Náttúra



Löngufjörur undan Skógarnesi. Tjaldurseyjar í fjarska

1.1 Staðhættir og landslag

Eyja- og Miklaholtshreppur er sunnan megin í Snæfellsnesfjallgarðinum. Af fjöllum á norðurmörkum hans má nefna Kerlingarfjall (585 m.y.s.), Grímsfjall (570 m.y.s.), Skyrtnunnu (854 m.y.s.), Sátu (512 m.y.s.) og Svínafell (367 m.y.s.). Hæst tróna Hreggnasi (947 m.y.s.), Kattareyra (1001 m.y.s.) og Ljósufjöll (1063 m.y.s.). Upp í þetta hálendi ganga dalir s.s. Dufgusdalur, sem Straumfjarðará fellur um, Hjarðarfellsdalur, en um hann fellur Kaldakvísl, Fanndalur, Seljadalur, Eiríksdalur, Núpudalur og Sátudalur. Um hinn síðastnefnda fellur Sátudalsá, sem síðar sameinast Flatná, en sameinaðar falla þær í Haffjarðará. Austurmörkin eru við Heydal, Arná og síðan um Oddastaðavatn, Höfðaá og Haffjarðará allt til Haffjarðar (Faxaflóa). Vesturmörkin eru við jarðamörk Stakkhamars, Borgarholts, Hofstaða og Ytra-Lágafells, um Baulárvallavatn og Hryggi í Kerlingarfjalli.

Byggðin er undir fjöllum í mynni dalanna, á flatlendinu þar niður af og allt til sjávar. Nokkur nes teygja sig út í Haffjörð. Hér skulu nefnd Stakkhamarsnes, Melnes, Skógarnes, Suðurnes, Núpunes og Kolviðarnes.

Með ströndinni á milli nesja og eyja eru svonefndar Löngufjörur. Þetta eru ljósar sandfjörur, sem sjór gengur yfir á flóði.

1.2 Veðurfar

Veðurathugunarstöðvar í Eyja- og Miklaholtshreppi eru sem hér segir: Úrkomustöð er að Hjarðarfelli, en sjálfvirk stöð á Vatnaleið og á vegagerðarstöðinni í Hraunsmúla. Árið 2009 bættist við stöð og er það sjálfvirk veðurstöð Vegagerðarinnar við Hafursfell. Auk þessa hafa veðurathugunanir farið fram víða í nágrenninu, s.s. á Arnarstapa, Bláfeldi í Staðarsveit, Haukatungu í Hnappadal og víðar. Veðurmælingar frá þessum stöðum hafa þó ekki verið samræmdar að fullu.

Veðurlag í Eyja- og Miklaholtshreppi mótast mjög af fjallgarðinum norðan byggðarinnar sem og Hafursfelli. Vindasamt er í norðlægum áttum og sums staðar einnig í þeim austlægu. Mjög úrkomusamt er á svæðinu, einkum í suðlægum áttum.

Heimild: Veðurstofa Íslands; Trausti Jónsson



Við Löngufjörur hjá Ytra-Skógarnesi – Ljós. RI

1.2.1 Hitafar

Ekki er til að dreifa mælingum á hitafari í sveitarfélaginu sé horft til lengri tíma. Samfelldar hitafarsmælingar hafa þó farið fram á vegum Veðurstofu Íslands á fjórum bæjum í nágrenninu, Görðum, Neðra Hóli, Böðvarsholti og Bláfeldi í Staðarsveit frá árinu 1989. Á tímabilinu 1931 – 1982 fóru fram hitafarsmælingar á Arnarstapa, og geta þær gefið grófar vísbendingar um hitastig í Eyja- og Miklaholtshreppi. Því verður stuðst við þær, þegar ekki er öðrum upplýsingum til að dreifa, í þeirri umfjöllun sem hér fer á eftir. Engar upplýsingar eru til um hitafar á svæðinu á árabílinu 1983 – 1988.

Mynd 1 sýnir meðalhita hvers árs á tímabilinu 1979 – 2008*. Á umræddu tímabili mældist meðalhiti hæstur, 5,9°C árið 2003, en lægstur var hann hinsvegar árið 1979, 2,8°C. Stykkishólmur er sýndur á myndinni til viðmiðunar.


Mynd 2 sýnir meðalhitastig hvers mánaðar á tímabilinu 1979 – 2008. Þar sést að meðalhitinn er hæstur í júlí (11,0°C) og ágúst (10,6°C) en lægstur í janúar (0,1°C).

Hitatölur frá Stykkishólmi eru hafðar til viðmiðunar.

Þess má geta að hiti fer stundum yfir 20°C á sumrum, en mestur hefur hitinn mælst, 25,9°C á Bláfeldi þann 11. ágúst 2004 og þann 31. júlí 1980 mældist hitinn 25°C á Arnarstapa.


1.2.2 Úrkoma

Samfelldar úrkomumælingar hafa farið fram á Hjarðarfalli um árabí. Úrkomusamt er á sunnanverðu Snæfellsnesi, mest næst fjöllum norðantil, en einnig víða annars staðar. Að meðaltali eru úrkomudagar 228 á ári, en þá er miðað við að mælst hafi 0,1 mm eða meir. Er það svipað og algengt er á Vesturlandi.



Mynd 1. Meðalhitastig hvers árs í Staðarsveit og á Arnarstapa á tímabilinu 1979 - 2008. Stykkishólmur til viðmiðunar.

Heimild: Veðurstofa Íslands



Mynd 2. Meðalhitastig hvers mánaðar í Staðarsveit og á Arnarstapa á tímabilinu 1979 – 2008. Stykkishólmur til viðmiðunar.


* Hér er um að ræða meðaltalshitastig fjögurra veðurstöðva. Veðurstöðvarnar eru Arnarstapi (1979 - 1982), Garðar (1989 - 1994), Böðvarsholt (1991 - 1998), Neðri Hóll (1994 - 1997) og Bláfeldur (1997 - 2008). Engar hitamælingar fóru fram á árabílinu 1983 - 1988).

Á Hjarðarfelli mældist magn ársúrkomu á tímabilinu 1979 – 2008 að meðaltali um 1.345 mm á ári. Mynd 3 sýnir úrkoma á Hjarðarfelli á hverju ári, á tímabilinu 1979 - 2008. Á umræddu tímabili var úrkoman mest árið 2007 eða 1730 mm en minnst var hún 899 mm árið 1985. Stykkishólmur er sýndur til viðmiðunar. Þokudagar eru 29 að meðaltali. Álíka margir þokudagar mælast á Austfjörðum eða jafnvel fleiri. Samkvæmt mælingum á Hjarðarfelli er úrkoman í formi rigningar 64% tilfella, 28% slydda og 8% snjócoma. Er snjóhlutfall mest í janúar eða 22%. Snjókomu verður að meðaltali vart tvisvar í maí á hverju ári, þriðja hvert ár í júní og tíunda hvert ár í ágúst. Snjó festir þó ekki í júní til ágúst, en annað hvert ár í september. Ekki er óalgengt að snjófyrningar vetrarins liggi niður á láglandi fram í maí og jafnvel lengur. Á vetrum (desember til mars) er alhvítt nærri annan hvern dag og alautt aðeins þrjá til sex daga í mánuði að meðaltali.

Mynd 4 sýnir meðalúrkoma hvers mánaðar á Hjarðarfelli á árunum 1979 – 2008. Eins og glögglega sést á myndinni er seinni hluti árs alla jafna mun votviðrasamari en sá fyrri. Mælist úrkoma að meðaltali um 80 mm í júnímánuði, sem er þurrasti mánuður ársins að meðaltali, en í september og október fer úrkoman yfir 130 mm að meðaltali í hvorum mánuði. Stykkishólmur er sýndur til viðmiðunar.


Mesta sólarhringsúrkoma sem mælst hefur á Hjarðarfelli er 120,7 mm, en það var þann 28. mars árið 2000.

Úrkoma er bæði mest og áköfust í suðlægum vindáttum. Meir en þriðjungur úrkomu (34%) fellur þegar sunnanátt er ríkjandi á landinu og er þá að meðaltali um 9 mm á dag.



Mynd 3. Ársúrskoma á Hjarðarfelli á tímabilinu 1979 - 2008. Stykkishólmur er til viðmiðunar.

Heimild: Veðurstofa Íslands



Mynd 4. Meðalúrkoma hvers mánaðar á Hjarðarfelli á tímabilinu 1979 - 2008. Stykkishólmur til viðmiðunar.

Heimild: Veðurstofa Íslands

Heimild: Veðurstofa Íslands; Trausti Jónsson

1.2.3 Vindafar

Almennt má segja að hvassviðrasamt sé á sunnanverðu Snæfellsnesi. Víðast hvar verður hvassast og byljótt í norðlægum áttum, þegar vindur stendur af fjöllum.


Stundum getur einnig orðið hvasst og byljótt í vestan- og austanáttum þegar vindur stendur meðfram fjallshlíðunum.

Suðlægar áttir eru öllu jafna ekki ofviðrasamar, þó þær geti orðið hvassar og byljóttar á stöku stöðum. Engar mælingar hafa þó farið fram á þeim stöðum.

Engar vindmælingar hafa farið fram í Eyja- og Miklaholtshreppi og verður því að styðjast við veðurgögn frá nálægum athugunarstöðum.


Mesti meðalvindhraði sem mælt hefur í Staðarsveit er 36,6 m/s á Bláfeldi og 38,3 m/s í Hraunsmúla. Mestu vindhviður sem mælt hafa á þessum stöðvum er 55,2 m/s á Bláfeldi, þann 2. febrúar 2002 og 62,5 m/s í Hraunsmúla, þann 30. nóvember 2006.

Þá hefur meðalvindhraði á Vatnaleið mælt mestur 27,1 m/s og mesta vindhviða mælt 45,4 m/s.



Mynd 5. Tíðni vindátta (%) á Bláfeldi nóv. 2003 - júlí 2009.

Myndin til vinstri sýnir tíðni vindátta yfir allt tímabilið, myndin til hægri sýnir tíðni vindátta þegar vindur mælist meiri en 10 m/s.



Mynd 6. Tíðni vindátta (%) á Vatnaleið des. 2001 - júlí 2009.

Myndin til vinstri sýnir tíðni vindátta yfir allt tímabilið, myndin til hægri sýnir tíðni vindátta þegar vindur mælist meiri en 10 m/s.

1.3 Náttúruvá

1.3.1 Óveður

Eins og segir í kafla 1.2 getur oft verið hvassviðrasamt á sunnanverðu Snæfellsnesi.

Heimild: Veðurstofa Íslands; Trausti Jónsson

1.3.2 Skriðuhætta og snjóflóð

Skriðuföll og snjóflóð eru sjaldgæf á svæðinu. Þó urðu skriðuföll víða á svæðinu í miklu vatnsveðri þann 28. mars 2000 (sjá kafla 1.2.2).

Heimild: Heimamenn og Veðurstofa Íslands

1.3.3 Vatns- og sjávarflóð

Samkvæmt vatnafræðilegri flokkun vatnasvæða eru ár í Miklaholtshreppi að mestu skilgreindar sem jarðvegsmiðlaðar dragár á láglendi, en í fjalllendi og í stærstum hluta fyrri Eyjahrepps eru þær skilgreindar sem lindár á tregleku svæði. Fyrir fyrri Miklaholtshrepp þýðir það að flóð verða helst í stórrigningum á haustin og við snögg hlýindi á vetrum, þegar vatn leitar út í ár og læki og jarðvegurinn getur ekki

miðlað úrkomunni. Fyrir fyrrum Eyjahrepp er flóðahætta almennt lítil, enda hafa lindár nokkuð stöðugt vatnsflæði, stórir flóðtoppar geta þó orðið þegar blotnar á frosinni jörð.

Mælingar voru gerðar í Straumfjarðará í langan tíma, eða allt frá 1945 til 2005 er áin var virkjuð, en þá hófust mælingar í Haffjarðará. Samkvæmt flóðagreiningu sem unnin var fyrir Straumfjarðará árið 1999 og byggir á gögnum fyrir árabilið 1945 til 1997 má reikna með að flóð með 50 ára endurkomutíma geti orðið rúmlega 50 m³/s, 100 ára-flóð geti orðið 60 m³/s og 200 ára flóð geti orðið tæplega 70 m³/s. Meðalrennsli árinna er til samanburðar um 2,5 m³/s. Lengd tímaraðarinnar í Haffjarðará bíður hinsvegar ekki upp á sambærilega greiningu. Þar mælist meðalrennslið nálægt 12,5 m³/s og stærsti flóðtoppur sem hefur mælst rúmlega tíu sinnum stærri. Stakar mælingar hafa verið gerðar í Grímsá, en mælingar í öðrum ám í hreppunum er ekki að finna í gagnasafni Veðurstofu Íslands.

Heimild: Veðurstofa Íslands; Óðinn Þórarinnsson

Ekki er vitað til að sjávarflóð hafi valdið tjóni á svæðinu. Gera má ráð fyrir að ströndin sé að breytast í Eyja- og Miklaholtshreppi eins og annars staðar, háð veðri og vindáttum.

Gera má ráð fyrir að meðalstórstraumsflóð á svæðinu sé á milli 4,1 - 4,2 m.

Heimild: Siglingamálastofnun; Kristján Helgason

1.3.4 Jarðskjálftar og eldgos

Eyja- og Miklaholtshreppur er talinn liggja utan aðal jarðskjálftasvæða Íslands, sem eru Suðurlandsbrotabeltið og Tjörnesbrotabeltið. Ekki er því að vænta mikilla áhrifa af jarðskjálftum þar. Þó liggur svæðið nærri Borgarfjarðarbeltinu svokallaða. Þar er ekki von á jafn stórum jarðskjálfta og í Suðurlands- og Tjörnesbrotabeltunum og því líklegt að áhrif jarðskjálfta í Borgarfjarðarbeltinu hafi óveruleg áhrif í Eyja- og Miklaholtshreppi.

Þess ber að geta að Eyja- og Miklaholtshreppur liggur við virkt eldstöðvakerfi kennt við Ljósufjöll, og bera nýleg hraun á svæðinu og nágrannasveitum þess vitni. Síðustu eldsumbrot á svæðinu munu hafa verið fyrir um 1100 árum, en ómögulegt er að spá fyrir um hvenær eldvirkni mun taka sig aftur upp í Ljósufjöllum þó svo að slíkt þyki ekki líklegt miðað við aðrar eldstöðvar á Íslandi.

Heimild: Veðurstofa Íslands: Halldór Geirsson

1.4 Jarðfræði

Jarðmyndunum á Snæfellsnesi má auðveldlega skipta í þrjá floka í jarðsögulegu tilliti, það er tertíer (>3,1 milljón ára), ísöld (3,1 milljón ár - 10 þúsund ár) og nútíma jarðsögu (<10 þúsund ár). Jarðfræði svæðisins er óvenju fjölbreytt og fá héruð á landinu geta státað af viðlíka fjölbreytni. Hér verður aðeins tæpt á því sem allra merkilegast gæti talist, en óhætt er að segja að af mörgu er að taka.

Ísland er jarðfræðilega ungt land. Eldvirknin hefur verið nær stöðug á öllu mótunartímabilinu. Gosvirknin hefur að því er virðist ávallt verið takmörkuð við eitt eða fleiri gosbelti, sem legið hafa frá suðvestri til norðausturs.

Vegna feringar á gosbeltunum hallar eldri jarðlögum inn að þeim sitt úr hvorri átt og myndast þá svonefnd samhverfa.

Skáhallt yfir Snæfellsnes um Staðarsveit og Helgafellssveit liggur samhverfa, sem nefnd hefur verið Snæfellsnessamhverfan. Hún sveigir svo til austurs um Hvammsfjörð. Þessi samhverfa er talin leifar forns rekbeltis, sem var virkt á tertier. Þar mun stór hluti tertiera hraunlagastafla landsins hafa myndast. Öllum jarðlögum á Vestfjörðum, í Dölum og á Mýrum hallar inn að samhverfunni og eiga uppruna sinn þar. Aldur þeirra hækkar eftir því sem fjær dregur.

Elstu jarðlög á Vestfjörðum eru 13 - 15 milljón ára gömul, og þá þegar hefur Snæfellsnesrekbeltið verið í fullum gangi. Eldvirkni hélst þar til fyrir um 6 milljón árum, en þá kulnaði hún og lá í dvala í 4 milljónir ára. Eftir að eldvirkni hætti á Snæfellsnesi náðu roföflin yfirhöndinni. Á og seinna jöklar skófu mörg hundruð metra ofan af upphaflegum jarðlagastafla og mótuðu að miklu leyti núverandi landslag, ásamt eldvirkni, sem hefur verið í gangi síðustu tvær milljónir ára.

Snæfellsnesrekbeltið forna hefur ekki verið frábrugðið þeim beltum, sem virk eru í dag. Eldvirknin er bundin við megineldstöðvar og sprunguþyrpingar þeim tengdum.

Ljósufjallapýrpingin er einstaklega merkilegt frá jarðfræðilegu sjónarmiði, en fjallapýrpingin, sem er um 90 km löng, teygir sig frá Kolgrafarfirði í vestri að Norðurá í austri í VNV-ASA stefnu. Á nútíma hefur þýrpingin gosið 23 sinnum.

Á vestursvæðinu má auðveldlega rekja beltið: Vestast er Selfjall við Hraunsfjörð, þá taka við kúlurnar í Berserkjahrauni, en austar er Hafrafell, Kerlingarfjall, Grímsfjall og svo hver eldstöðin af annarri uns kemur að Ljósufjöllum. Ljósufjöllin sjálf eru að mestu úr súru bergi, sem hefur myndast við gos undir jöklum síðasta jökulskeiðs.

Austan Ljósufjalla eru gosstöðvarnar dreifðari á nær 20 km belti og þar ná kvarteru jarðlögin ekki að mynda samfelldan stafla eins og víðast á vestursvæðunum.

Nokkur misgengi austan Ljósufjalla hafa hreyfst á nútíma. Talið er að hreyfingarnar verði yfirleitt samhliða eldgosum. T.d. er misgengi, sem liggur vestur frá Rauðamelskúlum alla leið að Ljósufjöllum. Það sker m.a. hraun, sem runnið hefur suður frá Rauðukúlu á Rauðamelsfjalli (Nykurhraun).

Þá er svæðið umhverfis Haffjarðará allt til sjávar stórkostlega merkilegt svæði í jarðfræðilegu og náttúrufarslegu tilliti, þótt ekki sé það nema að hluta til í Eyja- og Miklaholtshreppi.

Heimild: Haukur Jóhannesson

1.4.1 Hagnýt jarðefni

Laus jarðlög frá ísaldarlokum og síðar eru mikilvæg til töku byggingarefna. Mikið er af slíkum svæðum í hreppnum, þá sérstaklega í fornum sjávarkömbum og áreyrum.

1.4.2 Jarðhiti og ölkeldur

Í Eyja- og Miklaholtshreppi eru nokkrar laugar. Við Ytri-Rauðamel hefur yfirborðshiti hæst mælt 33°C og í Kolviðarnesi (Laugargerði) hefur yfirborðshiti mælt um 60°C. Þá eru volgrur í Kerlingarskarði við svonefnt Ófærugil, en þar hefur hiti hæst mælt 19°C.

Jarðhitaboranir eiga sér sögu í sveitarfélaginu allt frá árinu 1973, þegar Jarðboranir ríkisins boruðu fyrst eftir heitu vatni fyrir Laugargerðisskóla í landi Kolviðarness.

Árið 1999 var svo leitað að jarðhita í sveitarfélaginu (jarðhitaleit á köldum svæðum) og voru þá boraðar nokkrar leitarholur. Kom þá í ljós mjög hár hitastuðull í landi Eiðhúsa og Straumfjarðartungu. Ekki er yfirborðshiti á þessum svæðum.

Árið 2006 var búið að bora 12 holur í landi Eiðhúsa og hefur hitastig vatns í þeim holum mælst um 100°C. Vatnsmagn holunnar, sem notuð er, nemur 5,5 l/sek. Sjá einnig kafla 2.7.2.

Frekari boranir voru svo gerðar árið 2001 í landi Kolviðarness, við norðurenda Kolviðarnesvatns. Voru þá boraðar þrjár holur, sem gáfu tæplega 70°C heitt vatn.

Sjá einnig kafla 2.7.2.

Ölkeldur í Eyja- og Miklaholtshreppi eru margar. Frægust er Rauðamelsölkelda, en aðrar eru við Þverá í sjó í svonefndri Ölkelduvík, vestan við Syðra Skógarnes, í farvegi Laxár vestan Hafursfells, í Þvergili ofan við Hjarðarfell og eflaust víðar.

Vatnið í ölkeldunum er kolsýruríkt og bragðast eins og sódavatn. Víða er þó nokkur járnkeimur af vatninu. Vatnið í ölkeldunum er kalt grunnvatn, sem kolsýra streymir í gegnum og mettar. Kolsýran er talin koma úr kvikuinnskotum djúpt í iðrum jarðar. Flestar ölkeldur eru við sprungur eða misgengi í berggrunninum.

Heimild: Haukur Jóhannesson

1.5 Vatnafar

1.5.1 Vötn og vatnsföll

Nokkur fjöldi vatna er í sveitarfélaginu og verður hér aðeins stikað á stóru í upptalningu þeirra.

Baulárvallavatn er vatn inn af Dufgusdal í um 190 m.h.y.s, um 1,6 km² að stærð, og 47 metrar að dýpt, þar sem það er dýpst. Í vatnið rennur Vatnaá, sem á upptök sín í Hraunsfjarðarvatni.

Stærstu ár í sveitarfélaginu eru Straumfjarðará og Haffjarðará.

Straumfjarðará á upptök sín í Baulárvallavatni og fellur 16 km leið, til sjávar í Straumfirði. Fjöldi smærri vatnsfalla falla í Straumfjarðará og eru þeirra stærst Fáskrúð, Kaldakvísl og Laxá. Vatnasvið árinna er 221 km².

Haffjarðará er á mörkum Eyja- og Miklaholtshrepps og Kolbeinsstaðahrepps, núverandi Borgarbyggðar. Höfðaá sem fellur úr Oddastaðavatni og Flatná, sem í hana fellur, mynda Haffjarðará. Upptök vatnasvæðis Haffjarðarár eru á Rauðamelsheiði austan Heydalsvegar. Haffjarðará er um 13 km löng og fellur í Haffjörð. Samkvæmt bók Sigurjóns Rists „Vatns er þörf“ er vatnasvið Haffjarðarár við Haffjörð sagt 300 km² og við brú á Þjóðvegi 276 km². Nýlega var vatnasvið Haffjarðarár reiknað við mælistaðinn Efri-Sauðhyl, 0,5 km neðan við Þjóðvegarbrúna og kom í ljós að það var 276 km² eins og hjá Sigurjóni.

Heimild: Heimamenn og Veðurstofa Íslands

1.6 Lífríki

Mjög fáar rannsóknir hafa verið gerðar á lífríki í Eyja- og Miklaholtshreppi. Ekki eru til neinar sérstakar úttektir á gróðurfari á svæðinu, utan þeirrar úttektar sem gerð hefur verið fyrir tilstilli Nýtjalandis.

Hreppurinn getur hins vegar státað sig af nokkuð fjölbreytilegu fuglalífi og því að vera mikilvægur varp- og viðkomustaður fugla.

Hvað viðkemur lífríki í ám og vötnum, hefur ein rannsókn verið gerð á botndýralífi í Straumfjarðará, en auk þess ætti veiði sem stunduð hefur verið á svæðinu um árabíl, að gefa vísbendingar um lífríki í ám og vötnum.

1.6.1 Gróðurfar

Gróðurlendi í efri hluta hreppsins nær fjöllum eru all víðáttumiklir stararflóar, meira brok og fífa um miðbik sveitarinnar, en flóar og fen nær sjó. Eftirfarandi kafli um gróðurfar byggir á gögnum frá Nytjalandi, verkefni sem miðaði að því að búa til samræmda jarðabók yfir allar bújarðir á Íslandi. Verkefnið var á vegum Landbúnaðarháskóla Íslands (áður Rannsóknarstofnunar landbúnaðarins), Landgræðslu ríkisins, Bændasamtaka Íslands og Landbúnaðarráðuneytisins.

Við þessa vinnu notaði Nytjaland Landsat 7 og SPOT 5 gervitunglamyndir til að greina gróðurflokka á yfirborði lands. Þegar verkefninu lauk hafði ekki tekist að segja fyrir um 22 - 24% landsvæðis í Eyja- og Miklaholtshreppi með óyggjandi hætti, þar sem ský eða snjóhula torveldaði sýn. Þau svæði sem greind hafa verið, eru greind með 80 - 85% áreiðanleika.

Tafla 2 sýnir stærstu gróðurflokka í Eyja- og Miklaholtshreppi auk lýsinga á þeim samkvæmt skilgreiningum Nytjaland.



Ytra-Skógarnes – Ljósm. RÍ

Tafla 2. Skipting gróðurfars í Eyja- og Miklaholtshreppi.

Gróður-flokkur	Yfirborð	Lýsing
Lítt gróið	11 -13%	Lítt gróin svæði, þar sem gróðurþekja er ávallt undir 20% miðað við lóðrétt ofanvarp og einkennast þau svæði fyrst og fremst af urð og grjóti, klettum og sandauðnum. Sérkenni gróðurfars á svæðunum eru plöntur með víðtækt rótarkerfi og plöntueinstaklingarnir standa oft fjarri hver öðrum.
Hálfgróið	10 - 12%	Hálfgróin svæði þekja um 10 - 15% af yfirborði svæðisins. Þar er átt að land með litla framleiðslugetu og gróðurhulu sem þekur 20 - 50% landsins, annað er mold, sandur, grjót eða klöpp. Tegundasamsetning platna er breytileg og getur gróður bæði verið að nema land á þessum svæðum, en einnig getur verið um gróðurleifar að ræða í röskuðu landi.
Mosi	3%	Land telst til þessa flokks þar sem mosi þekur um eða yfir 2/3 hluta yfirborðsins og framleiðni annars gróðurs er takmarkaður. Með mosa vaxa oft grös, starir og smárunnar.
Rýrt mólendi	21 - 25%	Rýrt mólendi þekur um 30 - 35% þess svæðisins, sem hefur verið greint með nokkuð óyggjandi hætti af Nyttjalandi. Yfirleitt er hér um að ræða fremur þurrland móasvæði sem einkennist af lélegum beitarplöntum, á borð við lyng, þursaskegg og móasef. Oft er hér um að ræða svæði sem hefur hnignað verulega vegna beitar, eða svæði sem umhverfisaðstæður draga úr framleiðslugetu landsins, svo sem hátt til fjalla.
Ríkt mólendi	9%	Í ríku mólendi er uppskeran mun meiri en í rýru mólendi, vegna aukinnar hlutdeildar vinsælla beitarplantna (grasa og blómplantna) í gróðurþekjunni. Jarðvegur er yfirleitt þykkur og yfirborðið oftast þýft. Landið er mjög fjölbreytilegt hvað gróðursamsetningu varðar. Þar eru ýmsir smárunnar oft áberandi, sem og víðir. Alltaf er talsvert af grösum og oftast nokkur mosi í sverði.
Graslendi / ræktað land	2 - 5%	Grös einkenna graslendi, en í þennan flokk falla einnig svæði þar sem blóm eru ríkjandi og allan jafnan nefnast blómlendi. Graslendi er alla jafna uppskeruríkt og er það einkum að finna þar sem umhverfisaðstæður eru hagstæðar gróðri. Jarðvegur er fremur þurr. Graslendi þekur oft stór svæði við brekkurætur og gróður ár- og lækjarbakka telst oft einnig til þessa flokks. Ræktað land, þar er fyrst og fremst átt við tún og önnur ræktað svæði, s.s. kornakra og grænmetisrækt.
Votlendi / Hálfdeigja	7 - 10%	Í flokkinn votlendi falla gróðurlendin mýri, hallamýri og flói, og er fjölbreytileiki þess mikill. Í þennan flokk falla gróðurlendin hálfdeigja, jaðar og framræst votlendi sem ekki er farið að bera augljós merki gróðurbreytinga yfir í þurrlandi (vallendi eða mólendi). Hálfdeigja einkennist af tegundum sem ýmist eru komnar úr votlendi eða af þurrlandi.
Skógur / kjarrlendi	0%	Um getur verið að ræða náttúrulegan birkiskóg, lágvaxið kjarr eða ræktaðan skóg. Trjágróðurinn rís upp fyrir graslagið en getur verið mjög mishár. Mörkin á milli mólendis og kjarrgróðurs miðast við hnéháan kjarrgróður (víði og birki) og þekja hans þarf að vera 50% í lóðréttu ofanvarpi.
Vatn	4%	Í sumum tilvikum kann að koma upp spurning um flokka. Hvort tjarnir í votlendi skuli teljast vatn eða sem hluti votlendisins. Í þessum flokki eru þær tjarnir og þau vötn sem ekki eru talin hluti votlendis.
Ský / snjór	14 - 16%	Í þennan flokk fara þau svæði sem ekki hafa enn verið greind með tilliti til gróðurfars. Ástæður eru ský á himni eða snjór á jörðu.

Heimild: www.nyttjaland.is

Hér skal aðeins vakin athygli á því að votlendi/hálfdeigja er skilgreint sem 7 - 10% af landi í hreppnum og þar með eru talin framræst svæði, sem ekki eru farin að bera augljós merki gróðurbreytinga. Allmikið óraskað eða lítt raskað votlendi er í hreppnum og er þar einkum átt við Laxárbakkaflóa, Glámsflóa og votlendið norðvestur af Stakkhamri. Slík votlendissvæði eru orðin sjaldgæf nú á dögum.

1.6.2 Fuglalíf

Nokkrar fuglaathuganir hafa farið fram á vissum stöðum innan sveitarfélgsins í tengslum við vega- og virkjanagerð. Niðurstöður þeirra rannsókna gefa ekki til kynna neina sérstöðu sem hægt er að nýta við skipulagsgerð. Hins vegar eru Löngufjörur, eins og sjá má í kafla 1.14, talið afar mikilvægt svæði fyrir fugla. Er þar að finna fjölbreytta fínu fugla, auk þess sem svæðið er mikilvægur varpstaður hafarnar og áriðandi viðkomustaður bæði margæsa og rauðbrystinga. Meðal þeirra sem skoðuðu fuglalíf á svæðinu frá fjöru til fjalls í nokkur ár upp úr miðri síðustu öld var Árni Waag. Gögn hans voru afhent Náttúrufræðistofnun eftir lát hans.

Heimild: Náttúrustofa Vesturlands og Hjálmar Árnason

1.6.3 Lífríki áa og vatna/veiði

Athugun fór fram á botndýralífi í Straumfjarðará árið 2004 vegna gerðar Múlavirkjunar. Reyndist þéttleiki botndýra nokkuð mikill miðað við dragár almennt á Íslandi og voru rykmýslirfur ríkjandi botndýr í ánni.

Heimild: Veiðimálastofnun

Bæði Straumfjarðará og Haffjarðará í Eyja- og Miklaholtshreppi eru landspekktar laxveiðiár.

Straumfjarðará er vestasta laxveiðiá á Snæfellsnesi og gengur fiskur upp ána allt að Rjúkandafossi eða um 11 km leið.

Mynd 7 sýndir fjölda veiddra laxa í ánni á tímabilinu 1998 – 2007. Meðalfjöldi veiddra laxa á tímabilinu voru 377, flestir voru þeir árið 2006 eða 671, en fæstir árið 2001, en það ár veiddust 191 laxar í ánni.

Þá er einnig nokkuð um bæði urriða og bleikju í ánni.


Veiðihús er við ána og er það í landi Dals (u.þ.b. 10 rúm).

Einnig er veiðihús við Laxá í landi Litlu Þúfu (u.þ.b. 6 rúm).

Haffjarðará er ein þekktasta laxveiðiá landsins og þykir einstaklega örugg, þannig að sveiflur milli ára eru minni en víðast annars staðar. Mynd 7 sýnir fjölda veiddra laxa í ánni á tímabilinu 1998 – 2007. Var meðalfjöldi veiddra laxa á tímabilinu 928 og veiddust flestir árið 2006 eða 1290 laxar. Minnst veiði var í ánni árið 2001, þegar 532 laxar veiddust.

Nokkuð er um bæði urriða og bleikju í ánni.

Veiðihús „Neðri hús“ er við ána, staðsett í landi Geiteyrar (u.þ.b. 12 rúm).



Mynd 7. Fjöldi veiddra laxa á tímabilinu 1998 - 2007.

Heimild: Veðurstofa Íslands

Þá er nokkur silungsveiði, bæði urriði og bleikja í Baulárvallavatni og er fiskur þar af þokkalegri stærð af vatnafiski að vera.

Heimild: www.angling.is og Guðni Guðbergsson

1.7 Skógar og skógrækt

Eyja- og Miklaholtshreppur er í umdæmi Vesturlandsskóga og eru ráðgjafar starfandi á Hvanneyri í Borgarbyggð. Á vorþingi Alþingis árið 2006 voru lög nr. 95/2006 um landshlutabundin skógræktarverkefni samþykkt og segir þar að megentilgangur og markmið þeirra sé að „*skapa skógarauðlind á Íslandi, rækta fjölnytjaskóga og skjólbelti, treysta byggð og efla atvinnulíf, skal eftir því sem nánar er ákveðið í fjárlögum hverju sinni veita fé til verkefna í skógrækt sem bundin eru við sérstaka landshluta. Í hverju landshlutaverkefni skal stefnt að ræktun skóga á að minnsta kosti 5% af flatarmáli láglendis fyrir neðan 400 m yfir sjávarmáli.*“

Árið 2008, voru 5 jarðir í Eyja- og Miklaholtshreppi með samning við Vesturlandsskóga (sjá töflu 3).

Tafla 3. Jarðir sem hafa gildandi skógræktarsamning við Vesturlandsskóga

Jörð	Stærð svæðis (ha)
Dalsmynni	30
Miklaholtssel	100
Rauðkollsstaðir	30
Söðulholt	76
Þverá	33
Samtals	269

Heimild: Vesturlandsskógar

1.8 Náttúruvernd

Stór svæði í sveitarfélaginu eru á Náttúruminjaskrá 1996 (sjá kafla 1.8.1). Eitt þeirra er tekið sérstaklega fyrir í Náttúruverndaráætlun 2004 - 2008 og 2009 - 2013 (sjá kafla 1.8.2).

1.8.1 Náttúruminjaskrá 1996

Í Eyja- og Miklaholtshreppi eru fjögur svæði á Náttúruminjaskrá 1996 og eru þau talin upp í töflunni hér á eftir.

Tafla 4. Svæði í Eyja- og Miklaholtshreppi sem eru á Náttúruminjaskrá 1996.

Svæði	Lýsing
Löngufjörur	(1) Fjörur og grunnsævi ásamt strandlengju, eyjum og skerjum frá Ökrum og Hvalseyjum í Borgarbyggð vestur fyrir Sauratjörn í Eyja- og Miklaholtshreppi og Snæfellsbæ, svo og Sauratjörn sjálf auk Laxárbakkaflóa og Glámsflóa. (2) Grunnsævi, víðáttumiklar leirur, sandfjörur og fitjar, auk fjölda eyja og skerja. Blautir brokflóar. Afar mikilvægt svæði fyrir fuglalíf. Nr. 214 í Náttúruminjaskrá 1996
Gerðuberg/Þórisberg	(1) Stuðlabergsbelti milli bæjanna Gerðubergs og Ytra-Rauðamels, ásamt brekkunum niður að þjóðvegi. (2) Tilkomumikið stuðlað hraunlag og gróskumiklar blómabrekkur. Nr. 216 í Náttúruminjaskrá 1996
Rauðamelsölkelda	(1) Ölkeldan og næsta nágrenni hennar. (2) Ein af merkari ölkeldum landsins. Nr. 218 í Náttúruminjaskrá 1996.
Baulárvallavatn	Vatnið er að hluta til í Eyja- og Miklaholtshrepps, hreppamörk við Helgafellssveit liggja um vatnið. Tilheyrir heild sem nefnist Berserkjahraun, Hraunsfjörður og nálæg vötn, nr. 227 í Náttúruminjaskrá 1996.

1.8.2 Náttúruverndaráætlun 2004 – 2008

Árið 2003 lagði Umhverfisstofnun fram tillögu, sem bar heitið *Náttúruverndaráætlun, aðferðafræði - Tillögur Umhverfisstofnunar um friðlýsingar*, til umhverfisráðherra og var þar lagt til að 75 svæði á Íslandi yrðu vernduð. Tilgangur þessa var að með friðlýsingu svæðanna ásamt friðlýsingu sjaldgæfra tegunda plantna myndi verndun þeirra tegunda fugla og plantna, sem helst eru verndarþurfi á landinu vera tryggð sem og verndun helstu flokka íslenskra jarðminja, verndun mikilvægustu náttúrlegu birkiskóga landsins og verndun mikilvægra vatnakerfa.

Í tillögu Umhverfisstofnunar var eitt svæðanna sem lagt var til að unnið yrði að friðlýsingu á (Löngufjörur) að hluta til í Eyja- og Miklaholtshreppi (sjá töflu 5).

Tafla 5. Svæði sem voru meðal tillagna Umhverfisstofnunar um friðlýsingu fyrir Náttúruverndaráætlun 2004 – 2008.

Svæði	Verndunar-tillaga	Lýsing	Stærð svæðis
Álftanes, Akkrar og Löngufjörur	Friðland	Mjög fjölbreytt fuglalíf, mikilvægur viðkomustaður farfugla, leira og fjölbreytt og lífrík fjara. Alþjóðlegt náttúruverndargildi. Lykiltegundir: Haförn, margæs og rauðbrystingur	460,3 km ²

Í tillögu til þingsályktunar um náttúruverndaráætlun 2004 – 2008 (þskj. 716) sem byggði á tillögu Umhverfisstofnunar kemur fram að Alþingi álykti „... með vísan til 65. gr. náttúruverndarlaga, nr. 44/1999, að á næstu fimm árum skuli unnið að friðlýsingu fjórtán svæða á landinu til að stuðla að traustari vernd íslenskrar náttúru og framkvæmd alþjóðlegra samninga um náttúruvernd hér á landi.“


Löngufjörur eru eitt þessara svæða. Í nýjustu Náttúruverndaráætluninni 2009 - 2013 sem samþykkt var á Alþingi í febrúar 2010 er þessi verndunartillaga enn áréttuð.

Heimild: Umhverfisstofnun og Alþingi.



Útsýni út yfir Löngufjörur úr stofunni í Ytra-Skógarnesi – Ljós. PJL

Skýringarkort 1. Friðlýst svæði og svæði á Náttúruminjasrá 1996 í Eyja- og Miklaholtshreppi og nágrennabyggðum.



Heimild: Lovísa Ásbjörnsdóttir

1.9 Helstu niðurstöður

- Svæðið einkennist af tilkomumiklum fjöllum, fjölbreytilegrar gerðar með sérstakri jarðsögu, fremur flötu landi þegar fjöllum sleppir og sérstakri strönd, sem einu nafni nefnist Löngufjörur. Veðurfar í Eyja- og Miklaholtshreppi mótast mjög af fjallgarðinum norðan byggðarinnar sem og af Hafursfelli. Vindasamt er í norðlægum áttum og sums staðar einnig í þeim austlægu. Mjög úrkomusamt er á svæðinu, einkum í suðlægum áttum.
- Náttúruvá er ekki fyrir hendi í hreppnum, nema að því frátöldu að hvassviðris getur gætt þar.
- Ljósufjallabyrpingin, sem trónir yfir sveitarfélaginu, er einstaklega merkileg frá jarðfræðilegu sjónarmiði. Svæðið umhverfis Haffjarðará allt til sjávar er einnig afar merkilegt í jarðfræði- og náttúrufarslegu tilliti. Austan árið er Gullborgarhraun og neðar Eldborgarhraun, sem gengur þar allt fram til sjávar. Vestan árið umhverfis Ytri- Rauðamel og þar norður og vestur af er svo Nikurhraun, sem er komið úr Ytri- Rauðamelskúlu. Þegar neðar dregur skiptast á votlendi og holt sem bæirnir eru byggðir á s.s. Akurholt, Hrossholt, Kolviðarnes, Hömluholt og fleiri bæir. Vestar taka við votlendissvæði upp af Löngufjörum. Allt eru þetta stórmerkileg svæði með tilliti til náttúrufars og full af söguminjum. Jarðhiti og heitar laugar eru í hreppnum. Merkust lauga er Rauðamelsölkelda, sem talin er hafa lækningamátt. Vatnsföll eru nokkur í Eyja- og Miklaholtshreppi. Þeirra stærst eru Haffjarðará og Straumfjarðará, sem báðar eru landspekkar veiðiár.
- Lítið er vitað um lífríki í sveitarfélaginu en nokkuð fjölbreytt fuglalíf er þar.
- Margir fallegir fossar eru í ám á svæðinu.
- Í sveitarfélaginu eru fjögur svæði á Náttúruuminjaskrá 1996. Eitt þeirra svæða Löngufjörur og aðliggjandi svæði er á Náttúruverndaráætlun 2004 – 2008 og sömuleiðis á Náttúruverndaráætlun 2009 - 2013, báðar samþykktar á Alþingi.




Fossaröð í Selá - Ljósm. RÍ

2. kafli - Forsendur: Samfélag



Á Löngufjörum

Skýringarkort 2. Landnám og landnámsjarðir í Eyja- og Miklaholtshreppi



2.1 Sögu- og menningarminjar

Töluvert hefur verið ritað um sögu og menningu í Eyja- og Miklaholtshreppi. M.a. hefur Fornleifastofnun Íslands unnið að úttekt á svæðisskráningu fornleifa í sveitarfélaginu og sett niðurstöður fram í greinargerð sem nefnist Menningarminjar í Eyja- og Miklaholtshreppi (FS 253-04091), en hún kom út árið 2004. Fornleifastofnun Íslands hefur einnig unnið sérstaka fornleifaskráningu í landi Stakkhamars og Borgarholts árið 2005 (FS 299-0524).

2.1.1 Söguágrip Eyja- og Miklaholtshrepps

Landnám skiptir miklu máli þegar byggðarsaga sveitarfélags er rannsökuð, því þeir sem koma fyrstir gátu tekið bestu löndin og mótuðu oft þá byggð, sem fylgdi í kjölfarið. Ætla má að bæir hafi byggst snemma þar sem fóru saman góð skilyrði til búfjárræktar og fjölbreytileg hlunnindi, svo sem fjörubeit, sumarstarfarland, vetrarþétt, útræði, reki, æðarvarp eða selveiði eftir því hvað fyrir hendi var á hverjum stað.

Sel-Þórir Grímsson á Ytra-Rauðamel er fyrsti landnámsmaður á þessu svæði. Hann nam land frá Gnúpá (nú Núpá) til Kaldár. Gnúpá rennur til sjávar fyrir vestan Haffjarðará, sem næst samhliða henni en miklu bugðóttari (sjá nánar í FS 253-04091).

Í Landnámu er sagt frá því, þegar landnámsmaðurinn á Ytra-Rauðamel, Sel-Þórir Grímsson, gamall og blindur, sá jötun róa kveld eitt upp í Kaldárós og koma af stað jarðeldi, og þá brann Borgarhraun (Eldborgarhraun). Bærinn er sagður reistur í Borgarfirði undir hinum ytra af tveimur rauðum sandmelum. Það er þessi bær sem í mörgum sögum er aðeins nefndur Rauðimelur og eftir honum nefndist ættin sem bjó þar, Rauðmelingar og goðorð þeirra Rauðmelingagoðorð (Eyrbyggja 156). Rauðmelingagoðorð heyrði (að sögn Eyrbyggju) til Þórsnesþings, en vegna deilna við

Snorra goða skildist með þeim og goðorðsmaðurinn Þorsteinn Rauðmelingagoði, sem þá var við þingið á 11. öld stofnaði sérstakt þing fyrir goðorðið og hélst það alllengi. Sá þingstaður var á Búðarhamri í Straumfirði (ytri).

Fyrir vestan Sel-Þóri nema land, skv. Landnámu, bræðurnir Þormóður og Þórður Gnúpa-Oddssynir. Náði landnám þeirra að Straumfjarðará og á Þórður að hafa búið í Gnúpudal en Þormóður, kallaður goði, á Rauðkollstöðum.

Guðlaugur hinn auðgi, sem talinn er sonur Þormóðs goða, nam land frá Straumfjarðará að ánni Furu, sem rennur til sjávar skammt fyrir austan Staðarstað. Guðlaugur auðgi bjó í Borgarholti og var sonur hans Guðleifur, farmaður mikill. Í Eyrbyggju er að finna frásögn af hrakningum Guðleifs vestur um haf, þar sem hann á að hafa hitt fyrir Björn Breiðvíkingakappa, sem þá var horfinn úr landi.

Telja má líklegt að jarðir, þar sem guðshús voru, hafi byggst á 11. öld. Sóknarkirkjur voru í Haffjarðarey og í Miklaholti. Haffjarðarey fór í eyði árið 1563 og var þá reist lítil kirkja í Hrossholti, en árið 1570 var byggð sóknarkirkja á Ytri-Rauðamel.

Flestar jarðir í hreppnum koma fram í miðaldaheimildum. Haushúsa, Fáskrúðarbakka, Borgar, Svarfhóls og Höfða er getið í Sturlungu. Hörgsholts er getið í Landnámu, þótt jörðin sé ekki landnámsjörð. Hrossholts er getið í Heiðarvígasögu, Grettissögu og Eyrbyggju.

Af dýrleika jarða má fá vísbendingu um gæði jarða, en dýrleikinn var fasteignamat, sem virðist hafa verið fastsett snemma, a.m.k. á 12. öld. Sennilega má þó telja að þær jarðir, sem bestar voru taldar til búsetu, hafi byggst fyrst og séu dýrustu jarðirnar.



Gamall kirkjugarður á Ytra-Rauðamel – Ljósm. GJ

Tafla 6 sýnir samanburð tveggja heimilda á dýrleika jarða í Eyja- og Miklaholtshreppi, Annarsvegar mat í Jarðabók Árna og Páls frá árinu 1714 og hinsvegar í Jarðatali Johnssens frá árinu 1847.

Tafla 6. Dýrleiki jarða í Eyja- og Miklaholtshreppi skv. Jarðabók Árna og Páls (1714) og Jarðatali Johnssens (1847).

Nafn jarðar	Dýrleiki 1714 í hdr	Eigandi	Dýrleiki 1847 í hdr	Eigandi
Hrossholt	13	konungseign	13	konungseign
Kolviðarnes	16	bændaeign	16	bændaeign
Hausthús		kirkjueign	16	kirkjueign
Haffjarðarey		kirkjustaður		
Hólsland	16	kirkjueign	16	kirkjueign
Hömluholt	15	kirkjueign	16	kirkjueign
Rauðkollsstaðir	16	½ kirkjueign	16	bændaeign
Hrútsholt	13	konungseign	13	konungseign
Söðulsholt	13	konungseign	13	konungseign
Dalsmynni	13	konungseign	13	konungseign
Þverá	16	konungseign	16	konungseign
Höfði	24	bændaeign	20	bændaeign
Rauðimelur (ytri)	40	bændajörð	30	bændaeign
Gerðuberg	13	konungseign	13	konungseign
Akurholt	13	konungseign	13	bændaeign
Fáskrúðarbakki	26	konungseign	26	konungsumboð
Eiðhús	13	konungseign	13	
Straumfjarðartunga	13	konungseign	13	konungseign
Stakkhamar	26	konungseign	26	konungseign
Borgarholt	30	konungseign	32	konungseign
Hofsstaðir	30 (50)	bændaeign	20	bændaeign
Lágafell syðra	13	konungseign	13	konungseign
Lágafell ytra	16	konungseign	16	konungseign
Hrísdalur		hjáleiga	10	bændaeign
Dalur	26	konungseign	26	konungseign
Hjarðarfell	26	konungseign	26	konungseign
Moldbrekka		hjáleiga		hjáleiga
Miðhraun	26	konungseign	26	konungseign
Hörgsholt	24	konungseign	26	konungseign
Borg	24	bændaeign	16	bændaeign
Klofárvellir	12	bændaeign	12	bændaeign
Svarfhóll	16	bændaeign	16	bændaeign
Gröf	16	bændaeign	16	bændaeign
Litla-Þúfa	8	bændaeign	8	bændaeign
Stóra-Þúfa	16	bændaeign	16	kirkjueign
Miklaholt		kirkjustaður		kirkjustaður
Sel		hjáleiga		hjáleiga
Syðra-Skógarnes	32	bændaeign	30	bændaeign
Ytra-Skógarnes	24	konungseign	24	konungseign
Laxárbakki	16	bændaeign	16	bændaeign

Stakkhamar og Borgarholt

Í skýrslu Fornleifastofnunar um Stakkhamar og Borgarholt (FS 299-0524) kemur fram að Búðarhamars í landi Stakkhamars er fyrst getið í Eyrbyggju, sem talin er rituð á fyrri helmingi 13. aldar. Þar er tvisvar getið um minjasvæði, en þó eru þau mismunandi gerðar.

Annars vegar segir frá verslunarstaðnum Búðarhamri í Straumfirði í Hnappadalssýslu, sem nefndur hefur verið Straumfjörður ytri, en hins vegar er getið um sama stað sem þingstað. Þar stóðu verslunarbúðir erlendra kaupmanna, sem þar höfðu aðsetur yfir sumarið.


Hvað varðar þingstaðinn á Búðarhamri er sagt frá því að Þorsteinn úr Haffjarðarey Rauðmelingagoði hafi tekið Rauðmelingagoðorð úr Þórsnesþingi, eins og fyrr er dregið á og haldið þing lengi síðan í Straumfirði vegna deilna við Snorra goða.



Stakkhamarsnes –Ljósm. GHG.

Aðgangur að Búðarhamri er aðeins greiðfær á skipum eða meðfram ströndinni, því á aðra vegu er staðurinn umleikinn blautum flóum. Þegar Eggert Ólafsson og Bjarni Pálsson ferðuðust um landið 1752 - 1757 segir, að þeir félagar hafi fundið rústir 5 stórra húsa á Búðarhamri. Fyrstu nákvæmu lýsingarnar á tóftunum og umhverfi þeirra skrifar síðan Kristian Kaalund handritafræðingur á árunum 1872 - 1874. Árið 1891 rannsakaði Sigurður Vigfússon á vegum Hins íslenska fornleifafélags rústirnar og síðar árið 1910 teiknaði Brynjúlfur Jónsson fulltrúi Hins íslenska fornleifafélags uppdrátt af minjastaðnum. Minjastaðurinn á Búðarhamri var síðan friðlýstur árið 1929 á grundvelli þeirrar lýsingar.

Skýringarkort 3. Búðarhamar eða Straumfjarðarþingstaður



Uppdráttur Brynjólfs Jónssonar úr Árbók hins íslenska fornleifafélags.

Í nágrenni við minjastaðinn sjálfan eru sagðar leifar af þremur býlum, sem nefnast Brekka, Skallastaðir og Langanes. Í máldaga Helgafellsklausturs frá árinu 1378 er þessara býla getið. Þá átti klaustrið á Helgafelli hluta þeirra. Um svipað leyti heyrði Stakkhamar einnig undir klaustrið. Talið er að jarðirnar fyrrnefndu hafi síðar fallið undir Stakkhamar og Borgarholt, því þær jarðir höfðu stækkað umtalsvert árið 1847 í Jarðabók Johnssen. Í skráningu fornleifa í Borgarholti er getið um að eyðihjáleigan Göngustaðir hafi verið á jörðinni og einnig er sagt að þarna hafi verið hálfkirkja og kirkjugarður. Þá kemur fram á túnakorti frá árinu 1919 að bærinn í Borgarholti var umvafinn kálgörðum á þeirri tíð. Bæjarhóllinn hefur hins vegar verið sléttaður út og fornleifum spillt. Talað er um að á svæðinu við Stakkhamar og Borgarholt hafi á 14. öld verið um að ræða vissa þéttbýlismyndun.

Í Jarðabók Johnssens er sagt að á Búðartorfu fremst á Stekkhamarnesi (nú Stakkhamarsnesi) megi greina allmargar verbúðartóftir og naust. Sagt er, að þaðan hafi áður gengið 14 - 18 bátar seinni hluta vetrar og á vorin. Á bls. 15 í skýrslu Fornleifastofnunar (FS299-0524) er nánari lýsing á minjunum. Þær eru taldar í stórhættu vegna rofs.

Öðru máli gegnir um minjarnar á Búðarhamri og nágrenni, sem teljast vel varðveittar minjar. Segir í niðurstöðu fornleifakönnunar að minjar í landi Stakkhamars og Borgarholts séu stórmerkilegar minjar og því afar áhugavert að rannsaka þetta svæði betur. Fá þurfi nákvæmari mynd af heildarfjölda tófta og gera könnunarskurði til að sjá, hvort hægt væri að aldursgreina minjarnar og býlin í nágrenninu. Slíka könnun mætti svo bera saman við kannanir á öðrum verslunarstöðum t.d. á Gásum og þingstöðum s.s. Þingvöllum á Þórsnesi, Þingey o.fl.

Árið 1894 flutti alþingismaður Snæfellinga, Eiríkur Gíslason prestur á Staðarstað, frumvarp til laga um löggildingu verslunarstaðar á Stakkhamri. Mál þetta náði fram að ganga og hlaut verslunarstaðurinn löggildingu. Brátt voru hafnar þangað siglingar og verslun sett á fót. Fljótlega komu fram gallar varðandi þessa hafnaraðstöðu og var staðurinn brátt lagður af sem verslunarstaður. Árið 1905 var síðan löggiltur nýr verslunarstaður í Skógarnesi.

Sú var forsenda verslunarmálsins að búendur sunnan fjalla á Snæfellsnesi áttu til kaupstaðar að sækja um fjallvegi, til Ólafsvíkur um Fróðárheiði og til Stykkishólms um Kerlingarskarð. Á vetrum urðu þessir fjallvegir oft langvarandi ófærir af snjóalögum og ávallt þóttu þeir erfiðir yfirferðar með hvers konar flutning, einkum þó timbur. Suðursveitarmenn, einkum Hnappdælingar vildu ráða bót á þessum erfiðleikum á þann hátt, að fá löggiltan verslunarstað þar í héraði og þangað yrði fluttur kaupstaðarvarningur sjóleiðis til bænda og afurðir þeirra teknar um leið. Þingmaður Snæfellinga Lárus H. Bjarnason sýslumaður flutti málið á Alþingi.

Verbúðir og verslun í Skógarnesi (Skógarneshólma)

Úr Skógarneshólma eða Hólma hefur verið útræði frá ómunatíð, enda stutt á fengsæl fiskimið. Um aldamótin 1500 er þar stærsta útver á þessum slóðum með sjö verbúðum. Er svo allt fram yfir árið 1714, en um miðbik þeirrar aldar eru þær orðnar fimm. Verbúðirnar voru á Búðarhólma, þar sem tvö verslunarhús risu síðar.



Rústir húsa í Skógarnesi – Ljósmynd. RÍ

Hafnarmannvirki hafa þar hins vegar aldrei orðið nein. Einnig er getið um verbúðir á Melnesi. Upp úr árinu 1890 hefjast reglubundnar skipaferðir með fólk og flutninga frá Reykjavík í Skógarneshólma. Skömmu síðar fara að koma þangað lausakaupmenn með vörur sínar. Það var hins vegar verslun Tang og Riis í Stykkishólmi, sem reið á vaðið með byggingu verslunarhúss í Skógarnesi. Sú verslun átti mikil viðskipti við Hnappdælinga um langt árabil. Með tímanum og gerð vegar frá Borgarnesi og vestur um Mýrar alla leið í Hnappadal breyttist verslunarmynstrið á þann veg, að menn fóru í vaxandi mæli að versla í Borgarnesi.

Engu að síður var verslun í Skógarnesi fram til ársins 1934, en það ár voru í Skógarnesi eftirtalin hús: Verslunarhús (voru tvö um tíma), sláturhús, byggt árið 1916, íbúðarhús, byggt árið 1918, fjós og hlaða. Eftir að verslunin hætti voru mannvirkin seld. Verslunarhúsið var tekið niður og flutt að Hömluholti, þar sem það

var endurbyggt sem íbúðarhús. Það hús brann árið 1965. Íbúðarhúsið var endurbyggt að Vegamótum og notað þar sem veitinga- og gistihús. Var það fyrsta húsið sem þar var reist, og stóð lengi austast í húsaröðinni þar í lítt breyttri mynd, en er nú horfið. Sláturhúsið var flutt að Ytra-Rauðamel og reist þar að nýju sem fjós og hlaða. Grunnar þessara húsa sjást enn í Skógarnesi og segja til um staðsetningu þessara mannvirkja.

Enginn mun halda því fram nú orðið að hafnarskilyrði séu góð í Skógarnesi. Þar er skerjótt fyrir landi, brimasamt við ströndina og botnlagið að sögn ekki alls staðar hentugt fyrir akkeri og skipafestar.

Heimildir: Menningarminjar í Eyja- og Miklaholtshreppi skýrslur Fornleifastofnunar, Kaalund II, Bæirnir byggjast, Byggðir Snæfellsness og Reynir Ingibjartsson

En það eru ekki eingöngu jarðirnar við ströndina sem eiga sér athyglisverða sögu. Víða í sveitarfélaginu eru merkar minjar og sögur um viðburði og íbúa, sem ástæða væri til að vekja athygli á. Hér skal fáeinna getið.

Frá fyrstu tíð má t. d. minnst fyrstu húsfreyjunnar, sem nefnd er í Miklaholtshreppi. Hún hét Þuríður og var dóttir Tungu-Odds á Breiðabólstað í Reykholtssdal. Þuríður bjó í Hörgsholti. Landnáma lýsir henni sem lækni og mannasætti.

Nefna má einnig þá staðreynd að einn al glæsilegasti Íslendingur sinnar tíðar Eggert Ólafsson náttúrufræðingur, skáld, hugssjónamaður og varalögmaður valdi að reisa sér bú að Hofsstöðum árið 1767 og hóf þá þegar túnræktun þar og sléttun. Þetta var tíu árum eftir að hann ferðaðist um allt Ísland og kynnt sér aðstæður á landinu (Ferðabók Eggerts og Bjarna). Til Hofsstæða var hann að flytast búferlum frá Sauðlauksdal árið 1768, þegar hann, kona hans og skipshöfn fórst á Breiðafirði. Forvitnilegt rannsóknarefni gæti verið að komast að því hvers vegna hann valdi Hofsstæði til búsetu.

Borgarborg

Í landi Borgar er mikil og sérkennileg klettaborg umkringd háu standbergi allt um kring. Borgin eða Borgarborg eins og hún er yfirleitt kölluð er liðlega 200 m í þvermál og hæðin 20 - 30 m. Klífa þarf einstigi til að komast upp á Borgina. Almælt hefur verið að ljós sæjust stundum í Borgarborg á vetrarkvöldum, björt og skær, jafnan suðaustan í klettunum. Eru að þessu mörg vitni.

Almennt er talið að bannhelgi hvíli á Borgarborg. Þar má ekki fugl drepa eða neina skepnu né heldur, jarðrask gera eða steinum kasta. Þetta hefur verið virt að því er best er vitað fram á þennan dag.



Borgarborg – Ljós. ÞJ

Frásögn er í Sturlungu, Íslendingasögu Sturlu Þórðarsonar, sem ótvírætt á við Borgarborg og atburði þá sem þar gerðust og nú verður greint lítillega frá.

Það var sumarið 1234, fjórum árum fyrir Örlygsstaðabardaga sem atburðirnir áttu sér stað. Ófriður er þá með mesta móti meðal Sturlunga. Deiluaðilar að þessu sinni voru bræðurnir Snorri Sturluson og Þórður Sturluson, yfirleitt friðsemdarmenn og síðan synir þeirra, miður friðsamir, Órækja Snorrason, Böðvar Þórðarson (faðir Þorgils Skarða) og Sturla Þórðarson, sagnaritari.

Sturla bjó á þessum tíma á Eyri (Hallbjarnareyri) við Breiðafjörð og átti bú víðar. Böðvar bjó á Stað (Staðarstað), Sturla hafði bú á Staðarhóli og Reykhólum, en Órækja sat í Vatnsfirði við Djúp og hafði þar bú mikið. Ekki verður nánar farið út í ástæður þessara deilna, ferðalaganna og aðgerðanna er af þeim leiddu. Deilunum lauk hins vegar eftir að Böðvar og hans lið komst upp á Borgarborg, en her Órækju var fyrir neðan Borgina. Þá var leitað sátta, sem tókust. Það er því söguleg staðreynd að fyrir einstaka varnaraðstöðu á Borgarborg tókst að fá þar sett grið með mönnum og sættir og afstýra þannig háskalegum átökum og mannvígum. Hefði liðsflokkum þessum lostið saman með fullri tölu á báðar hendur má vafalaust gera ráð fyrir að þarna hefði orðið meiri háttar orrusta, líklega sú þriðja eða fjórða stærsta á þeirri öld að mannfjölda til.

Heimild: Sigurður Ólason

Hér verður ekki meira sagt um sögu þessa merkis hrepps og merka íbúa hans, þótt nægt sé efnið. Það sem hér hefur verið dregið fram ætti þó að nægja til að vekja forvitni manna á þessu svæði og sérstöðu þess. Slíkt gæti hleypt styrkari stoðum undir aukin tækifæri í ferðamennsku á svæðinu.

2.1.2 Fornleifakannanir og friðlýstar fornminjar

Fram kemur í skýrslunni um menningarminjar í Eyja- og Miklaholtshreppi að fornleifakannanir og skráningar hafa farið fram á svæðinu allt frá árinu 1817, en þá var sóknarprestur á Íslandi sendur spurningalisti þar sem þeir voru beðnir um að gera grein fyrir mannvirkjum og gripum, sem fundust í sóknum þeirra. Síðasta samantektin er sú, sem nú liggur fyrir í tengslum við gerð Aðalskipulags Eyja- og Miklaholtshrepps 2008 - 2020. Þar segir m.a. í kafla 1.23.1.1 frá helstu tegundum menningarminja og ástandi þeirra og að alls hafa verið skráðar 856 fornleifar á 40 jörðum.

Tafla 7. Tegundir fornleifa og fjöldi í Eyja- og Miklaholtshreppi.

Tegundir fornleifa	Fjöldi	Tegundir fornleifa	Fjöldi
Álagablettir	6	Heimild	581
Bæjarhólar	41	Hellir	1
Bæjarstæði	36	Laug	1
Dysjar	4	Þjóðsögur	4
Garðlag	1	Vörður	21
Gripir	1	Örnefni	159

Heimild: Fornleifastofnun Íslands

Samkvæmt „Skrá um friðlýstar fornminjar 1. útgáfu 1990“ eru sjö fornminjar friðlýstar í Eyja- og Miklaholtshreppi á einni jörð Stakkhamri, sjá í töflu 8.

Þennan stað friðlýsti Matthías Þórðarson árið 1929, en síðan hafa engar minjar verið friðlýstar á svæðinu. Tímabært þykir að hugað sé að frekari friðlýsingum í hreppnum.

Tafla 8. Friðlýstar fornminjar skv. þjóðminjalögum nr. 107/2001 í Eyja- og Miklaholtshreppi.

Staður	Lýsing	Friðlýsingarár
Stakkhamar	Búðartóftir sjö á Búðarhamri við Straumfjörð.	1929

Heimild: www.fornleifavernd.is

Augljóst er að saga svæðisins er á mörgum sviðum mjög áhugaverð og vel til þess fallin að nýta í vaxandi mæli í tengslum við útivist og ferðamennsku.

2.1.3 Húsafriðun

Í 1. gr. laga um húsafriðun nr. 104/2001 segir: „Tilgangur þessara laga er að varðveita íslenska byggingararfleifð, sem hefur menningarsögulegt gildi.“

Í 6. gr. segir eftirfarandi: „Öll hús, sem reist eru fyrir 1850, eru friðuð, svo og allar kirkjur reistar fyrir 1918. Eigendum húsa, sem reist eru fyrir 1918, er skylt að leita álits hjá húsafriðunarnefnd [...] ef þeir hyggjast breyta húsi sínu, flytja það eða rífa. Húsafriðunarnefnd skal innan 4 vikna tilkynna viðkomandi aðilum, að fenginni umsögn minjavarðar, hvort hún telur ástæðu til friðunar.“

Í Eyja- og Miklaholtshreppi hefur ein kirkja, kirkjan að Ytri-Rauðamel, verið friðuð (sbr. töflu 9). Þessari kirkju þjónaði sr. Árni Þórarinnsson í 48 ár eða frá vígsluári sínu til ársins 1934.

Þá fellur a.m.k. íbúðarhús að Ytra-Skógarnesi undir ramma álitsskyldu Húsafriðunarnefndar ríkisins skv. sömu lögum.

Tafla 9. Friðuð kirkja í Eyja- og Miklaholtshreppi skv. lögum um húsafriðun nr. 104/2001.

Kirkja	Byggingarár	Húsgerð	Forsmiður	Friðun
Ytri-Rauðamelur	1886	Timburkirkja með mænisþaki og turni	Jóhannes Jónsson	1990

Heimild: Húsafriðunarnefnd ríkisins og heimamenn

Þá skal getið athyglisverðra bygginga við Haffjarðará. Fyrst skal nefna húsasamstæðu fyrir veiðimenn á Geiteyri. Ofar, við Kvörn, er sumarbústaður Thors Jensen og móttökuhús, sem hann byggði, en Thor Jensen keypti allan veiðirétt í Haffjarðará upp úr aldamótunum 1900 og síðar keypti Richard Thors jarðirnar, sem að ánni lágu. Enn ofar við ána er býlið Höfði, sem fór í eyði árið 1986.

Við Rauðamel starfrækti Thor Jensen klakstöð strax eftir að hann eignaðist veiðiréttinn í Haffjarðará. Ástæðan var sú að áin var illa farin af ofveiði og friðaði hann jafnframt ána í nokkur ár.

Heimild: Ásgeir Gunnar Jónsson

Mjög merkilegt hús er í Ytra-Skógarnesi frá árinu 1892, sem þarfnast viðgerðar. Föst búseta hefur ekki verið í húsinu frá árinu 1948.

Í heimildum um svæðið er þess getið að fyrsta steinsteyppuhúsið í sveitinni hafi verið þinghúsið að Fáskrúðarbakka, sem reist var 1913. Húsið var síðar rifið, og var félagsheimilið Breiðablik reist á svipuðum slóðum árið 1947.

Annað samkomuhús/þinghús var í Dalsmynni. Það er nú notað sem veiðihús vegna Núpár. Það þriðja var að Þverá, en er nú að mestu rústir einar.

Á nokkrum jörðum í hreppnum mynda húspyrpingar laglega heild á bæjarhólum. Nánari könnun á mannvirkjum og slíkum heildum þyrfti að eiga sér stað í sveitarfélaginu.

Réttir. Miðhraunsrétt (MH-256:052), hlaðin rétt úr hraungrýti, var aflögð árið 1955, en hafði þá verið notuð í 200 ár. Leifar hennar sjást enn við hraunjaðarinn. Ný rétt, Langholtsrétt, sem var byggð í landi Straumfjarðartungu, var tekin í notkun árið 1956. Hún er steinsteypt, hringlaga, með 15 dilkum og tekur 1800 fjár.

Hjarðarfellsrétt í Réttarskarði er hlaðin rétt, sem enn sést vel.

Þverárrétt stendur í hraundrögum suðaustan við túnið á Þverá (MH-239:016) segir í örnefnaskrá. Hún var gerð um árið 1855 og er enn í notkun.

Skreiðarlestargatan, sem lá frá verstöðvum undir Jökli og allt norður til Hóla í Hjaltadal, liggur um hreppinn. Eftir henni gengu og fluttu feng sinn m.a. vermenn biskupsins á Hólum á sínum tíma. Umferð um Skreiðarlestargötu mun hafa verið í hámarki um 1700. Hana ætti að hverfisvernda.

Gömul brú á Straumfjarðará reist árið 1929 og önnur á **Haffjarðará** frá 1912 (ísteypst ártal er í brúarstólpa). Brýnnar eru báðar allrar athygli verðar og ætti að hverfisvernda þær eða friðlýsa.



Gamla brúin yfir Haffjarðará – Ljós. PJL


2.2 Íbúapróun og aldurskipting

2.2.1 Þróun íbúafjölda

Fjöldi íbúa í Eyja- og Miklaholtshreppi þann 1. desember 2008 var 132 og hafði þá fjölgað um rúm 6% síðan árið 1998. Á tímabilinu 1998 – 2008 var fjöldi íbúa í Eyja- og Miklaholtshreppi hæstur árið 2004 eða 141, en lægstur árið 2001 þá voru íbúar 116.

Karlar hafa verið ívið fleiri en konur á tímabilinu eða að meðaltali um 55% á móti 45% kvenna.

Mynd 8 sýnir þróun heildarfjölda íbúa, karla og kvenna í sveitarfélaginu á umræddu tímabili.




Mynd 8. Íbúapróun í Eyja- og Miklaholtshreppi á árunum 1999 - 2008.

Heimild: Hagstofa Íslands

2.2.2 Aldursdreifing íbúa

Mynd 9 sýnir skiptingu íbúa eftir aldri árin 1998 og 2008. Þar sést að ofurlítill fækkun hefur orðið í yngsta aldurshópnum, þ.e. 0 – 19 ára. Fjölgun hefur hinsvegar orðið í aldurshópnum 20 – 39 ára og 40 – 59 ára. Á móti hefur fækkað í aldurshópnum 60 – 79 ára.



Mynd 9. Aldurskipting íbúa í Eyja- og Miklaholtshreppi á árunum 1998 og 2008.

Heimild: Hagstofa Íslands

2.3 Byggð

2.3.1 Heilsársbyggð

Í Eyja- og Miklaholtshreppi eru 53 jarðir og var föst búseta á 31 þeirra 1. des. 2008. Hefðbundinn landbúnaður í einhverri mynd er á 24 þeirra (sjá nánar töflu 10).

Tafla 10. Yfirlit yfir eignarhald, búsetu og húsdýrahald á einstökum jörðum í Eyja- og Miklaholtshreppi, 1. des. 2008.

Jörð	Eignarhald	Föst búseta	Húsdýrahald	Jörð	Eignarhald	Föst búseta	Húsdýrahald
Akurholt	Félög	Nei	Nei	Kolviðarnes	Einkaeign	Já	Já
Borg	Félög	Já	Nei	Kolviðarnes 2	Einkaeign	Nei	Nei
Borgarholt	Félög	Nei	Nei	Laxárbakki	Félög	Nei	Nei
Dalsmynni	Einkaeign	Já	Já	Litla-Púfa	Einkaeign	Nei	Nei
Dalur	Félög	Já	Já	Lynghagi	Einkaeign	Já	Nei
Dalur 2	Félög	Nei	Já	Lækjamót	Einkaeign	Já	Já
Eiðhús	Félög	Já	Nei	Miðhraun	Félög	Já	Já
Fáskrúðarbakki	Einkaeign	Já	Já	Miðhraun 2	Félög	Já	Já
Gerðuberg	Félög	Nei	Nei	Miklaholt I	Félög	Já	Nei
Gröf	Einkaeign	Já	Nei	Miklaholt II	Einkaeign	Nei	Nei
Hausthús	Félög	Nei	Nei	Miklaholtssel	Einkaeign	Já	Nei
Hjarðarfell	Einkaeign	Já	Já	Minni-Borg	Ríkissjóður	Já	Já
Hjarðarfell 2	Einkaeign	Já	Já	Rauðkollsstaðir	Einkaeign	Já	Já
Hofsstaðir	Einkaeign	Já	Já	Stakkhamar	Einkaeign	Já	Já
Holt	Einkaeign	Já	Já	Stakkhamar II	Einkaeign	Já	Já
Holtsemi	Einkaeign	Nei	Nei	Stóra-Púfa	Einkaeign	Já	Nei
Hólsland	Ríkissjóður	Nei	Nei	Straumfjarðartunga	Einkaeign	Nei	Nei
Hrísdalur 1	Félög	Já	Já	Svarfhóll	Einkaeign	Nei	Nei
Hrísdalur 2	Félög	Já	Já	Syðra-Lágafell 1	Einkaeign	Nei	Nei
Hrossholt	Einkaeign	Já	Nei	Syðra-Lágafell 2	Einkaeign	Nei	Nei
Hrútsholt	Félög	Nei	Já	Syðra-Skógarnes	Einkaeign	Já	Já
Hrútsholt 2	Félög	Já	Já	Söðulsholt	Einkaeign	Já	Já
Hvammur	Einkaeign	Nei	Nei	Vegamót	Einkaeign	Já	Já
Höfði	Félög	Nei	Nei	Ytra-Lágafell	Einkaeign	Nei	Nei
Hömluholt	Einkaeign	Já	Já	Ytra-Skógarnes	Einkaeign	Nei	Nei
Hörgsholt	Einkaeign	Nei	Nei	Þverá	Einkaeign	Já	Já
Kleifárvellir	Einkaeign	Nei	Nei				

Heimild: Skipulags- og byggingarfulltrúi Eyja- og Miklaholtshrepps og www.skra.is

2.3.2 Frístundabyggð

Í Eyja- og Miklaholtshreppi voru 26 frístundahús á 14 jörðum í apríl 2011. Sjá nánar Tafla 11 og kafla 4.3.

Tafla 11. Yfirlit yfir fjölda byggðra frístundahúsa / sumarbústaða á einstökum jörðum í Eyja- og Miklaholtshreppi, í apríl 2011.

Jörð	Fjöldi húsa
Borg	1
Fáskrúðarbakki	1
Hofsstaðir	1
Kolviðarnes 2 (Miðhol)	2
Laxárbakki	2
Miklaholtssel	2
Rauðkollsstaðir	1
Straumfjarðartunga	1
Svarfhóll	5
Syðra-Lágafell 1 og 2	4
Syðra-Skógarnes	2
Ytra-Lágafell	2
Þverá	2
Samtals:	26


Heimild: Byggingarfulltrúi Eyja- og Miklaholtshrepps



Vegvísar – Ljósma. GJ

2.4 Atvinna

Í árslok 2005[†] var meðalfjöldi starfandi einstaklinga í Eyja- og Miklaholtshreppi um 90. Mynd 10 sýnir þróun í meðalfjölda starfandi einstaklinga eftir atvinnugreinum á árabílinu 1998 til 2005. Á myndinni má sjá að meðalfjöldi starfandi einstaklinga í landbúnaði jókst á tímabilinu úr um 20 starfandi einstaklingum í um 40. Fjöldi í iðngreinum var stöðugur allt tímabilið eða um 10. Þá jókst einnig fjöldi starfandi einstaklinga við þjónustu, úr um 30 í um 40.



Mynd 10. Þróun í fjölda starfandi einstaklinga eftir atvinnugreinum í Eyja- og Miklaholtshreppi á tímabilinu 1998 – 2005.

Heimild: Hagstofa Íslands


[†] Hagstofa Íslands hefur ekki gefið út nýrri atvinnutölur fyrir sveitarfélagið en hér greinir frá. Allar tölur eru námundaðar að næsta tug, og þannig að ef meðalfjöldi starfandi einstaklinga er t.d. 10, þýðir það í raun að fjöldi þeirra er á bilinu 5 – 14.

2.4.1 Landbúnaður

Samkvæmt tölum Hagstofunnar hefur þeim einstaklingum, sem starfa við landbúnað, fjölgað á síðustu árum eða frá því að vera um 20 árið 1998 og yfir í um 40 árið 2005. Eru þær tölur nokkuð athyglisverðar í ljósi þess að bæði sauðfjár- og nautgripabúskapur hefur dregist verulega saman á síðustu árum, víðast hvar annars staðar á landinu.

Búfjárhald var á 15 lögbýlum í Eyja- og Miklaholtshreppi vorið 2007 og er eftirfarandi grófleg flokkun á búum eftir bústofni:

- 4 blönduð bú, það eru bú með fleiri en 5 kýr og fleiri en 40 kindur
- 3 sauðfjárþú, það eru bú með yfir 40 kindur og færri en 5 kýr.
- 2 kúabú, það er bú með fleiri en 5 kýr og færri en 40 kindur.
- 2 hrossabú, það er bú með yfir 40 hross.
- 4 bú með annan bústofn en greint er frá hér að ofan.




Mynd 11. Fjöldi nautgripa, kúa og hrossa í Eyja- og Miklaholtshreppi á árunum 1992-2006.

Heimild: Bændasamtök Íslands.

Árið 2006 var fjöldi nautgripa í sveitarfélaginu 450 og hafði þá fækkað um 30% frá árinu 1992, þegar þeir voru ríflega 650. Mynd 11 sýnir þróun í fjölda gripa á umræddu árabili. Á myndinni sést einnig fjöldi mjólkurkúa, en þeim hefur fækkað um tæpl 40% á tímabilinu. Árið 1992 voru þær 250 talsins en í árslok 2006 um 160.

Mynd 11 sýnir einnig að fjöldi hrossa hefur aftur á móti aukist á tímabilinu. Árið 1992 var fjöldi þeirra rúmlega 300 en í lok árs 2006 var hann orðinn tæplega 400, sem er aukning um rúmlega 30%.

Um 45% fækkun hefur orðið á sauðféi á því tímabili sem hér um ræðir. Árið 1992 var fjöldi sauðfjár um 4.000 gripir, en árið 2006 var sá fjöldi kominn niður í 2.200. Ám hefur fækkað hlutfallslega meira en sauðfé í heild eða um 50% úr 3.400 gripum í ríflega 1.700. Mynd 12 sýnir þróun í fjölda sauðfjár og áa á tímabilinu.



Mynd 12. Fjöldi sauðfjár og áa í Eyja- og Miklaholtshreppi á árunum 1992 til 2006.

Heimild: Bændasamtök Íslands.

2.4.2 Iðngreinar


Samkvæmt tölum Hagstofunnar eru að meðaltali starfandi í iðngreinum um 10 einstaklingar (sbr. mynd 10) búsettir í Eyja- og Miklaholtshreppi. Þarna er fyrst og fremst um að ræða störf tengd þorskausaaverkun að Miðhrauni 2.

2.4.3 Þjónusta

Mynd 10 sýnir að fjöldi þeirra, sem starfaði við þjónustu hvers konar á árabílinu 1998 til 2005, jókst úr um 30 einstaklingum í um 40.

Þær þjónustugreinar, sem einna fjölmennastar eru í sveitarfélaginu eru þjónusta, sem veitt er í tengslum við fræðslustarfsemi (sjá kafla 2.6), en þar hafa á tímabilinu, 1998 til 2005 starfað um 10 einstaklingar að meðaltali.

Þá hefur umtalsverður hluti fólks starfað við þjónustu tengda samgöngum, sem og verslun (Vegamót), sumarhótel í Laugargerðisskóla og veiðihúsi við Haffjarðará og Dal.



Mynd 13. Fjöldi gistinátta Íslendinga og erlendra ferðamanna á Vesturlandi á tímabilinu 1999 – 2008.

Heimild: Hagstofa Íslands


Ferðapjónusta

Ferðapjónusta er sú atvinnugrein sem er í hvað örustum vexti á Íslandi. Engar tölur eru til um þróun í fjölda ferðamanna í Eyja- og Miklaholtshreppi. Eitt af því sem gefur vísbendingu um fjölda ferðamanna er fjöldi gistinátta. Mynd 13 sýnir að veruleg fjölgun hefur orðið í fjölda gistinátta á Vesturlandi á tímabilinu 1999 til 2008.

Mynd 14 sýnir fjölda gistinátta Íslendinga og erlendra ferðamanna, eftir mánuðum árið 2008.

Í hreppnum, eins og annars staðar, er sú aðstaða sem boðið er upp á og þeir möguleikar sem menn sjá felast í aðstæðum á viðkomandi svæði afgerandi þáttur í þróuninni. Nú er rekið 50 - 60 rýma sumarhótel (Hótel Eldborg) í Laugargerðisskóla með aðgangi að sundlaug og tjaldsvæði.

Tjaldsvæði með aðgangi að rafmagni og snyrtiaðstöðu er einnig við félagsheimilið Breiðablik. Á Vegamótum er verslun, bensín- og



Mynd 14. Fjöldi gistinátta Íslendinga og erlendra ferðamanna á Vesturlandi eftir mánuðum árið 2008.

Heimild: Hagstofa Íslands

veitingasala og í Holti er bifreiðaverkstæði. Þá eru veiðihús á nokkrum stöðum í sveitarfélaginu, sem og skógarlundir, sem almenningur hefur aðgang að. Öll þessi aðstaða/starfsemi er til þess fallin að fá ferðamenn til að staldra við í sveitarfélaginu.



Hofsstaðaskógur og Lágafellshyrna – Ljósm. GJ

2.5 Samgöngur

Stofnvegakerfi hreppsins mynda annars vegar Snæfellsnesvegur (54), sem gengur eftir hreppnum endilöngum og hinsvegar Vatnaleið (56), sem liggur þvert á Snæfellsnesveg við Vegamót og tengir saman byggðir sunnan og norðan fjalla á Snæfellsnesi. Aðrir stærri vegir eru Kolviðarnesvegur (567) og Skógarnesvegur (568). Tafla 12 sýnir heiti, flokkun, lengd og staðsetningu vega í Eyja- og Miklaholtshreppi.

Tafla 12. Yfirlit yfir heiti, flokkun, lengd og legu vega í Eyja- og Miklaholtshreppi.

Heiti vegar (vegnr.)	Flokkun teg / ástand	Lengd (km)	Staðsetning
Snæfellsnesvegur (54)	Stofnvegur	26,44	[Sveitarfélagsmörk við Kolbeinsstaðahrepp] [Sveitarfélagsmörk við Snæfellsbæ]
(05)	C1 / bundið slitlag	9,76	[Sveitarfélagsmörk] - Skógarnesvegur (568)
(06)	C1 / bundið slitlag	12,24	Skógarnesvegur (568) - Vatnaleið (56)
(07)	C1 / bundið slitlag	4,44	Vatnaleið(56) – [Sveitarfélagsmörk]
Vatnaleið (56)	Stofnvegur		
(01)	C1 / bundið slitlag	10,98	Snæfellsnesvegur (54) - afleggjari á háheiði.
Kolviðarnesvegur (567)	Tengivegur / Safnvegur		
(01)	D (tengivegur)	3,72	Snæfellsvegur(54) – Laugargerðisskóli
Skógarnesvegur (568)	Safnvegur		
(01)	D	6,60	Snæfellsnesvegur(54) – Syðra- Skógarnes

C1 = vegir með tveimur akreinum. Breidd=7.5 m án kantsteina.

C2 = Vegir með tveimur akreinum. Breidd = 6,5 m með öxlum.

D = vegir með einni akrein (með útskotum).

Heimild: Vegagerðin

Vegagerðin hefur annast umferðartalningar um árabíl á svæðinu. Tafla 13 sýnir umferðartölur (árdags-, sumardags- og vetrardagsumferð) fyrir árin 2002 og 2008. Fastir talningarstaðir fyrir umferð í Eyja- og Miklaholtshreppi eru á Snæfellsnesvegi við Eiðhús (54-06) og á Vatnaleið (56-01).

Tafla 13. Yfirlit yfir umferð á vegum í Eyja- og Miklaholtshreppi á árunum 2002 og 2008.

	ÁDU ¹		SDU ²		VDU ³	
	2002	2008	2002	2008	2002	2008
Snæfellsnesvegur (54)						
- 06	585	693	902	1092	333	465
Vatnaleið (56)						
- 01	304	458	442	649	212	327

¹ ÁDU: Árdagsumferð: Meðalumferð á dag yfir allt árið.

² SDU: Sumardagsumferð: Meðalumferð á dag, mánuðina júní, júlí, ágúst og september.

³ VDU: Vetrardagsumferð: Meðalumferð á dag mánuðina janúar, febrúar, mars og desember.

Heimild: Vegagerðin

Samkvæmt tölum í töflu 13 hefur árdagsumferð (ÁDU) um Snæfellsnesveg aukist að meðaltali um 18 % á tímabilinu 2002 til 2008, úr 585 bílum í 693 bíla á dag. Sumardagsumferð (SDU) á Snæfellsnesvegi jókst að meðaltali um 20% úr 902 bílum á dag í 1092 bíla og vetrardagsumferð (VDU) um 40% úr 333 í 465 bíla á dag. Árdagsumferð (ÁDU) um Vatnaleið hefur aukist um 50% á sama tímabili, úr 304 bílum í 458 bílum á dag. Sumardagsumferð (SDU) jókst um 45% úr 442 í 649 bíla á dag og vetrardagsumferð (VDU) jókst að meðaltali tæp 55% úr 212 bílum í 327 bíla á dag.

Heimild: Vegagerðin

Stofnvegakerfið innan sveitar svo og stofnvegir til og frá mörkum Eyja- og Miklaholtshrepps er í góðu ástandi og yfirleitt greiðfært. Þó mætti bæta aðbúnaðinn t.d. með fleiri áningarstöðum því þarna er útsýni víða fagurt og áhugi vegfarenda á því að geta stigið út úr bíl sannanlega fyrir hendi. Þegar aftur kemur að öðrum vegum (tengi- og safnvegum) eru þeir ekki í nema miðlungsgóðu ástandi.

Göngu- og reiðstígar

Gömul skreiðarlestargata liggur um Eyja- og Miklaholtshrepp og teiknaði Ásgeir Gunnar Jónsson kort af legu hennar í gegn um Miklaholtsprestakall, árið 1991. Sýnir kortið einnig aðrar götur í þáverandi Miklaholtsprestakalli fram undir árið 1920. Sjá kort nr. 4.

Reiðleið er um Löngufjörur og göngu- og reiðleið um Kerlingarskarð. Þá eru víðar gönguleiðir yfir í Helgafellssveit og einnig yfir á Skógarströnd.

Aðrar samgöngur

Engir flugvellir eru í sveitarfélaginu, en flugvellir eru bæði á Kaldármelum og í Stykkishólmi.

Engar hafnir eru í sveitarfélaginu, og eru næstu hafnir í þéttbýliskjörnum á norðanveðru Snæfellsnesi og á Arnarstapa.

2.5.1 Samgönguáætlun

Í vegaáætlun 2007 - 2010, sem er sá hluti samgönguáætlunar 2007 -2010 er tekur til vegamála, var gert ráð fyrir 51 milljón króna í endurbætur á Snæfellsnesvegi um Haffjarðará og 124 milljónum í að breikka brúna yfir Haffjarðará, árið 2008.

2.6 Opinber þjónusta og rekstrarform

2.6.1 Skólastofnanir

Eyja- og Miklaholtshreppur rekur Laugargerðisskóla. Skólaárið 2009 - 2010 stunduðu 28 nemendur nám í 1. - 10. bekk við skólann. Þar er einnig rekin leikskóladeild. Við þá deild stunduðu skólaárið 2009-2010 tíu nemendur nám.

Borgarbyggð er með þjónustusamning við hreppinn hvað varðar börn úr fyrrum Kolbeinsstaðahreppi. Boðið er upp á akstur til og frá skóla.

Við skólann er íþróttahús, sundlaug og sparkvöllur.

Bókasafn er rekið í tengslum við skólann.

Eyja- og Miklaholtshreppur er aðili að Fjölbrautarskóla Vesturlands á Akranesi.

2.6.2 Öldrunarmál og heimilishjálp

Eyja- og Miklaholtshreppur er aðili að Dvalarheimili aldraðra í Borgarnesi, ásamt Borgarbyggð og Skorradalshreppi og er það rekið sem sjálfseignarstofnun.

Þá hefur hreppurinn fólk á sínum snærum, sem veitir heimilisaðstoð við aldraða í sveitinni.

2.6.3 Heilbrigðismál

Eyja- og Miklaholtshreppur er aðili að Heilsugæslunni í Borgarnesi.

Hreppurinn er aðili að Heilbrigðiseftirliti Vesturlands.

Útibú Vinnueftirlits ríkisins er rekið á Akranesi og á Eyja- og Miklaholtshreppur aðild að því.

Héraðsdýralæknir Vesturumdæmis hefur aðsetur í Stykkishólmi og heyrir Eyja-og Miklaholtshreppur undir hans umdæmi.

2.6.4 Félagsþjónusta

Samningur er milli Eyja- og Miklaholtshrepps og Félags- og skólaþjónustu Snæfellinga á Hellissandi um félagsleg málefni, svo sem barnaverndarmál og málefni fatlaðra.

2.6.5 Kirkjur, prestsetur og kirkjugarðar

Eyja- og Miklaholtshreppur heyrir undir Snæfells- og Dalaprófastsdæmi og er hreppurinn ein sókn, Fáskrúðarbakkasókn.


Á Fáskrúðarbakka stendur sóknarkirkjan, en auk þess rekur söfnuðurinn Miklaholtskirkju og Rauðamelskirkju og eru kirkjugarðar við allar kirkjurnar. Þá er aflagður kirkjugarður í Bæjarey.

Prestsetur er að Staðarstað í Snæfellsbæ.

2.6.6 Söfn

Hreppurinn er aðili að safna- og menningarmálanefnd héraðsnefndar Snæfells- og Hnappadalssýslu, sem meðal annars rekur Norska húsið í Stykkishólmi.

Skýringarkort 4. Götur í Miklaholtsprestakalli framundir 1920.



Heimild: Kort, Ásgeir Gunnar Jónsson þverá 28.02.2001/heimildir: Kristín Þorleifsdóttir á þverá

2.6.7 Slys-og eldvarnareftirlit, almannavarnir og vinnueftirlit

Samningur er við Borgarbyggð um að sinna brunavörnum og eldvarnareftirliti. Slökkviliðið hefur aðstöðu í Borgarnesi, en er með útstöð í Laugargerðisskóla. Hreppurinn er aðili að Almannavarnarnefnd Snæfells- og Hnappadalssýslu.

2.6.8 Byggingareftirlit og skipulagsmál

Byggingareftirlit er í höndum byggingarfulltrúa Eyja- og Miklaholtshrepps, sem hefur aðsetur í Borgarnesi og annast hann einnig samskipti við sjálfstætt starfandi skipulagshönnuði, sem vinna að skipulagsgerð á svæðinu.

2.6.9 Félags- og íþróttaaðstaða

Breiðablik nefnist félagsheimili hreppsins. Það rúmar um 200 manns og er alfarið í eigu sveitarfélagsins. Við félagsheimilið er íþróttavöllur, sem einnig er nýttur sem tjaldsvæði. Þá er íþróttahús, sundlaug og sparkvöllur við Laugargerðisskóla, eins og áður er fram komið.

Starfandi eru í sveitarfélaginu Kvenfélagið Liljan, íþróttafélag, búnaðarfélag, sauðfjárræktarfélag og hestamannafélag, sem nær til allrar Snæfells- og Hnappadalssýslu. Þá er starfandi kirkjukór í hreppnum.



Frá sölumarkaði heimamanna sumarið 2010 í félagsheimilinu Breiðabliki. - Ljósm. GJ

2.7 Veitur, lagnir og fjarskipti

2.7.1 Kalt vatn

Í Aðalskipulagi Eyja- og Miklaholtshrepps 2008 - 2020 eru, vegna skorts á upplýsingum, hvorki sýnd vatnsból né vatnsverndarsvæði.

Heilbrigðiseftirlit Vesturlands hefur eftirlit með vatnsbólum kúabænda ásamt Matvælastofnun og tekur neysluvatnssýni hjá ferðapjónustuaðilum.

Gera má ráð fyrir að vatnsnotkun á hvern íbúa á jörðum þar sem stundaður er landbúnaður nemi 600 -700 l/sólarhring, 300 – 350 l/sólarhr. á íbúa í íbúðarbyggð og í frístundabyggð sé 200 – 250 l/sólarhringsnotkun.

Í 4. gr. neysluvatnsreglugerðar nr. 536/2001 segir: „Afla skal starfsleyfis heilbrigðisnefndar áður en eftirlitsskyld vatnsból eða vatnsveitur, sbr. 12. gr., og tilheyrandi búnaður er tekinn í notkun og við eigendaskipti.“

Í 12. gr. sömu reglugerðar segir: „Heilbrigðisnefndir hafa ekki reglubundið eftirlit eða framkvæma heildarúttekt hjá vatnsveitum sem þjóna færri en 50 manns eða 20 heimilum/sumarbústöðum, nema þær þjóni matvælafyrirtækjum.“

Í 8. gr. reglugerðar nr. 796/1999 um varnir gegn mengun vatns m.s.br. segir: „Til þess að viðhalda náttúrulegu ástandi vatns og til þess að vernda það gegn mengun frá mannlegri starfsemi skulu heilbrigðisnefndir flokka vatn í samræmi við 9. og 10. gr.

[sömu reglugerðar]. Heilbrigðisnefndir skulu skilgreina langtímamarkmið fyrir vatn. Flokkun vatns gildir um yfirborðsvatn og grunnvatn hvarvetna á landinu.

Sveitarstjórnir og heilbrigðisnefndir skulu grípa til aðgerða, sem miða að því að viðhalda náttúrulegu ástandi vatns.“

Tekið skal fram að flokkun vatns og skilgreining langtímamarkmiða um varnir gegn mengun vatns hefur enn ekki farið fram í Eyja- og Miklaholtshreppi. Heilbrigðiseftirlit Vesturlands hefur yfirumsjón með þessari flokkun.

Í reglugerð 804/1999 um varnir gegn mengun vatns af völdum köfnunarefnissambanda m.s.br. segir í 5. gr.: „Gera skal viðeigandi ráðstafanir til að draga úr hættu á að vatn mengist og koma í veg fyrir mengun í vatni af völdum köfnunarefnissambanda frá landbúnaði eða af öðrum orsökum.“

Í 9. gr. reglugerðarinnar segir: „Viðkomandi heilbrigðisnefnd skilgreinir og kortleggur sérstaklega vatnasvæði sem talin eru viðkvæm og hafa lítið viðnám gegn köfnunarefnismengun, eru menguð eða gætu mengast af völdum köfnunarefnis, ef ekki er gripið til sérstakra aðgerða til verndar.“

Slík vinna hefur enn ekki farið fram í sveitarfélaginu.

Heimild: Heilbrigðiseftirlit Vesturlands og heimamenn.

2.7.2 Heitt vatn - Hitaveitur

Í kafla 1.4.2 er m.a. rakin saga jarðhitaborana í hreppnum. Í kjölfar borana í landi Eiðhúsa var Hitaveita Eyja- og Miklaholtshrepps stofnuð 2003 og er hún samstarfsverkefni hreppsins og nokkurra bæja í sveitarfélaginu. Eftirfarandi bæir/hús eru hituð upp með vatni frá þeirri veitu: Breiðablik, Fáskrúðarbakkakirkja, Fáskrúðarbakki, Miðhraun 1, Miðhraun 2, fiskþurrkunin Miðhrauni, Holt, Vegamót, Ræktunarstöðin Lágafell, Dalur, veiðihúsið við Straumfjarðará og Hjarðarfell.

Sameignarfélagið Kolviðarnes sf. var stofnað 2001 um heita vatnið þar og hitaveita lögð á eftirtalda staði í hreppnum: Kolviðarnes, Yrkjar-kornþurrkun í landi Hrútsholts, Hrútsholt, Dalsmynni, Söðulsholt, Rauðkollsstaði, Hömluholt og Hausthús. Þá er sér hitaveita í Laugargerði. Á þeim bæjum, þar sem hitaveitur ná ekki til, er vatn hitað upp með rafmagni.

Heimild: Bjarnfríður Vilhjálmsdóttir og Jökull Helgason

2.7.3 Rafveitur

Vegamótalína (66 kV), í eigu Landsnets, liggur um sveitarfélagið. Línan liggur frá tengivirkinu að Vatnshömrum í Borgarbyggð, um sunnanvert sveitarfélagið að tengivirki við Vegamót. Frá tengivirkinu við Vegamót liggur annars vegar Vogaskeiðslína 1 (66 kV) til norðurs um Vatnaleið að tengivirkinu við Vogaskeið í Helgafellssveit og hins vegar Ólafsvíkurlína 1 (66 kV) með sunnanverðu Snæfellsnesi, yfir Fróðárheiði og til Ólafsvíkur.

Heimild: www.landsnet.is og Ásgeir Gunnar Jónsson, RARIK

Virkjanir

Fjórar vatnsaflsvirkjanir eru nú í sveitarfélaginu. Fyrst skal telja Múlavirkjun í Straumfjarðará skammt neðan við Baulárvallavatn, sem reist var 2005. Í áætlun framkvæmdaaðila var þar gert ráð fyrir virkjun af stærðinni 1,9 MW. Nú er virkjunin hins vegar skv. fyrirbyggjandi virkjunarleyfi 3,1 MW. Virkjunin hefur ekki farið í

umhverfismat. Þá er virkjun um 20 kW í rekstri til heimabruks á Hjarðarfelli og tvær smávirkanir á Þverá, einnig til heimabruks.

Að sögn heimamanna eru þrjár gamlar virkanir í sveitarfélaginu, sem ekki eru lengur starfræktar. Þær eru í landi Borgar, Grafar og Höfða.

Heimild: Umhverfisstofnun og heimamenn

2.7.4 Fráveitur

Í Eyja- og Miklaholtshrepps enda fráveitukerfi einstakra bæja og sumarbússtaða í nánast öllum tilfellum í rotþróum. Árið 1996 var gert átak í þeim efnum á vegum hreppsins.

Heilbrigðiseftirlit Vesturlands hefur eftirlit með losun rotþróa, samanber ákvæði reglugerðar nr. 798/1999 m.s.br. um fráveitur og skólp.

Tekið skal fram að ekki hafa verið framkvæmdar rannsóknir á mengun í jarðvegi frá rotþróum í sveitarfélaginu né verið unnið að flokkun vatns, sbr. 8. gr. reglugerðar nr. 796/1999 um varnir gegn mengun vatns.

Heimild: Heimamenn

2.7.5 Fjarskipti

Ástand fjarskipta í Eyja- og Miklaholtshreppi telst í góðu lagi.

Hreppurinn er innan dreifikerfa helstu fjarskiptafyrirtækja landsins hvað varðar NMT og GSM þjónustu. Fjarskiptasendar fyrir GSM og NMT eru í Kolviðarnesi og Gröf.

Heimild: www.siminn.is og www.vodafone.is

Ljósleiðari liggur um sveitarfélagið frá Borgarnesi og til Ólafsvíkur en ekki hefur verið veittur aðgangur að honum í hreppnum enn sem komið er. Boðið er upp á þráðlausa internetþjónustu innan hreppsins.

Heimild: www.emax.is og heimamenn

Í Gröf er sendir Ríkisútvarpsins fyrir útvarp og sjónvarp. aðgangur að ljósleiðara getur boðið upp á aðrar leiðir í útsendingarmálum útvarps og sjónvarps, t.d. í gegnum netið.

Heimild: www.ruv.is

2.8 Úrgangsmál

Árið 2006 fór fram sameiginlegt útboð á sorphirðu á Snæfellsnesi. Var í kjölfar þess gerður samningur við Gámaþjónustu Vesturlands og annast hún nú sorphirðu á svæðinu.

Gámar fyrir heimilissorp og annan úrgang s.s. járn eru á þremur stöðum í hreppnum, við Núpá, Gröf og Vegamót. Auk þess sem gámar undir rúlluplast, dekk o.fl., sem fellur til við landbúnaðarstörf, eru á flestum bæjum. Fer innihald þeirra gáma beint í endurvinnslu erlendis. Ef um hreinsunarátak er að ræða á ákveðnum stað eru gámar sendir sérstaklega heim á bæi.

Móttökustaður fyrir úrgangsolíu og rafgeyma er í hreppnum.

Flokkaður og ópressaður neyslu- og rekstrarúrgangur er fluttur á urðunarstað Sorpurðunar Vesturlands hf. að Fíflholtum í Borgarbyggð.

Heimild: Sorpurðun Vesturlands

2.9 Helstu niðurstöður

- Sögu- og menningaminjar eru umtalsverðar í hreppnum ekki síst hvað snertir verbúðir, verslunar- og samgönguminjar. Einnig er saga margra, sem þarna hafa búið í gegnum aldirnar stórmerk og vel til þess fallin að gera svæðið áhugavert fyrir m.a. ferðamenn (menningartengd ferðaþjónusta).
- Í hreppnum eru mjög merkar fornleifar sem full ástæða væri til að rannsaka nánar t.d. á Búðarhamri og þar í nágrenninu.
- Þar og víðar í hreppnum eru einnig mannvirki, sem kalla á frekari skoðun.
- Íbúafjöldi í sveitarfélaginu hefur haldist nokkuð stöðugur sl. áratug og eru karlar heldur fleiri en konur.
- Jarðir í sveitarfélaginu eru 52. Föst búseta var á 31 þeirra 1. desember 2008 og á 24 þeirra var húsdýrahald í einhverri mynd.
- Fimm jarðir hafa gert samninga við Vesturlandsskóga um skógrækt.
- Í apríl 2011 voru risin 26 frístundahús á 14 jörðum í hreppnum.
- Landbúnaður og þjónusta hafa verið megin atvinnugreinar á svæðinu. Árið 2005 voru um 40 manns starfandi í hvorri grein.
- Samgöngur í hreppnum hvað varðar stofnvegakerfið eru í frekar góðu horfi, en aðrir vegir víða slæmir.
- Boðið er upp á töluverða opinbera þjónustu í hreppnum og nokkuð fjölbreytta félags- og íþróttastöðu.
- Stefnumörkun vantar hvað snertir neysluvatnsmál (vatnsból og vatnsverndarsvæði) og fráveitur.
- Í hreppnum eru reknar tvær hitaveitur.
- Í hreppnum eru nú rekin ein stór vatnsaflsvirkjun Múlavirkjun 3.1 MW og þrjár smávirkjanir til heimabruks.
- Fjarskipti eru í nokkuð góðu horfi í hreppnum, en aðgang vantar að ljósleiðara.
- Engin stefnumörkun hefur verið unnin varðandi framþróun úrgangsmála í hreppnum.
- Engin stefnumörkun hefur verið unnin varðandi afnot af þriggja fasa rafmagni í hreppnum.

3. kafli - Umhverfisskýrsla



Horft til fjalla yfir austasta hluta Eyja- og Miklaholtshrepps

Samantekt

Í Aðalskipulagi Eyja- og Miklaholtshrepps 2008 – 2020 er lögð áhersla á að skapa jákvæða og umhverfisvæna ímynd af hreppnum, samfara því að skapa möguleika fyrir aukinn fjölda íbúa og dvalargesta á komandi árum og svigrúm fyrir fjölbreytta athafnastarfsemi og afþreyingu.

Í tillögunni er gert ráð fyrir töluverðu svæði undir íbúðar- og frístundabyggð. Athafnasvæðin eru nokkur og gert er ráð fyrir aukningu í verslun og þjónustu. Þá er í tillögunni gefið svigrúm til nokkurrar aukningar á raforkuframleiðslu til nýtingar heima fyrir. Efnistökusvæðin eru 23 í hreppnum. Gert er ráð fyrir stóru opnu útivistarsvæði á Stakkhamarsnesi, sem býður upp á ýmsa útivistar möguleika auk skógarreita, tjaldsvæða o.fl. annars staðar í hreppnum. Sýndar eru gönguleiðir/reiðleiðir o.fl. sem vel eru fallnar til að styrkja ferðamennsku í hreppnum.

Samhliða þessari uppbyggingu er lögð mjög rík áhersla á að skapa umhverfisvæna ímynd af hreppnum. Í skipulaginu er t.d. gert ráð fyrir jarðvangi (geopark). Fellur sú stefna mjög vel að stefnu og leiðarljósi Earth Check verkefnsins, sem sveitarfélagið er aðili að. Gera má ráð fyrir að stofnun jarðvangs auki aðdráttarafl svæðisins og skapi ný tækifæri fyrir hreppbúa á ýmsum sviðum.

Hreppsnefnd leggur á það áherslu, að allar fyrirætlanir taki sterklega mið af náttúru og umhverfi m.a. með framfylgni mótvægisáðgerða og vöktunaráætlana. Þá er lögð áhersla á sögulega arfleifð og nýtingu hennar m.a. í þágu fræðslu og ferðamennsku.

Umhverfisáhrif

Við umhverfismat Aðalskipulags Eyja- og Miklaholtshrepps 2008 – 2020 eru sjö áhrifabættir metnir og eru þeir íbúðarbyggð, frístundabyggð, athafnasvæði/iðnaðarsvæði, jarðvangur, opin svæði til sérstakra nota, efnistökusvæði og iðnaðarsvæði (vatnsaflsvirkjanir).

Þó svo að niðurstöður matsins sýni margvísleg neikvæð áhrif í tengslum við fyrirætlanir um uppbyggingu íbúðarbyggðar og frístundabyggðar, s.s. á náttúru- og þjóðminjar, þá er fjölgun íbúa og dvalargesta mikilvægur liður í framtíðaráætlunum hreppsins. Til að sporna gegn neikvæðum áhrifum er lögð áhersla á framfylgni hugmynda um mótvægisáðgerðir, sérreglur og sérstök úrræði, sem setja má á síðari skipulagsstigum.

Athafnasvæðum kunna að fylgja neikvæð sjónræn áhrif, þeim getur einnig fylgt loft og hávaðamengun, auk þess sem þau gætu haft áhrif á náttúru og þjóðminjar.

Til mótvægis er mikilvægt að vanda til verka, m.a. með framfylgni mótvægisáðgerða, sérreglna og sérstakra úrræða, sem setja má á síðari skipulagsstigum.

Fyrirhugaður jarðvangur í sveitarfélaginu er talinn hafa mjög jákvæð samfélagsleg áhrif m.a. sem tækifæri til atvinnusköpunar. Fellur sú stefna vel að stefnumiðum og leiðarljósi Earth Check verkefnisins, sem hreppurinn er nú þegar aðili að.

Neikvæð áhrif efnistöku eru mikil í náttúrufarslegu tilliti og fellur landnotkunin ekki að stefnu hreppsnefndar hvað varðar náttúru og umhverfismál eða að markmiðum og stefnu Earth Check verkefnisins. Hreppsnefnd leggur því ríka áherslu á að efnistökusvæðum verði haldið í lágmarki og að gengið sé frá efnistökusvæðum eins fljótt og notkun þeirra er lokið í samræmi við lög og reglur þar að lútandi.

Gert er ráð fyrir að þær vatnsaflsvirkjanir, sem nefndar eru í skipulaginu, hafi margvísleg neikvæð áhrif á umhverfi og náttúru. Þær eru því í andstöðu við stefnu hreppsnefndar og Earth Check verkefnisins um verndun náttúru. Á hinn bóginn er talið að virkjanirnar hafi jákvæð samfélagsleg áhrif í för með sér.

Mikilvægt er þó að komið verði upp vöktunaráætlunum í tengslum við lífríki þeirra áa, sem verða fyrir áhrifum vegna þessara fyrirætlana.

Heildarniðurstaða

Sé litið til markmiða hreppsnefndar Eyja- og Miklaholtshrepps um eflingu byggðar og atvinnusköpun, er talið nauðsynlegt að þeir áhrifaþættir, sem teknir eru fyrir í matskýrslu þessari komist til framkvæmda. Vissulega eru áhrif þeirra í sumum tilfellum í andstöðu við stefnu hreppsnefndar í náttúru- og umhverfismálum, sem og í andstöðu við stefnumið Earth Check verkefnisins og er lögð á það rík áhersla að framkvæmdir fari fram í eins mikilli sátt við umhverfið og frekast er unnt og að mótvægisaðgerðum og vöktunaráætlunum sé framfylgt.

3.1 Inngangur

Aðalskipulag Eyja- og Miklaholtshrepps 2008 – 2020 fellur undir lög nr. 105/2006 um umhverfismat áætlana, en þar segir í 1. grein: „*Markmið þessara laga er að stuðla að sjálfbærri þróun og draga úr neikvæðum umhverfisáhrifum og jafnframt stuðla að því að við áætlanagerð sé tekið tillit til umhverfissjónarmiða.*“

Umhverfispættir eru þeir þættir sem geta orðið fyrir áhrifum vegna framfylgdar aðalskipulagsins og hefur Skipulagsstofnun gefið út leiðbeiningar um flokkun umhverfispátta. *Samkvæmt þeim eru umhverfispættirnir átta talsins, þ.e. andrúmsloft og veðurfar, vatn, land, vistkerfi, heilsa og öryggi, hagrænir og félagslegir þættir, náttúru- og þjóðminjar og landslag.*

Með umhverfismati áætlana er reynt að greina þau áhrif sem skipulagbreytingar kunna að hafa á þá umhverfispætti, sem eiga við hverju sinni, í ljósi þeirra upplýsinga sem liggja fyrir og vægi þeirra metið. Til að meta slík áhrif eru stefnuskjöl stjórnvalda og samþykkt stefnumörkun hreppsnefndar Eyja- og Miklaholtshrepps notuð til viðmiðunar.

Ennfremur er gerð grein fyrir hvort endurmeta beri valkosti eða grípa þurfi til sértækra aðgerða t.d. í deiliskipulagi eða með gerð vöktunaráætlunar, þannig að draga meg úr umhverfisáhrifum.

Með mati þessu er reynt að tryggja að ákvarðanataka um þá þætti sem taldir eru hafa umtalsverð áhrif á umhverfi verði skýr og gagnsæ. Þannig má líta á að í matsskýrslu sé að finna röksemdafærslu hreppsnefndar um ákvarðanir og stefnumótun um veigamestu þætti skipulagsins.

Helstu viðmið sem notuð eru:

Alþjóðlegir samningar:

- Ramsarsamningurinn: Alþjóðlegur samningur um verndun og skynsamlegri nýtingu votlendissvæða í heiminum, sérstaklega sem lífsvæði fyrir votlendisfugla.
- Ríósamningurinn: Alþjóðlegur samningur um verndun líffræðilegs fjölbreytileika.
- Heimsminjaskrá: Alþjóðlegur sáttmáli um verndun menningar- og náttúruminja heimsins.
- Bernarsamningurinn: Samningur um vernd villtra dýra, plantna og vistgerða í Evrópu.

Íslensk lög:

- Lög nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum.
- Lög nr. 44/1999 um náttúruvernd.
- Lög nr. 107/2001 Þjóðminjalög.
- Lög nr. 73/1997 Skipulags- og byggingarlög.
- Lög nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir.
- Lög nr. 61/2006 um lax-og silungsveiði (gr. 33 - 36)
- Lög nr. 3/1955 um skógrækt.

Önnur íslensk stefnuskjöl:

- Náttúruverndaráætlun 2004 - 2008.
- Náttúruverndaráætlun 2009 - 2013 (samþykkt í febrúar 2010).

- Náttúruminjasrá 1996.
- Velferð til framtíðar - sjálfbær þróun í íslensku samfélagi. Áherslur 2006 - 2009.

Stefnuskjöl hreppsnefndar Eyja- og Miklaholtshrepps:

- Earth Check (áður Green Globe) vottun. Sameiginleg stefna sveitarfélaga á Snæfellsnesi um sjálfbæra þróun í umhverfislegu og félagslegu tilliti.

3.2 Helstu leiðir við gerð umhverfismats

Sú aðferðafræði, sem beitt var við gerð umhverfismats var eftirfarandi:

- Umhverfisvísar voru valdir af TGJ, Teiknistofu Guðrúnar Jónsdóttur, með hliðsjón af leiðbeiningum Skipulagsstofnunar.
- Farið var yfir helstu breytingar í aðalskipulaginu og þær metnar með tilliti til umhverfisvísanna.
- Tekinn var saman listi sem felur í sér annars vegar yfirlit yfir framkvæmdir sem mögulega geta fallið undir lög um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 eða geta haft í för með sér mikil sjónræn áhrif.

3.3 Tengsl við aðra áætlanagerð

Engar skipulagsáætlanir hafa verið unnar fyrir sveitarfélagið áður, aðrar en þær deiliskipulagsáætlanir, sem taldar eru upp í töflu 1 í greinargerð aðalskipulagsins. Aðalskipulag fyrir Eyja- og Miklaholtshrepps 2008 - 2020 tengist skipulagsáætlunum nærliggjandi sveitarfélaga og hefur sérstaklega verið horft á tengsl tillögunnar við eftirfarandi áætlanir:

- Aðalskipulag Snæfellsbæjar 1995 - 2015 m.s.br.
- Aðalskipulag Dalabyggðar 2004 - 2016.
- Aðalskipulag Borgarbyggðar 2008 - 2020.
- Aðalskipulag Helgafellssveitar 2012 - 2024 (í vinnslu).

3.4 Heildarstefna hreppsnefndar í landbúnaðarmálum o.fl.

Stefna hreppsnefndar í landbúnaðarmálum er að landnotkun í sveitarfélaginu verði fyrst og fremst til landbúnaðarnota (sbr. skilgreiningu landbúnaðar í jarðalögum nr. 81/2004).

Hreppurinn er aðili að Earth Check verkefninu, sem öll sveitarfélög á Snæfellsnesi standa að og felst í því að sættast á sameiginlega stefnumótun í sjálfbærri þróun í umhverfis- og samfélagsmálum á Snæfellsnesi með aðaláherslu á ferðaþjónustu.

Eins og fram kemur í meginforsendum er Aðalskipulagi Eyja- og Miklaholtshrepps 2008 – 2020 ætlað að skapa góð skilyrði til búsetu- og frístundaiðkunar og styrkja tengsl milli íbúa og dvalargesta. Stefnt er að fjölgun ferðamanna á skipulagstímabilinu og því er gengið út frá þeirri forsendu að ólíkir landnóttunarflokkar fái sinn skerf í aðalskipulagi í því skyni að skapa fjölbreytilegt og eftirsóknarvert umhverfi.

Í sveitarfélaginu eru 53 jarðir, þar af 31 í fastri búsetu og hefðbundinn búskapur á 24 þeirra. Ástæða þykir til að leggja áherslu á að halda ræktuðu og ræktanlegu landi til haga í stað þess að rýra eða spilla því með annarri landnotkun. Því er í

aðalskipulagstillögu gert ráð fyrir að landnotkun skuli fyrst og fremst vera til landbúnaðarnota. Lögð er áhersla á að allar jarðir njóti sömu réttinda hvað leyfi varðar til framkvæmda, þó svo fyrirvarar eða sérstök skilyrði geti sett slíkum framkvæmdum ákveðnar skorður.

Þá er í tillögunni mörkuð þrjú svæði fyrir íbúðarbyggð (sjá kafla 4.2). Stærsta svæðið er í landi Borgarholts, en hin tvö minni eru annars vegar í landi Miklaholtssels og hins vegar við Holtsenda/Lynghaga/Vegamót, í tengslum við frekari uppbyggingu þjónustukjarnans, sem þar er ráðgert að efla.

Gert er ráð fyrir að frístundabyggð aukist á tímabilinu, en skv. tillögunni eru 18 svæði fyrir frístundabyggð á 16 jörðum víðsvegar um hreppinn (sjá töflu 22). Einnig er stefnt að fjölbreytilegri aðstöðu til frístundaiðkunar sem og skoðunar á náttúru- og menningarminjum. Boðið upp á opin svæði til sérstakra nota, s.s. tjaldsvæði í landi Holts, við félagsheimilið Breiðablik og við Laugargerðisskóla, opið svæði og golfvöll á Stakkhamarsnesi og ýmsar göngu- og reiðleiðir um hreppinn.

Í aðalskipulagstillögunni eru einnig settar fram hugmyndir um jarðvang (geopark) sem yrð settur á fót í samvinnu við Helgafellssveit, enda státa bæði sveitarfélögin af mjög fjölbreyttum minjum á því sviði. Hefur reynsla verið af því í öðrum löndum að jarðvangar hafa mikið aðdráttarafl fyrir ferðamenn. Þá er gert ráð fyrir friðlýstum svæðum og svæðum á Náttúruminjaskrá 1996.

Auk svæðis í landi þjónustukjarnans við Holtsenda/Lynghaga/Vegamót/Holt er gert ráð fyrir athafnasvæðum á fjórum jörðum í hreppnum, í landi Miðhrauns II, Hrossholts, Kolvíðarness og Rauðkollsstaða. Ennfremur er í skipulaginu nefndar til sögu tvær nýjar vatnsaflsvirkjanir auk þeirra fjögurra, sem þar eru nú.

Efnistaka er áætluð á 13 jörðum, samtals 23 námur. Þá er lögð á það rík áhersla að tryggja öruggt og gott fjarskiptasamband í hreppnum.

3.5 Yfirlit yfir umfang og efni umhverfismatsins

Í matsáætlun er gert ráð fyrir mati á nokkrum veigamiklum þáttum aðalskipulagsins, með tilliti til áhrifa þeirra á umhverfisþætti. Eins og áður segir, gerir aðalskipulagstillagan ráð fyrir að landbúnaður sé ríkjandi landnotkunarþáttur, auk þess sem íbúðarbyggð, frístundabyggð og náttúruvernd setja þar sterkan svip.

Umhverfismatið snýst fyrst og fremst um að gera grein fyrir umhverfisáhrifum þeirra ákvarðana sem teknar eru í aðalskipulagstillögunni.

Í Aðalskipulagi Eyja- og Miklaholtshrepps 2008 – 2020 eru áhrifaþættir sem metnir verða:

- Íbúðarbyggð – Gert er ráð fyrir nokkurri aukningu íbúðarbyggðar. Áhrif ákvarðana eru metin og borin saman við núllkost.
- Frístundabyggð – Gert er ráð fyrir nokkuð viðamikilli frístundabyggð. Áhrif ákvarðana eru metin og borin saman við núllkost.
- Athafnasvæði - Gert er ráð fyrir fjölgun athafnasvæða. Áhrif ákvarðana eru metin og borin saman við núllkost.
- Jarðvangur - Gert er ráð fyrir að jarðvangur verði settur á laggirnar. Áhrif ákvarðana eru metin og borin saman við núllkost.
- Efnistökusvæði - Gert er ráð fyrir 23 efnistökusvæðum. Áhrif ákvarðana eru metin og borin saman við núllkost.

- Iðnaðarsvæði - Gert er ráð fyrir sex vatnsaflsvirkjunum, þar af fjórum smásvirkjunum. Áhrif ákvarðana eru metin og borin saman við núllkost.

3.6 Núllkostur

Ef stefnumiðum Aðalskipulags Eyja- og Miklaholtshrepps 2008 - 2020 verður ekki framfylgt verður þróun landnotkunar í Eyja- og Miklaholtshreppi væntanlega í samræmi við núllkost, sem hér er miðaður við alþjóðlega samninga sem Ísland er aðili að, íslensk lög, önnur íslensk stefnuskjöl, auk þeirra stefnumiða, sem verkefnið Earth Check felur í sér.

Í samræmi við staðal Earth Check hafa sveitarfélögin á Snæfellsnesi og Þjóðgarðurinn á Snæfellsnesi komið sér upp sameiginlegri stefnu um sjálfbæra þróun á svæðinu. Var sú stefna fyrst samþykkt árið 2004. Endurskoðuð útgáfa var samþykkt 1. maí 2010.

Þar kemur m.a. fram að lögð sé áhersla á umhverfisvæna ferðamennsku, að komið sé í veg fyrir rýrnun náttúrulegra og félagslegra auðlinda og hvatt sé til þess að málefnum sjálfbærrar þróunar sé fylgt eftir.

Þá hafa sveitarfélögin einsett sér að:

1. Vinna að stöðugum úrbótum á eigin frammistöðu í umhverfislegu, efnahagslegu og félagslegu tilliti, með hliðsjón af viðmiðunarskýrslum Earth Check fyrir svæðið.
2. Láta vinnuafli, vörur og þjónustu af svæðinu njóta forgangs.

Á hverju ári skila sveitafélögin upplýsingum um árangur sinni í Earth Check verkefninu og taka þær til eftirfarandi umhverfisvísa:

- Losun gróðurhúsalofttegunda.
- Orkunýtingar, orkusparnaðar og stjórnunar.
- Stjórnunar ferskvatnsauðlinda.
- Verndunar og stjórnar vistkerfa.
- Stjórnunar félagslegra og menningarlegra áhrifa ferðaþjónustunnar.
- Skipulags og þróunar svæða undir ferðaþjónustu.
- Félagshagfræðilegs ávinnings svæðisins af ferðaþjónustu.
- Verndunar loftgæða og stjórnunar hávaða.
- Stjórnunar fráveitumála og ofanvatns.
- Lágmarkunargangur, endurnotkun og endurvinnsla.
- Geymslu og notkunar efna, sem eru skaðleg umhverfinu.
- Verndunar menningarminja.
- Framleiðslu endurnýjanlegrar orku.
- Nýtingar endurnýjanlegrar orku.

3.7 Umhverfisþættir

Við umhverfismat áætlaða er lagt mat á umfang þeirra þátta, sem hafa áhrif (s.k. áhrifaþátta), hvort sem um er að ræða bein áhrif framkvæmda eða áhrif vegna tiltekinnar stefnu sveitarstjórnar, á umhverfisþætti út frá gefnum viðmiðum (sjá kafla 3.1).

Þeir umhverfispættir sem liggja til grundvallar umhverfismati Aðalskipulag Eyja- og Miklaholtshrepps 2008 – 2020 byggja á þeim átta umhverfispáttum, sem taldir eru upp í kafla 3.1 og eru þeir eftirfarandi:

- Landslag og jarðmyndanir.
- Vistkerfi, vistgerðir, búsvæði
- Gróðurfar
- Fugla- og dýralíf
- Vatnalíf og fiskistofnar
- Þjóðminjar
- Samfélag og atvinnulíf.
- Útivist og ferðaþjónusta
- Samgöngur
- Neysluvatn
- Mengun
- Heilsa og öryggi
- Önnur landnotkun

3.8 Einkenni og vægi áhrifa, einkunnargjöf

Markmið umhverfismatsins er að leiða í ljós þau áhrif sem ólíkir valkostir (áhrifapættir) hafa á umhverfispætti og hvert eðli og umfang hugsanlegra áhrifa eru, t.d.:

- hvort áhrifin eru varanleg eða til skamms tíma?
- hvort áhrifa áætlunar gæti utan skipulagssvæðisins?
- hvort áætlunin hafi áhrif á heilbrigði fólks og umhverfi?
- hvort ákvörðun hafi takmarkandi áhrif á aðra landnotkun?

Við mat á vægi áhrifa eru þau flokkuð með eftirfarandi hætti:

+	líkleg jákvæð áhrif
0	engin eða óveruleg áhrif
-	líkleg neikvæð áhrif
?	óviss eða óþekkt áhrif

3.9 Vöktun – mat á umhverfisáhrifum

Niðurstöður umhverfismats geta leitt í ljós nauðsyn á ráðstöfunum til þess að draga úr áhrifum með mótvægisaðgerðum eða að þörf sé á vöktunaráætlun fyrir viðkomandi umhverfispátt.

Þar sem óvissa er um áhrif verður gerð grein fyrir hvort nauðsyn sé á að sett verði sérstök ákvæði við gerð deiliskipulags eða hvort viðkomandi framkvæmd fellur undir lög um mat á umhverfisáhrifum framkvæmda nr. 106/2000.

3.10 Umhverfismat

3.10.1 Svæði undir íbúðarbyggð

Þann 1. desember 2008 var föst búseta á 31 jörð af 53 í Eyja- og Miklaholtshreppi (sjá töflu 10). Engin svæði sem falla undir skilgreiningu um íbúðarbyggð eru fyrir hendi í sveitarfélaginu fyrir gildistöku Aðalskipulags Eyja- og Miklaholtshrepps 2008 – 2020. Í tillögunni er gert ráð fyrir íbúðarsvæðum á þremur jörðum, samtals tæpum 57,8 ha (sjá nánar kafla 4.2.).

Tafla 14 sýnir helstu þætti sem kunna að verða fyrir áhrifum vegna íbúðarbyggðar, skv. aðalskipulagstillögunni.

Tafla 14. Helstu þættir sem kunna að verða fyrir áhrifum vegna íbúðarbyggðar.

Umhverfisþættir		Áhrif
Landslag og jarðmyndanir	Landnotkunin mun hafa fremur lítil áhrif á ásýnd lands og jarðmyndanna, þó svo hún geti verið nokkur á afmörkuðum svæðum.	-
Vistkerfi, vistgerðir, búsvæði	Landnotkunin hefur töluverð áhrif á vistkerfi, vistgerðir og búsvæði á fyrirhuguðum byggingarsvæðum.	-
Gróðurfar	Landnotkunin hefur töluverð staðbundin áhrif á gróðurfar.	-
Fiskistofnar, vatna-, dýra- og fuglalíf	Landnotkunin hefur nokkur staðbundin áhrif á fuglalíf og gæti haft töluverð áhrif á vatnalíf, þar sem byggð stendur nærri ám.	-
Þjóðminjar	Landnotkunin hefur mikil áhrif á þjóðminjar á fyrirhuguðum byggingarsvæðum.	-
Samfélag og atvinnulíf	Íbúðarbyggð hefur töluverð áhrif á samfélag, þar sem íbúum mun fjölga og byggð styrkjast. Hún skapar atvinnu í hreppnum, styrkir efnahag hreppsins og kallar um leið á þjónustu af hálfu hreppsins.	+
Útivist og ferðaþjónusta	Íbúðarbyggð takmarkar útivist og náttúruupplifun og rýrir aðdráttarafl svæðisins til ferðamennsku á afmörkuðum svæðum.	-
Samgöngur	Landnotkunin kallar á aukna umferð og þar með aukið álag á samgöngukerfi svæðisins.	-
Mengun	Íbúðarbyggð kallar á aukna umferð og þar með hávaða og loftmengun. Sjónræn mengun gæti aukist. Þá getur íbúðarbyggð aukið líkur á grunnvatnsmengun og mögulega spillt neysluvatni.	-
Heilsa og öryggi	Óvíst er með áhrif íbúðarbyggðar á stórum lóðum á heilsu og öryggi.	?
Önnur landnotkun	Íbúðarbyggð á stórum lóðum þarf ekki að hafa takmarkandi áhrif á aðra landnotkun	-
Markmið sveitarstjórnar	Íbúðarbyggð samræmist mjög vel hugmyndum sveitastjórnar um að styrkja byggð í sveitarfélaginu og fjölga íbúum á sama tíma.	+++

Núllkostur

Verði núllkostur fyrir valinu mun þróun þeirra umhverfisþátta, sem hér um ræðir, verða í anda stefnu og þess leiðarljóss, sem tilgreint er í framkvæmdaráætlun Earth Check verkefnisins hverju sinni.

Í þeirri áætlun, sem nú er í gildi, er lögð áhersla á að sérstæð og viðkvæm náttúra Snæfellsness verði vernduð með friðun og öðrum fyrirbyggjandi aðgerðum. Einnig er lögð áhersla á að tryggja að loftgæði verði með því besta sem gerist, að yfirborðsvatn sé ómengað, ástand fráveitumála í samræmi við íslensk lög og reglugerðir, að neysluvatn sé notað sem minnst og að úrgangsmýndun verði með því minnsta sem gerist.

Mótvægisaðgerðir

Þar sem íbúðarbyggð getur falið í sér neikvæð áhrif t.d. varðandi mengun grunnvatns, mengun Straumfjarðarár/Hítarár og jarðvegs við rotþrær er afar brýnt að vöktunaráætlun verði sett upp hið fyrsta í samstarfi við Umhverfisstofnun. Myndi slík áætlun taka yfir alla þá umhverfisþætti, sem rannsaka þarf og fylgjast þarf með í þessu sambandi. Í slíkum rannsóknum þyrfti t.d. að taka sýni af vatni til efnis- og eðlisþáttamælinga. Í áætluninni þyrfti einnig að koma fram hver beri ábyrgð á vöktuninni og hversu oft hún ætti að fara fram. Þá yrði í áætluninni að finnast viðbragðsáætlun ef vöktun leiðir í ljós verulega neikvæð umhverfisáhrif.

Þá er mikilvægt að framkvæmdum sé haldið sem best utan viðkvæmra svæða og votlendissvæða.

Leggja þarf áherslu á að frágangur við framkvæmdir sé fullnægjandi og í sátt við náttúru og staðhætti svæðisins.

Niðurstaða

Eins og fram kemur í töflu 14 mun íbúðarbyggð stuðla að fjölgun íbúa í hreppnum og styrkja byggð. Gera má ráð fyrir að efnahagslegur ávinningur hreppsins verði umtalsverður, auk þess sem störf kunna að skapast innan hreppsins.

Áhrif slíkrar byggðar mun þó alltaf hafa neikvæð áhrif á landslag, náttúru- og þjóðminjar, gróðurfar og hvers kyns dýra- og fuglalíf, þó í misjafnlega miklum mæli. Til að sporna gegn slíkum neikvæðum áhrifum eru settar fram mótvægisaðgerðir til að lágmarka slík áhrif.

Tillaga um íbúðarbyggð á þremur jörðum í hreppnum er talin falla vel að meginmarkmiðum Aðalskipulags Eyja- og Miklaholtshrepps 2008 – 2020 og er niðurstaða hreppsnefndar sett fram í reglum um íbúðarsvæði í kafla 4.2.

3.10.2 Svæði undir frístundabyggð

Þann 1. des. 2008 voru 26 frístundahús á 14 jörðum í hreppnum. Í Aðalskipulagi Eyja- og Miklaholtshrepps 2008 - 2020 er gert ráð fyrir 18 frístundasvæðum á 16 jörðum í hreppnum, (sjá nánar töflu 22).

Tafla 15 sýnir helstu þætti sem kunna að verða fyrir áhrifum vegna frístundabyggðar.

Tafla 15. Helstu þættir sem kunna að verða fyrir áhrifum vegna frístundabyggðar.

Umhverfisþættir		Áhrif
Landslag og jarðmyndanir	Landnotkunin breytir töluvert ásýnd lands og jarðmyndana.	-
Vistkerfi, vistgerðir, búsvæði	Landnotkunin hefur töluverð áhrif á vistkerfi, vistgerðir og búsvæði á afmörkuðum svæðum.	-
Gróðurfar	Landnotkunin hefur töluverð staðbundin áhrif á gróðurfar.	-
Fiskistofnar, vatna-, dýra- og fuglalíf	Landnotkunin hefur nokkur staðbundin áhrif á fuglalíf, sérstaklega innan verndunarsvæðis við Löngufjörur. Þá gæti byggðin haft töluverð áhrif á vatnalíf, þar sem hún stendur nærri vatni eða árfarvegum.	-
Þjóðminjar	Landnotkunin gæti haft mikil staðbundin áhrif á þjóðminjar.	-
Samfélag og atvinnulíf	Landnotkunin mun hafa töluverð áhrif á samfélagið, þar sem dvalargestum mun fjölga og dvalartími eykst. Slíkt kallar á aukna þjónustu af ýmsu tagi, og styrkir því þá byggð og aðstöðu sem fyrir er.	+
Útivist og ferðaþjónusta	Landnotkunin mun að einhverju leyti rýra náttúruupplifun á tilteknum svæðum. Á móti kemur að dvalargestir geta stutt við ferðaþjónustu bæði með beinum og óbeinum hætti.	- / +
Samgöngur	Landnotkunin kallar á aukna umferð a.m.k. á sumum tímum árs og þar með aukið álag á samgöngukerfi svæðisins.	-
Neysluvatn	Landnotkunin gæti haft áhrif á neysluvatn og því mikilvægt að gætt verði vel að þáttum sem geta valdið grunnvatnsmengun, s.s. frárennismálum.	
Mengun	Landnotkunin kallar á aukna umferð a.m.k. á sumum tímum árs og þar með hávaða og loftmengun. Sjónræn mengun verður töluverð. Þá getur frístundabyggð aukið líkur á grunnvatnsmengun og mögulega spillt neysluvatni.	-
Heilsa og öryggi	Óvíst er með áhrif frístundabyggðar á heilsu og öryggi.	?
Önnur landnotkun	Landnotkunin takmarkar aðra landnotkun.	0
Markmið hreppsnefndar	Frístundabyggð samræmist mjög vel hugmyndum hreppsnefndar um að styrkja byggð í sveitarfélaginu og skapa fjölbreytta atvinnu.	+++

Núllkostur

Verði núllkostur fyrir valinu mun þróun þeirra umhverfisþátta, sem hér um ræðir, verða í anda stefnu og þess leiðarljóss sem tilgreint er í framkvæmdaráætlun Earth Check verkefnisins hverju sinni.

Í þeirri áætlun, sem nú er í gildi, er lögð áhersla á að sérstæð og viðkvæm náttúra Snæfellsness verði vernduð með friðun og öðrum fyrirbyggjandi aðgerðum. Einnig er

lögð áhersla á að tryggja að loftgæði verði með því besta sem gerist, að yfirborðsvatn sé ómengað, ástand fráveitumála í samræmi við íslensk lög og reglugerðir, að neysluvatn sé notað sem minnst, að úrgangsmýndun verði með því minnsta sem gerist og að á svæðinu væri rekin öflug ferðaþjónusta í sátt við umhverfi og samfélag, staðfest með óháðri vottun.

Mótvægisáðgerðir

Þar sem frístundabyggð getur falið í sér neikvæð áhrif t.d. varðandi mengun grunnvatns, mengun áa og jarðvegs við rotþrær er afar brýnt að vöktunaráætlun verði sett upp hið fyrsta í samstarfi við Umhverfisstofnun. Myndi slík áætlun taka yfir alla þá umhverfispætti sem rannsaka þarf og fylgjast þarf með í þessu sambandi. Í slíkum rannsóknum þyrfti t.d. að taka sýni af vatni til efnis- og eðlisþáttamælinga. Í áætluninni þyrfti einnig að koma fram hver beri ábyrgð á vöktuninni og hversu oft hún ætti að fara fram. Þá yrði í áætluninni að finnast viðbragðsáætlun ef vöktun leiðir í ljós verulega neikvæð umhverfisáhrif.

Mikilvægt er að framkvæmdum sé haldið sem mest utan viðkvæmra svæða, votlendissvæða og svæða sem njóta verndunar af einhverju tagi. Í þeim tilfellum sem frístundasvæði lenda innan slíkra svæða þarf að leggja sérstaka áherslu á að frágangur við framkvæmdir sé fullnægjandi og í fullri sátt við náttúru og staðhætti, hugsanlega með sérreglum eða sérstökum úrræðum, sem settar yrðu fram í deiliskipulagi.

Niðurstaða

Eins og fram kemur í töflu 15 hefur frístundabyggð jákvæð samfélagsleg áhrif á hreppinn, þar sem byggð styrkist og aukin eftirspurn verður eftir þjónustu af margvíslegu tagi.

Líkt og með íbúðarbyggð, fylgja frístundabyggð neikvæð áhrif á landslag, náttúru- og þjóðminjar, gróðurfar, vatna- og fuglalíf. Aukin mengun og meira álag á samgöngukerfi sveitarfélagsins eru einnig óhjákvæmilegir fylgifiskar aukinnar frístundabyggðar.

Það er því mikilvægt að vandað verði til verka til að lágmarka slík áhrif, meðal annars með framfylgni hugmynda um mótvægisáðgerðir, sérreglna og sérstakra úrræða, sem setja má á síðari skipulagsstigum.

Tillaga um frístundabyggð á 16 jörðum í hreppnum er talin falla vel að meginmarkmiðum Aðalskipulags Eyja- og Miklaholtshrepps 2008 – 2020 s.s. um atvinnusköpun og uppbyggingu þjónustu í hreppnum. Niðurstaða hreppsnefndar er sett fram í reglum um frístundabyggð í kafla 4.3.

3.10.3 Athafnasvæði

Í Aðalskipulagi Eyja- og Miklaholtshrepps 2008 – 2020 eru skilgreind athafnasvæði á fimm jörðum. Á einum stað, þar sem athafnasvæði er skilgreint, nánar tiltekið á Miðhrauni II, hefur verið stunduð sambærileg starfsemi um nokkurn tíma.

Tafla 16 sýnir helstu þætti sem kunna að verða fyrir áhrifum vegna athafnasvæða.

Tafla 16. Helstu þættir sem kunna að verða fyrir áhrifum vegna athafnasvæða.

Umhverfisþættir		Áhrif
Landslag og jarðmyndanir	Landnotkunin breytir lítið ásýnd lands og jarðmyndanna.	-
Vistkerfi, vistgerðir, búsvæði	Landnotkunin hefur töluverð áhrif á vistkerfi, vistgerðir og búsvæði á afmörkuðum svæðum.	-
Gróðurfar	Landnotkunin hefur töluverð staðbundin áhrif á gróðurfar.	-
Fiskistofnar, vatna-, dýra- og fuglalíf	Landnotkunin hefur nokkur staðbundin áhrif á fuglalíf. Þá gæti byggðin haft nokkur áhrif á vatnalíf, þar sem hún stendur nærri vatni eða árfarvegum.	-
Þjóðminjar	Landnotkunin gæti haft mikil staðbundin áhrif á þjóðminjar.	-
Samfélag og atvinnulíf	Landnotkunin mun hafa töluverð áhrif á samfélag vegna þeirrar atvinnusköpunar sem henni fylgir, sem mun svo aftur styrkja byggð og auka eftirspurn eftir þjónustu.	+
Útivist og ferðaþjónusta	Landnotkunin rýrir náttúruupplifun á tilteknum svæðum. Háð eðli þeirrar starfsemi, sem rekin yrði á svæðunum, þá gæti landnotkunin stutt við ferðaþjónustu.	- / +
Samgöngur	Landnotkunin gæti aukið álag á samgöngukerfi sveitarfélagsins.	- / ?
Mengun	Landnotkunin gæti kallað á aukna umferð og þar með hávaða, lyktar- og loftmengun. Sjónræn mengun gæti verið nokkur. Þá geta athafnasvæði aukið líkur á grunnvatnsmengun og mögulega spillt neysluvatni.	--
Heilsa og öryggi	Óvíst er með áhrif athafnasvæða á stórum lóðum á heilsu og öryggi.	?
Önnur landnotkun	Landnotkunin takmarkar aðra landnotkun.	-
Markmið sveitarstjórnar	Athafnasvæði samræmast mjög vel hugmyndum hreppsnefndar um að skapa fjölbreytta atvinnu og styrkja byggð.	+++

Núllkostur

Verði núllkostur fyrir valinu mun þróun þeirra umhverfisþátta, sem hér um ræðir, verða í anda stefnu og þess leiðarljóss sem tilgreint er í framkvæmdaráætlun Earth Check verkefnisins hverju sinni.

Í þeirri áætlun sem nú er í gildi er lögð áhersla á að sérstæð og viðkvæm náttúra Snæfellsness verði vernduð með friðun og öðrum fyrirbyggjandi aðgerðum. Einnig er lögð áhersla á að tryggja að loftgæði verði með því besta sem gerist, að yfirborðsvatn sé ómengað, ástand fráveitumála í samræmi við íslensk lög og reglugerðir, að neysluvatn sé notað sem minnst og að úrgangsmýndun verði með því minnsta sem gerist.

Mótvægisáðgerðir

Þar sem athafnasvæði geta falið í sér neikvæð áhrif t.d. varðandi mengun grunnvatns, mengun Straumfjarðarár/Haffjarðarár og jarðvegs við rotþrær er afar brýnt að vöktunaráætlun verði sett upp hið fyrsta í samstarfi við Umhverfisstofnun. Myndi slík áætlun taka yfir alla þá umhverfispætti sem rannsaka þarf og fylgjast þarf með í þessu sambandi. Í slíkum rannsóknum þyrfti t.d. að taka sýni af vatni til efnis- og eðlisþáttamælinga. Í áætluninni þyrfti einnig að koma fram hver beri ábyrgð á vöktuninni og hversu oft hún ætti fara fram. Þá yrði í áætluninni að finnast viðbragðsáætlun ef vöktun leiðir í ljós verulega neikvæð umhverfisáhrif.

Mikilvægt er að framkvæmdum sé haldið sem mest utan viðkvæmra svæða, og votlendissvæða.

Leggja þarf áherslu á að frágangur við framkvæmdir sé fullnægjandi og í sátt við náttúru og staðhætti svæðisins.

Niðurstaða

Eins og fram kemur í töflu 16 hafa athafnasvæði jákvæð samfélagsleg áhrif á sveitarfélagið, þar sem þeim fylgja aukin tækifæri til atvinnusköpunar sem styrkja byggð og geta aukið eftirspurn eftir þjónustu af margvíslegu tagi.

Athafnasvæðum fylgja í einhverjum tilfellum neikvæð áhrif á landslag, náttúru- og þjóðminjar, gróðurfar og vatna- og fuglalíf, þó allt eftir eðli þeirrar starfsemi sem þar fer fram. Þá má gera ráð fyrir aukinni mengun og meira álagi á samgöngukerfi sveitarfélagsins með tilkomu nýrra athafnasvæða.

Til að lágmarka neikvæð áhrif athafnasvæða, er mikilvægt að vandað verði til verka, m.a. með framfylgni mótvægisáðgerða, sérreglna og sérstakra úrræða sem setja má á síðari skipulagsstigum.

Tillaga um athafnasvæði á fimm jörðum í sveitarfélaginu er talin falla vel að meginmarkmiðum Aðalskipulags Eyja- og Miklaholtshrepps 2008 – 2020 hvað varðar atvinnu og styrkingu byggðar (sjá nánar kafla 3.4).

3.10.4 Jarðvangur (Geopark)

Í Aðalskipulagi Eyja- og Miklaholtshrepps 2008 – 2020 eru settar fram hugmyndir um stofnun jarðvangs sem myndi byggja á fyrirmynd European Geopark Network, en þar er lögð áhersla á sjálfbæra þróun og verndun jarðminja.

Afmörkun slíks jarðvangs er ekki sett fram í Aðalskipulagi Eyja- og Miklaholtshrepps 2008 - 2020 né heldur er hann skilgreindur sem sérstök landnotkun í skipulagstillögunni. Hinsvegar eru sett skýringarkort sem sýnir staði sem vænlegir eru í þessu samhengi (sjá Skýringarkort 6).

Tafla 17 sýnir helstu þætti sem kunna að verða fyrir áhrifum vegna jarðvangs (geopark).

Tafla 17. Helstu þættir sem kunna að verða fyrir áhrifum vegna jarðvangs (geopark).

Umhverfisþættir		Áhrif
Landslag og jarðmyndanir	Jarðvangurinn hefur mikil áhrif á landslag og jarðmyndanir í þeim skilningi að öllu raski yrði haldið í algjöru lágmarki.	+
Vistkerfi, vistgerðir, búsvæði	Jarðvangurinn hefur mikil áhrif á vistkerfi, vistgerðir og búsvæði þar sem náttúruleg framvinda fær að eiga sér stað óáreitt.	+
Gróðurfar	Jarðvangurinn hefur mikil áhrif á gróðurfar, þar sem náttúruleg framvinda fær að eiga sér stað.	+
Fiskistofnar, vatna-, dýra- og fuglalíf	Jarðvangurinn hefur mikil áhrif á fugla-, vatna og dýralíf, þar sem búsvæði, vistkerfi og vistgerðir fengju að langmestu leyti að vera óáreitt.	+
Þjóðminjar	Jarðvangurinn hefur jákvæð áhrif á þjóðminjar í þeim skilningi að þeim væri haldið öröskuðum.	+
Samfélag og atvinnulíf	Jarðvangurinn hefur mikil áhrif á samfélag og atvinnulíf, þar sem hann stuðlar að aukinni eftirspurn eftir þjónustu, sem bæði styrkir atvinnu og byggð.	+
Útivist og ferðaþjónusta	Jarðvangurinn hefur mikil áhrif á náttúruupplifun, þar sem náttúru og vistkerfum væri haldið öröskuðum. Einnig myndi hann styðja vel við ferðaþjónustu á svæðinu vegna aukinnar eftirspurnar eftir þjónustu og fjölbreyttari tækifærum sem hann býður upp á.	+
Samgöngur	Jarðvangurinn gæti mögulega aukið álag á samgöngukerfi sveitarfélagsins þar sem hann gæti kallað á aukna umferð.	-
Mengun	Jarðvangurinn gæti mögulega kallað á aukna umferð og þar með hávaða og loftmengun.	- / ?
Heilsa og öryggi	Jarðvangurinn hefur nokkur áhrif á heilsu, þar sem hann stuðlar að aukinni hreyfingu og útivist.	+
Önnur landnotkun	Landnotkunin takmarkar að einhverju leyti aðra landnotkun.	- / ?
Markmið sveitarstjórnar	Jarðvangurinn samræmist mjög vel hugmyndum hreppsnefndar um að skapa fjölbreytta atvinnu með sjálfbæra þróun og verndun náttúru að leiðarljósi.	+++

Núllkostur

Verði núllkostur fyrir valinu mun þróun þeirra umhverfisþátta sem hér um ræðir verða í anda stefnu og þess leiðarljóss sem tilgreint er í framkvæmdaáætlun Earth Check verkefnisins hverju sinni.

Í þeirri áætlun sem nú er í gildi er lögð áhersla á að sérstæð og viðkvæm náttúra Snæfellsness verði vernduð með friðun og öðrum fyrirbyggjandi aðgerðum.

Niðurstaða

Eins og fram kemur í töflu 17 hefur jarðvangur (geopark) mjög jákvæð samfélagsleg áhrif á hreppinn, þar sem honum fylgja aukin tækifæri til atvinnusköpunar sem styrkja byggð og geta aukið eftirspurn eftir þjónustu af margvíslegu tagi.

Áherslur er lúta að jarðvangi þurfa að falla vel að stefnumiðum og leiðarljósi Earth Check verkefnisins, þar sem sjálfbær þróun er í fyrirrúmi. Víst má telja að jarðvangur myndi auka aðdráttarafl svæðisins, enda er þar stuðlað að jarðfræðitengdri ferðamennsku, sem miðar að því að skapa einstaka upplifun bæði hvað varðar náttúru og menningarminjar svæðisins á sjálfbæran hátt.

Hugmyndir um jarðvang í hreppnum er talin falla vel að meginmarkmiðum Aðalskipulags Eyja- og Miklaholtshrepps 2008 – 2020 hvað varðar uppbyggingu ferðamennsku í anda Earth Check, verndun náttúru og menningarminja, sköpun atvinnu og styrkingu byggðar (sjá nánar kafla 4.3).

3.10.5 Efnistaka

Í Aðalskipulagi Eyja- og Miklaholtshrepps 2008 - 2020 er gert ráð fyrir 23 námum víðsvegar um sveitarfélagið. Flestar þeirra eru bæði til einkanota og til sölu á efni, m.a. til viðhalds vega um svæðið.

Gera má ráð fyrir að efnistaka hafi margvísleg áhrif á umhverfið, og skv. 1. viðauka laga nr. 106/2000 skal áætluð efnistaka, sem raskar 50.000 m² svæði eða stærra eða er 150.000 m³ eða meiri, ávallt vera háð mati á umhverfisáhrifum. Þetta á einnig við um þar sem fleiri en einn efnistökustaður nær til samans yfir 50.000 m² svæði eða stærra, og um efnistöku á verndarsvæðum. Í 2. viðauka sömu laga segir að áætluð efnistaka sem raskar 25.000 m² svæði eða stærra eða er 50.000 m³ eða meiri, kunni að vera háðar mati á umhverfisáhrifum og meta skuli hvert tilfelli fyrir sig. Það sama gildir um þar sem fleiri en einn efnistökustaður, vegna sömu framkvæmdar og á sama svæði, ná samanlagt yfir 25.000 m².

Í töflu 18 eru helstu þættir sem kunna að verða fyrir áhrifum af efnistöku raktir.

Tafla 18. Helstu þættir sem kunna að verða fyrir áhrifum efnistöku.

Umhverfisþættir		Áhrif
Landslag og jarðmyndanir	Framkvæmdirnar hafa neikvæð áhrif á landslag og jarðmyndanir.	-
Vistkerfi, vistgerðir, búsvæði	Efnistaka í ám og á áreyrum mun hafa býsna neikvæð áhrif á vistkerfi, vistgerðir og búsvæði. Áhrif efnistöku á öðrum stöðum gæti haft nokkur áhrif.	-
Gróðurfar	Framkvæmdirnar munu hafa neikvæð áhrif á efnistökusvæðum.	-
Fugla- og dýralíf	Gera má ráð fyrir óverulegum áhrifum efnistöku á fugla og dýralíf.	0
Vatnalíf og fiskistofnar	Efnistaka í ám og á áreyrum mun hafa umtalsverð áhrif á vatnalíf og fiskistofna, þar sem búsvæðum er raskað.	-
Þjóðminjar	Framkvæmdirnar gætu haft nokkur staðbundin áhrif á þjóðminjar.	-
Samfélag og atvinnulíf	Efnistaka mun hafa, með óbeinum hætti, jákvæð áhrif á samfélag og atvinnulíf, þar sem þær stuðla að betri samgöngum og skapa atvinnu.	+
Útivist og ferðaþjónusta	Gera má ráð fyrir að efnistaka hafi neikvæð áhrif á náttúruskoðun og náttúruupplifun.	-
Samgöngur	Áhrif efnistöku á samgöngur eru mikil enda efnistaka ein meginforsenda þess að hægt sé að viðhalda og bæta vegi.	+
Mengun	Efnistaka getur falið í sér töluverða sjónræna mengun.	-
Heilsa og öryggi	Framkvæmdir hafa í för með sér, með óbeinum hætti, umtalsverð jákvæð áhrif á heilsu og öryggi vegfarenda.	+

Önnur landnotkun	Efnistökusvæði eru á landbúnaðarsvæðum og koma í veg fyrir aðra landnotkun.	-
Markmið hreppsnefndar	Framkvæmdirnar falla vel að markmiðum hreppsnefndar er lúta að því að tryggja að nægt efni sé til staðar við hinar ýmsu framkvæmdir, s.s. í tengslum við vegagerð. Á móti stangast framkvæmdirnar á við markmið er varða verndun náttúru og sjálfbæra þróun.	+

Núllkostur

Verði núllkostur fyrir valinu mun þróun þeirra umhverfispáttá sem hér um ræðir verða í anda stefnu og þess leiðarljóss sem tilgreint er í framkvæmdaráætlun Earth Check verkefnisins hverju sinni.

Í þeirri áætlun sem nú er í gildi er lögð áhersla á að sérstæð og viðkvæm náttúra Snæfellsness verði vernduð með friðun og öðrum fyrirbyggjandi aðgerðum. Einnig er lögð áhersla á að tryggja að loftgæði verði með því besta sem gerist, að yfirborðsvatn sé ómengað, ástand fráveitumála í samræmi við íslensk lög og reglugerðir, að neysluvatn sé notað sem minnst og að úrgangsmýndun verði með því minnsta sem gerist.

Með núllkosti er gert ráð fyrir að fyrirhuguð efnistökusvæði verði annars vegar nýtt undir hefðbundinn landbúnað, svo sem fyrir beit eða einhvers konar ræktun, þar sem henni verður við komið eða hins vegar að árfarvegir verði látnir óáreittir, og lúti þar með lögmálum náttúrunnar.

Mótvægisáðgerðir

Í Aðalskipulagi Eyja- og Miklaholtshrepps 2008 - 2020 leggur hreppsnefnd ríka áherslu á að efnistöku sé haldið í eins miklu lágmarki og kostur er. Í grundvallaratriðum samræmist efnistaka illa markmiðum hreppsnefndar, sem og stefnumiðum og leiðarljósi Earth Check verkefnisins, er lúta að verndun og ásynnd náttúru og þjóðminja. Hreppsnefnd leggur því mikla áherslu á að vandað sé vel til verka við efnistöku og að gengið sé frá námum í samræmi við lög og reglugerðir, eins fljótt og kostur er eftir að efnistöku er lokið (sjá nánar kafla 4.14).

Niðurstaða

Eins og fram kemur í töflu 18 eru neikvæð áhrif efnistöku mikil, sérstaklega í náttúrufarslegu tilliti. Á hinn bóginn, telur sveitarstjórn mikilvægt að tryggja að nægjanlegur aðgangur sé að efni til hinna ýmsu framkvæmda á jörðum og til vegagerðar á svæðinu, sem annars yrði að flytja um lengri veg með tilheyrandi kostnaði og mengun.

Leggur hreppsnefnd áherslu á að vandað sé vel til verka við efnistöku og að gengið sé frá námum í samræmi við lög og reglugerðir, eins fljótt og kostur er eftir að efnistöku er lokið.

3.10.6 Iðnaðarsvæði – vatnsaflsvirkjanir

Í Aðalskipulagi Eyja- og Miklaholtshrepps 2008 – 2020 eru sýndar á aðalskipulags-uppdrætti tvær vatnsaflsvirkjanir, sem eru yfir 200 kW. Önnur er Múlavirkjun 3.1 MW, sem þegar er byggð. Hin er 400 kW virkjun, sem fyrirhuguð er í Grímsá í landi Miðhrauns á skipulagstímabilinu.

Þrjár smávirkjanir innan við 200 kW eru á svæðinu eins og áður er fram komið, ein á Hjarðarfelli og tvær á Þverá. Þá eru líkur á því að ein smávirkjun verði byggð í landi Dalsmynnis á skipulagstímabilinu.

Tafla 19 sýnir helstu þætti sem kunna að verða fyrir áhrifum vegna vatnsaflsvirkjana.

Tafla 19. Helstu þættir sem kunna að verða fyrir áhrifum vegna vatnsaflsvirkjana.

Umhverfisþættir		Áhrif
Landslag og jarðmyndanir	Landnotkunin hefur áhrif á landslag og jarðmyndanir.	-
Vistkerfi, vistgerðir, búsvæði	Landnotkunin hefur töluverð staðbundin áhrif á vistkerfi, vistgerðir og búsvæði.	-
Gróðurfar	Landnotkunin hefur mikil staðbundin áhrif á gróðurfar.	-
Fiskistofnar, vatna-, dýra- og fuglalíf	Landnotkunin getur haft töluverð áhrif á vatnalíf og fiskistofna í þeim ám sem virkjaðar eru.	-
Þjóðminjar	Landnotkunin hefur mikil staðbundin áhrif á þjóðminjar.	-
Samfélag og atvinnulíf	Landnotkunin hefur töluverð áhrif á samfélag og atvinnulíf, þar sem framleiðsla rafmagns getur falið í sér fjárhagslegan ávinning og þannig styrkt byggð á svæðinu.	+
Útivist og ferðaþjónusta	Landnotkunin spillir í flestum tilfellum náttúruupplifun, þó það sé vissulega háð umfangi hvers virkjunar. Landnotkunin getur haft áhrif á ferðaþjónustu.	- / 0
Samgöngur	Landnotkunin hefur óveruleg áhrif á samgöngur á svæðinu	0
Mengun	Landnotkunin felur fyrst og fremst í sér sjónræna mengun.	-
Heilsa og öryggi	Landnotkunin hefur óveruleg áhrif á heilsu fólks og öryggi.	0
Önnur landnotkun	Landnotkunin takmarkar aðra landnotkun.	-
Markmið sveitarstjórnar	Fyrirhugaðar virkjanir samræmast hugmyndum hreppsnefndar um að styrkja byggðina og skapa atvinnutækifæri á svæðinu.	++

Núllkostur

Verði núllkostur fyrir valinu mun þróun þeirra umhverfisþátta sem hér um ræðir verða í anda stefnu og þess leiðarljóss sem tilgreint er í framkvæmdaráætlun Earth Check verkefnisins hverju sinni.

Í þeirri áætlun sem nú er í gildi er lögð áhersla á að sérstæð og viðkvæm náttúra Snæfellsness verði vernduð með friðun og öðrum fyrirbyggjandi aðgerðum.

Svæðið er á Náttúruminjaskrá 1996 og því má gera ráð fyrir að náttúruleg framvinda eigi sér stað á svæðinu, ef núllkostur verður fyrir valinu.

Mótvægisáðgerðir

Þar sem vatnsaflsvirkjanir geta falið í sér neikvæð áhrif s.s. á lífríki áa er afar brýnt að vöktunaráætlun verði sett upp hið fyrsta í samstarfi við Umhverfisstofnun. Myndi slík áætlun taka yfir alla þá umhverfisþætti sem rannsaka þarf og fylgjast þarf með í þessu sambandi. Í áætluninni þyrfti einnig að koma fram hver beri ábyrgð á vöktuninni og hversu oft hún ætti fara fram. Þá yrði í áætluninni að finnast viðbragðsáætlun ef vöktun leiðir í ljós verulega neikvæð umhverfisáhrif.

Niðurstaða

Eins og fram kemur í töflu 19 hafa fyrirhugaðar vatnsaflsvirkjanir jákvæð samfélagsleg áhrif á sveitarfélagið, þar sem þær auka tækifæri til atvinnusköpunar og styrkja byggð.

Þó svo fyrirhugaðar vatnsaflsvirkjanir falli ekki vel að meginmarkmiðum sveitarstjórnar og stefnumiðum og leiðarljósi Earth Check verkefnisins hvað varðar verndun náttúru, þá falla fyrirhugaðar framkvæmdir vel að framleiðsluorku frá endurnýtanlegum orkugjöfum.

Fyrirhugaðar vatnsaflsvirkjanir eru því taldar falla vel að meginmarkmiðum Aðalskipulags Eyja- og Miklaholtshrepps 2008 – 2020 hvað varðar sjálfbæra þróun (sjá nánar kafla 4.4).

3.11 Greinargerð hreppsnefndar

Við gerð Aðalskipulags Eyja- og Miklaholtshrepps 2008-2020 voru umhverfisáhrif áætlunarinnar metin með margvíslegum hætti og tekið tillit til þeirra eins og kostur er.

Í áætluninni er m.a. gert ráð fyrir töluverðri uppbyggingu íbúðar- og frístundabyggðar, gestavinnustofa, hreinlegs atvinnurekstrar o. fl. sem helst í hendur við fyrirhugaða styrkingu byggðarinnar og svæðisins sem landbúnaðarhéraðs með mikla áherslu á ferðamennsku. Þar sem uppistaðan er hin magnaða og fjölbreytta náttúra sveitarinnar, áhugaverð saga hennar og minjar, sem þar blasa við á hverju strái og fullur vilji er hjá hreppsnefnd til að halda til haga.

Áhugi er á stofnun Jarðvangs á svæðinu í samvinnu við nágrannasveitarfélögin, sem hefði í för með sér fjölbreyttari atvinnutækifæri með sjálfbæra þróun og verndun náttúru að leiðarljósi og aukna útivist. Þetta getur ásamt öðru leitt til þess að efla þurfi gistirými á svæðinu og ýmsa þjónustu.

Efnistaka er víða í hreppnum. Þótt henni fylgi ýmis neikvæð áhrif á landslag og jarðmyndanir þá hefur hún með óbeinum hætti góð áhrif á öryggi vegfarenda, samfélag og atvinnulíf. Framkvæmdir falla vel að markmiðum hreppsnefndar er lúta að því að tryggja að nægt efni sé fyrir hendi fyrir hinar ýmsu framkvæmdir á mótí stangast þær á við markmið er varða verndun náttúru og sjálfbæra þróun.

Aukin raforkuframleiðsla sem fyrirhuguð er á svæðinu á skipulagstímabilinu samræmist hugmyndum hreppsnefndar um styrkingu byggðar og sköpun fjölþættari atvinnutækifæra á svæðinu. Má þar m.a. nefna ræktun af ýmsu tagi og heilsutengda ferðamennsku.

4. kafli - Skipulagsáætlunin: Landnotkun og þróun byggðar



Á hæðunum neðan við Ljósufjöll. Hafursfell, láglendið, fjörunnar og hafið

Inngangur

Aðalskipulag Eyja- og Miklaholtshrepps 2008 - 2020 er, eins og aðrar sambærilegar áætlanir, stefnumið hreppsins um þróun byggðar á því tímabili, sem tilgreint er. Aðalskipulaginu er ætlað að skapa rými til eflingar búsetu, atvinnulífs og skilgreina svæði fyrir nýjar atvinnugreinar. Þá er skipulaginu ætlað að setja fram markmið og helstu áherslur ásamt að greina frá leiðum að því sem stefnt er að.

Eitt af meginmarkmiðum aðalskipulagsins er að fjölga fólki með fasta búsetu í sveitarfélaginu. Eins og fram kemur á myndum 8 og 9 í kafla 2.2.1 voru ekki miklar sveiflur í íbúafjölda hreppsins á árunum 1998 - 2008. Benda má á óverulega fækkun í aldurshópnum 0 - 19 ára á tímabilinu sem og í aldurshópnum 60 - 79 ára, en fjölgun í aldurshópnum 20 - 39 ára og 40 - 59 ára. Fyrirliggjandi gögn skapa því fremur veikar forsendur fyrir spá um íbúðarþróun á komandi árum, en yfirlýst stefna hreppsnefndar er að fjölga íbúum í hreppnum með fasta búsetu til ársins 2020.

Allt frá því að Kolbeinsstaðahreppur sameinaðist Borgarbyggð þann 10. júní 2006 hafa forsendur fyrir margvíslegri grunnþjónustu í sveitarfélaginu s.s. rekstri Laugargerðisskóla, raskast verulega. Það er því nauðsynlegt til að viðhalda megi góðri og öflugri grunnþjónustu og störfum henni tengdri, að styrkari stoðum sé skotið undir hina samfélaglegu heild innan sveitarfélagsins. Á grundvelli þessa er gert ráð fyrir aukningu á íbúðarbyggð í hreppnum og einnig á atvinnusvæðum, auk þess sem Vegamót verða styrkt sem þjónustukjarni. Þá gerir skipulagið einnig ráð fyrir að á öllum lögbýlum í hreppnum (10 ha. og stærri) verði gefnir möguleikar á hóflegri atvinnuuppbyggingu s.s. í ferðamennsku til að styrkja undirstöðurnar.

Sú stefna sem sett er fram í aðalskipulagi þessu, og er tíunduð hér í 4. kafla, felur í sér raunhæf markmið miðað við legu hreppsins, landkosti, góðar samgöngur, þjónustu í næsta nágrenni og þær vannýttu auðlindir sem lýst hefur verið í köflunum hér að framan.

Tafla 20 sýnir landnotkun á einstökum jörðum í Eyja- og Miklaholtshreppi, samkvæmt Aðalskipulagi Eyja- og Miklaholtshrepps 2008 – 2020.

Tafla 20. Landnotkun jarða samkvæmt Aðalskipulagi Eyja- og Miklaholtshrepps 2008 – 2020.

Jörð	Landnotkun skv. AS 2008 – 2020
Akurholt (í eyði)	Landbúnaður, opið svæði til sérstakra nota (áningarstaður) og hverfisvernd.
Borg	Landbúnaður, stakt frístundabyggðarhús og hverfisvernd.
Borgarholt	Landbúnaður, svæði á Náttúruminjaskrá 1996, íbúðarsvæði, veiðihús og hverfisvernd.
Dalsmynni	Landbúnaður, skógrækt (samn. v. Vesturlandsskóga), veiðihús, frístundabyggðarsvæði, náma og smávirkjun.
Dalur (í eyði) og Dalur 2	Landbúnaður, skógrækt og veiðihús.
Eiðhús	Landbúnaður, hitaveituborhola og náma.
Fáskrúðarbakki	Landbúnaður, kirkja, kirkjugarður, félagsheimili, opin svæði til sérstakra nota (sparkvöllur, tjaldsvæði) stakt frístundabyggðarhús og náma.
Gerðuberg (í eyði)	Landbúnaður og svæði á Náttúruminjaskrá 1996 (samþykkt hreppsnefndar liggur fyrir um að vinna að friðlýsingu svæðisins á skipulagstímabilinu).
Gröf	Landbúnaður, frístundabyggðarsvæði, opið svæði til sérstakra nota (áningarstaður) og endurvarpsstöð.
Hausthús (í eyði)	Landbúnaður, svæði á Náttúruminjaskrá 1996, stakt frístundahús og forn kirkjugarður.
Hjarðarfell, Hjarðarfell 2 og Hvammur	Landbúnaður, skógrækt, frístundabyggðarsvæði, veiðihús, hverfisvernd og smávirkjun.
Hofsstaðir	Landbúnaður, opið svæði til sérstakra nota (Hofsstaðaskógur) stakt frístundabyggðarhús, virkjun og námur.
Holt (12.5 ha)	Verslun og þjónusta (bifreiðaverkstæði), opið svæði til sérstakra nota (tjaldsvæði) og frístundabyggðarsvæði.
Holtsemi (í eyði)	Landbúnaður, opið svæði til sérstakra nota (skógrækt), íbúðarsvæði/athafnasvæði, afmörkun svæða ákveðst við gerð forsagnar fyrir deiliskipulag þéttbýliskjarnans v. Vegamót.
Hólsland (í eyði)	Landbúnaður.
Hrísdalur 1 og Hrísdalur 2	Landbúnaður, lóðir fyrir fimm stök frístundabyggðarhús og opið svæði til sérstakra nota (skeiðvöllur).
Hrossholt	Landbúnaður, athafnasvæði, skógræktarsvæði og náma.
Hrútsholt 1 og Hrútsholt 2	Landbúnaður og frístundabyggðarsvæði.
Höfði (í eyði)	Landbúnaður og hverfisvernd.
Hömluholt	Landbúnaður, frístundabyggðarsvæði og svæði á Náttúruminjaskrá 1996.
Hörgsholt (í eyði)	Landbúnaður og frístundabyggðarsvæði.
Kleifárvellir (í eyði)	Landbúnaður.
Kolviðarnes	Landbúnaður, svæði á Náttúruminjaskrá 1996, hitaveituborhola, Laugargerðiskóli, sundlaug o.fl., opin svæði til sérstakra nota (íþróttasvæði, tjaldsvæði), athafnasvæði, frístundabyggðarsvæði með skógræktarívafi, náma og endurvarpsstöð.

Tafla 20. (frh). Landnotkun jarða samkvæmt Aðalskipulagi Eyja- og Miklaholtshrepps 2008 – 2020.

Jörð	Landnotkun skv. AS 2008 – 2020
Kolviðarnes 2	Frístundabyggðarsvæði og svæði á Náttúruminjaskrá 1996.
Laxárbakki (í eyði)	Landbúnaðarsvæði og svæði á Náttúruminjaskrá 1996.
Litla-Þúfa (í eyði)	Landbúnaður, stakt frístundahús, svæði á Náttúruminjaskrá 1996, veiðihús og hverfisvernd.
Lynghagi	Athafnassvæði, hluti af þjónustukjarnanum við Vegamót.
Lækjamót (í eyði)	Landbúnaður.
Miðhraun 1 og Miðhraun 2	Landbúnaður, skógræktarsvæði, frístundabyggðarsvæði, íbúðarsvæði, athafnasvæði, virkjun, náma og hverfisvernd.
Miklaholt 1 og Miklaholt 2	Landbúnaður, kirkja, kirkjugarðurog svæði á Náttúruminjaskrá 1996.
Miklaholtssel	Landbúnaður, stök frístundahús, íbúðarsvæði og skógrækt (samn. v. Vesturlandsskóga).
Minni-Borg	Landbúnaður.
Rauðkollsstaðir	Landbúnaður, skógrækt (samn. v. Vesturlandsskóga), stakt frístundahús, frístundabyggðarsvæði (athafnasvæði), svæði á Náttúruminjaskrá 1996 og náma.
Stakkhamar og Stakkhamar 2	Landbúnaður, svæði á Náttúruminjaskrá 1996, friðlýstar fornminjar (Búðarhamar), opið svæði til sérstakra nota, náma og hverfisvernd.
Stóra-Þúfa	Landbúnaður.
Straumfjarðartunga	Landbúnaður, stakt frístundahús, hverfisvernd og tengivirki.
Svarfhóll (í eyði)	Landbúnaður og frístundabyggðarsvæði.
Syðra Lágafell 1	Landbúnaður og frístundabyggðarsvæði.
Syðra Lágafell 2	Landbúnaður.
Syðra-Skógarnes	Landbúnaður, stakt frístundahús, svæði á Náttúruminjaskrá 1996, námur og hverfisvernd.
Söðulsholt	Landbúnaður, skógrækt (samn. v. Vesturlandsskóga) og námur.
Vegamót	Verslunar- og þjónustusvæði, íbúðrbyggð.
Ytra-Lágafell (í eyði)	Landbúnaður og stök frístundahús.
Ytri- Rauðamelur (í eyði)	Landbúnaður, kirkja (friðlýst), kirkjugarður, námur, hverfisvernd, tvö veiðihús (Geiteyri og kvörn), svæði á Náttúruminjaskrá 1996, Rauðamelsölkelda (samþykkt hreppsnefndar liggur fyrir um að vinna að friðlýsingu ölkeldunar á skipulagstímabilinu).
Ytra-Skógarnes (í eyði)	Landbúnaður, yfir 100 ára gamalt íbúðarhús, hverfisvernd, frístundabyggðarsvæði og svæði á Náttúruminjaskrá 1996.
Þverá	Landbúnaður, stök frístundahús, frístundabyggðarsvæði, hverfisvernd, skógrækt (samn. v. Vesturlandsskóga) og tvær smávirkjanir

4.1 Landbúnaður

Skipulagsreglugerð nr. 400/1998

4.14.1 Skilgreining landbúnaðarsvæða

„Landbúnaðarsvæði ná yfir allt land jarða eða lögbýla, sbr. ákvæði jarðalaga og ábúðarlaga um land sem nýtt er til landbúnaðar. Á landbúnaðarsvæðum skal fyrst og fremst gera ráð fyrir byggingum sem tengjast búrekstri á jörðinni.“

4.14.2 Landbúnaðarsvæði í skipulagsáætlunum

„Í aðalskipulagi skal gera grein fyrir landbúnaðarsvæðum, helstu einkennum svæðanna og þess búrekstrar sem þar er stundaður og er fyrirhugað að stunda. Gera skal sérstaklega grein fyrir ræktuðum svæðum, uppgæðslusvæðum og skógræktarsvæðum innan landbúnaðarsvæða.“

Landnotkun í sveitarfélaginu skal einkum vera til landbúnaðarnota, sbr. 5. gr. jarðalaga nr. 81/2004, en þar segir um land í landbúnaðarnotum: „Land sem við gildistöku þessara laga er nýtt eða nýtanlegt til landbúnaðar, þar með taldir afréttir, almenningar, þjóðlendur, eyðijarðir, landspildur og lóðir, má ekki taka til annarra nota, nema heimild sé til slíks í lögum, sbr. þó 6. og 7. gr [sömu laga].“

Skv. 2. gr. jarðalaga nr. 81/2004 merkir landbúnaður „hvers konar vörslu, verndun, nýtingu og ræktun búfjár, ferskvatnsdýra, lands og auðlinda þess til atvinnu- og verðmætasköpunar, matvælaframleiðslu og þjónustu er tengist slíkri starfsemi“.

Eins og áður er fram komið eru 53 jarðir í Eyja- og Miklaholtshreppi, þar af 31 í fastri búsetu og hefðbundinn búskapur í einhverri mynd á 24 þeirra. Nokkrar þessara jarða hafa alfarið verið teknar undir annað en hefðbundinn landbúnað. Nú á tímum er lögð vaxandi áhersla á að ræktað land og ræktanlegt land sé auðlegð sem mönnum beri að halda til haga sem slíku, en ekki rýra eða spilla með annarri landnotkun. Því þykir farsælast að allar jarðirnar 53 njóti sömu réttinda hvað varðar leyfi til framkvæmda. Fyrirvari eða sérstök skilyrði geta þó verið á framkvæmdum á tilteknum svæðum vegna votlendis, ræktaðs lands eða ákvæða sem sett kunna að verða um hæð húsa yfir sjávarmáli.

Ekki liggur fyrir nákvæm afmörkun á ræktuðu landi eða mat á ræktanlegu landi á einstökum jörðum. Leitast er við að sneiða hjá því að sýna aðra landnotkun á þeim svæðum sem sýnd eru á aðalskipulagsuppdraetti sem ræktað land.

Landbúnaðarsvæði eru merkt með mosagrænum lit á aðalskipulagsuppdraetti, en ræktað land (mörk tekin upp af loftmynd) í grænum lit.

Reglur og viðmið á landbúnaðarsvæðum

Án þess að aðalskipulagi sé breytt er:

- Heimilt á landbúnaðarsvæðum að reisa byggingar tengdar búrekstri, meðal annars minniháttar verkstæðisbyggingar.
- Heimilt að byggja þrjú íbúðarhús á öllum jörðum (lögbýlum) sem eru yfir 10 ha. Húsin geta verið ótengd búrekstri. Slík hús skulu ávallt standa á sérstaklega afmörkuðum lóðum.
- Þá er einnig heimilt að reisa allt að þrjú frístundahús á öllum jörðum (lögbýlum), sem eru yfir 10 ha. Mælt er til að húsin séu í nágrenni hvert við annað. Húsin skulu ætíð standa á sérstaklega afmörkuðum lóðum.
- Heimilt er að reisa gestavinnustofu á jörð (lögbýli) á afmarkaðri lóð.
- Heimilt að reisa veiðihús á jörð (lögbýli) á afmarkaðri lóð þar sem það á við.

- Heimilt er að reisa fuglaskoðunarbirgi og gangnamannakofa á jörð (lögbylí) á afmarkaðri lóð þar sem það á við.
- Bændagisting er heimil á landbúnaðarsvæðum, sem og sorpgámar og smávirkjanir (allt að 200 kW), án þess að aðalskipulagi sé breytt.

Framkvæmdir þessar eru allar deiliskipulagsskyldar sbr. 2. gr. og 23. gr., 1. 2. og 4. mgr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997.

Mikilvægt er að vandað sé til gerðar deiliskipulags. Sérstaklega í þessum hreppi, þar sem lögbylí geta orðið mörg (stærð allt niður í 10 ha). Stefnan er að hafa umhverfið vel mótað og glæsilegt til hagsbóta fyrir alla uppbyggingu.

Í 3. tl. 62. gr. skipulags- og byggingalaga nr. 73/1997 er minnst á þann möguleika að hægt sé að leyfa einstakar framkvæmdir að fengnum meðmælum Skipulagsstofnunar. Slíkt ákvæði gæti átt við um sorpgáma, sæluhús, fuglaskoðunarbirgi og gangnamannakofa.

Leiðir til eflingar landbúnaðar

- Gert er ráð fyrir að áfram verði leitað leiða til að styrkja stöðu hefðbundins landbúnaðar.
- Mælt er til að á góðu ræktuðu landi verði ekki leyfð svæði fyrir íbúðar- eða frístundabyggð.
- Gefinn verði gaumur að ýmsum þróunarmöguleikum í ræktun s.s. lífrænni ræktun landbúnaðarafurða, t.d. korns, hörs, repju og lækningajurta af ýmsu tagi.
- Lögð verði vinna í að þróa nýjar leiðir til þess að nýta á fjölbreyttan hátt hráefni til matargerðar sem framleitt er/á uppruna sinn á svæðinu.
- Lögð verði áherslu á að nýting hlunninda verði markviss og fjölbreytt.
- Gefinn verði gaumur að sölu afurða beint frá býli.

4.1.1 Skógrækt

Skógræktaráætlanir þurfa að vera í samræmi við skipulagsáætlanir sbr. 27. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997. Í kafla 4.14.2 skipulagsreglugerðar nr. 400/1998 kemur fram að gera skuli grein fyrir skógræktarsvæðum innan landbúnaðarsvæða.

Um nýræktun skóga gildir sú regla að fari stærð skógræktarsvæðis að og yfir 200 ha og/ef skógræktarsvæði fari yfir verndarsvæði, þarf að tilkynna framkvæmdina til Skipulagstofnunar skv. 2. viðauka laga nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum, auk þess sem sækja ber um framkvæmdaleyfi til hreppsnefndar áður en hafist er handa. Í 36. gr. laga nr. 44/1999 m.s.br. um náttúruvernd segir m.a. að við skógrækt og skjólbeltagerð skuli þess gætt að slík ræktun falli sem best að heildarsvipmóti lands og raski ekki náttúruminum.

Þá skal ræktun skóga vera í samræmi við 10. gr. þjóðminjalaga nr. 107/2001. En þar segir: „Fornleifum má enginn, hvorki landeigandi, ábúandi né nokkur annar spilla, granda eða breyta, ekki heldur hylja þær, laga né aflaga né úr stað flytja nema með leyfi Fornleifaverndar ríkisins.“

Þá er votlendi undanskilið skógrækt, sbr. Ramsarsamninginn um verndun votlendis, sem Ísland er aðili að.

Ræktun skóga þarf að vera í samræmi við Ríósamninginn um verndun líffræðilegs fjölbreytileika og Bernarsamninginn, um vernd villtra dýra, plantna og vistgerða í Evrópu.

Í 10. gr. reglugerðar nr. 583/2000 um innflutning, ræktun og dreifingu útlendra plöntutegunda stendur, að öll ræktun útlendra plöntutegunda hér á landi sé óheimil á friðlýstum svæðum, á landslagsgerðum sem njóta sérstakrar verndar og alls staðar ofan 500 m yfir sjó.

Tilmæli eru um það frá Umhverfisstofnun að ekki sé plantað skógi nær vatnsbakka en 30 - 50 m.

Þá eru tilmæli frá orkugeiranum þess efnis að ekki sé viðhöfð skógrækt innan helgunarsvæðis háspennulína og þess gætt að plöntur sái sér ekki innan þess. Tryggja þarf aðgengi meðfram slíkum línunum til viðhalds og eftirlits. Um getur verið að ræða ýmis vélknúin ökutæki allt eftir eðli verkefnisins hverju sinni.

Í ljósi þess sem segir í 36. gr. laga nr. 44/1999 er í Aðalskipulagi Eyja- og Miklaholtshrepps 2008 – 2020 lögð áhersla á notkun lauftrjáa við ræktun skóga, frekar en barrtrjáa, þar sem hin fyrrnefndu eru talin falla betur að gróðurfari og landslagi svæðisins.

Gert er ráð fyrir að skógræktarsvæði flokkist í meginatriðum í þrjá flokka auk skjólbelta:

- a. Fjölnytjaskóg. Um er að ræða skóg sem upprunalega getur hafa verið gróðursettur sem landgræðsluskógur / rannsóknarskógur (þ.e. gerð er rannsókn á því hvaða trjategundir henta best til ræktunar á svæðinu). Í skóginum eru líkur á að finna fjölbreytilegar trjategundir, bæði lauf- og barrtré, þó með áherslu á ræktun hinna fyrrnefndu. Skógurinn er verndaður fyrir beit og öðrum átroðningi. Lögð er áhersla á gönguleiðir um skóginn. Sveppir og ber gefa skóginum einnig gildi til útivistar.
- b. Landbótaskóg. Um er að ræða skóg sem ræktaður er með það að meginmarkmiði að fegra land, bæta jarðveg og nýta verndarmátt skóga. Í slíkum skógi væri að finna harðgerðar tegundir s.s. birki, víði, og elri. Göngu- og reiðleiðir, sveppir og ber gefa skóginum m.a. útivistargildi. Hér er hugtakið landbótaskógur einnig notað um „sjálfræðsluskóg“ sem vex upp þegar svæði hefur verið beitarfriðað.
- c. Verndarskóg. Á slíkum svæðum er fyrst og fremst um að ræða birki- og víðitegundir. Skóglendið er verndað gegn beit og öðrum átroðningi og reynt að halda því við í upprunalegri mynd.

Í Aðalskipulagi Eyja- og Miklaholtshrepps 2008-2020 eru sýnd skógræktarsvæði á fimm jörðum í sveitarfélaginu, sem eru með samninga við Vesturlandsskóga um ræktun skóga, sbr. kafla 1.7. Þessar jarðir eru Þverá, Dalsmynni Söðulsholt, Rauðkollstaðir og Miklaholtssel.

Auk þess er sýnt skógræktarsvæði í landi Hrossholts, Miðhrauns 1, Hjarðarfells og þrjú stór skógræktarsvæði í landi Dals. Á tveimur jörðum í hreppnum Hofsstöðum og Holtsenda, eru skógarsvæði, sem flokkast undir opin svæði til sérstakra nota, sjá skýringarkort 5.

Gert er ráð fyrir að sérstök ræktunaráætlun sé gerð fyrir hverja jörð, þar sem skógrækt er sýnd sérstaklega á skipulagsuppdraetti. Áætlunin þarf að taka mið af

mörgum hönnunarpáttum s.s. vistfræði, sjónrænum áhrifum, aðlögun að landi og hagrænum þáttum. Æskilegt er að áætlunin sé unnin í samráði við Vesturlandsskóga og skal hún send hreppsnefnd til umsagnar og kynningar.


Þá verður skógarhögg og grisjun skóga að vera í samræmi við 6. gr. laga nr. 3/1955 um skógrækt.

Á aðalskipulagskorti og skýringarkorti nr. 5 er dregin dökkgræn lína utan um þau skógræktarsvæði, sem samningur er um við Vesturlandsskóga.

Á sömu uppdráttum eru sýnd í sterkgrænum lit fyrirhuguð skógræktarsvæði í Dal, á Hjarðarfelli, Miðhrauni 1 og í Hrossholti. Loks eru skógræktarsvæði á Hofsstöðum og Holtsenda sýnd í dökkgrænum lit

Auk þeirra svæða sem talin eru upp hér að framan er leyfilegt án þess að aðalskipulagi sé breytt að taka 5 ha á lögbýli til skógræktar að uppfylltum þeim skilyrðum, sem fram koma í þessum kafla.

Skýringarkort 5. Skógræktarsvæði



4.2 Íbúðarsvæði

Skipulagsreglugerð nr. 400/1998

4.2.1 Skilgreining íbúðarsvæða

„Á íbúðarsvæðum skal fyrst og fremst gera ráð fyrir íbúðarhúsnæði. Þar má þó einnigi gera ráð fyrir starfsemi sem eðlilegt er að þar sé til þjónusta fyrir íbúa viðkomandi hverfis s.s. verslunum, hreinlegum iðnaði, handiðnaðarfyrirtækjum, þjónustustarfsemi og leiksvæðum eða annarri starfsemi sem hvorki verður ætlað að muni valda óþægindum vegna lyktar, hávaða eða óþrifa né draga að sér óþægilega mikla umferð.“

4.2.2 Íbúðarsvæði í skipulagsáætlunum

„Í aðalskipulagi skal gera grein fyrir tengingu íbúðarsvæða við þjónustu, atvinnusvæði, opin svæði og samgöngur, einnig skal gera grein fyrir áfangaskiptingu og áfangaröð byggingarsvæða.“

Í Aðalskipulagi Eyja- og Miklaholtshrepps 2008 - 2020 er gefinn möguleiki á nokkuð fjölbreyttu úrvali á íbúðarlóðum:

1. Almennt um lögbýli. Heimilt er að reisa þrjú íbúðarhús á sérlóðum á lögbýlum (sjá kafla 4.1) án þess að aðalskipulagi sé breytt. Starfsemi þar getur verið háð eða óháð búrekstri, en ávallt hreinleg.
2. Vegamót/Lambhagi/Holtsemi. Til að styrkja þjónustukjarnann þar er gert ráð fyrir 10 ha svæði fyrir íbúðarbyggð. Gert er ráð fyrir að á svæðinu megi reisa 8-10 íbúðarhús (einbýlishús og/eða parhús) og væri hámarksstærð hvers húss/íbúðar 180 m² auk 100 m² bílskúrs eða vinnurýmis. Á þessum lóðum væri heimilt að veita smávægilega þjónustu og stunda heimilisiðnað.
3. Borgarholt. Á lögbýlinu Borgarholti er gert ráð fyrir 45,8 ha íbúðarsvæði. Af þeirri stærð er gert ráð fyrir að 25% svæðisins fari undir götur, stígar og leiksvæði. Gert er ráð fyrir að stærð lóða verði á bilinu 1 til 5 ha en hámarksfjöldi lóða verði 12. Hér er m.a. um að ræða lóðir sem ætlaðar eru fyrir starfsemi sem krefst nokkurs rýmis og getur falið í sér fyrirkomulag smábýla í einhverri mynd. Starfsemi má ekki vera mengandi og skal vera í sátt við umhverfið. Hér getur verið um að ræða t.d. skógræktarlóðir, býflugnabú, ferðaþjónustu, smíða- og viðgerðarverkstæði og/eða handíðir af ýmsu tagi. Starfsemi á smábýli getur falið í sér að þar stundi viðkomandi íbúi sína aðalvinnu. Leyfilegt byggingarmagn á hverri lóð er 350 - 400 m². Gera verður miklar kröfur til deiliskipulags íbúðarsvæðisins, þar sem lögð verður áhersla á fallega og vandaða heildarmynd. Íbúðarsvæðið er í góðu vegasambandi, en það er við veg niður að Stakkhömrum, frá vegi nr. 54 - Snæfellsnesvegi.
4. Miklaholtssel. Á lögbýlinu Miklaholtsseli er gert ráð fyrir 3,4 ha íbúðarsvæði. Í deiliskipulagi fyrir svæðið eru afmarkaðar tvær 1 ha lóðir auk þess sem sýndur er vegur innan svæðisins og hesthús. Svæðið er staðsett skammt neðan vegar nr. 54 - Snæfellsnesvegar.
5. Miðhraun 2. Á lögbýlinu Miðhrauni 2 er gert ráð fyrir 3,5 ha íbúðarsvæði. Í deiliskipulagi fyrir svæðið eru afmarkaðar fimm 0,7 ha lóðir auk þess sem sýndur er vegur innan svæðisins. Svæðið er staðsett ofan við veg nr. 54 - Snæfellsnesveg.

Á aðalskipulagsuppdraetti eru íbúðarsvæði merkt með dökkfjólubláum lit.

Lög og reglur er lúta að íbúðarsvæðum

- Greina þarf landslag fyrirhugaðra svæða fyrir íbúðarbyggð, áður en deiliskipu-lagning þeirra hefst, til að kanna m.a. að framkvæmdir séu í samræmi við 37. gr. laga nr. 44/1999 um náttúruvernd og annarra greina þeirra laga.
- Framkvæmdir skulu vera í samræmi við 10. gr. þjóðminjalaga nr. 107/2001 og 11. gr. sömu laga hvað varðar fornleifaskráningu.
- Við deiliskipulagningu íbúðarsvæða skal gætt að fjarlægð bygginga frá vegum séu í samræmi við gr. 4.16.2 í skipulags-reglugerð nr. 400/1998.
- Fjarlægð bygginga frá loðdýra-, alifugla- og svínabúum skal vera í samræmi við 24. gr. reglugerðar um hollustuhætti nr. 941/2002.
- Gera þarf úttekt á skriðuhættu, grjóthruni og flóðahættu, þar sem slíkt á við, þegar svæði er skipulagt og afmarka þau svæði sem ekki eru byggileg af þeim sökum.
- Ef lóðir eru fleiri en 10 þarf að sýna fram á að a.m.k. 25% af heildar-íbúðarsvæði fari undir vegi, stíga og útivistarsvæði.
- Svæði séu í góðum tengslum við stofnvegakerfið.
- Í deiliskipulagi skal gerð grein fyrir vatnsöflun, bæði neysluvatns og til brunavarna.
- Burðarþol vega innan íbúðarsvæða þarf að nægja fyrir 20 tonna slökkvibíl og fyrir rotþróahreinsun.
- Í deiliskipulagi skal leggja áherslu á fallett samspil bygginga og að þær falli vel að landslagi.

Lög og reglur er lúta að íbúðarsvæðum

37. gr. laga um náttúruvernd nr. 44/1999 m.s.br.:

Eftirtaldir jarðmyndanir og vistkerfi njóta sérstakrar verndar og skal forðast röskun þeirra eins og kostur er:

- a. eldvörp, gervigígar og eldhraun,*
- b. stöðuvötn og tjarnir, 1.000 m² að stærð eða stærri,*
- c. mýrar og flóar, 3 hektarar að stærð eða stærri,*
- d. fossar, hverir og aðrar heitar uppsprettur, svo og hrúður og hrúðurbreiður, 100 m² að stærð eða stærri,*
- e. sjávarfitjar og leirur.*

10. gr. þjóðminjalaga nr. 107/2001:

„Fornleifum má enginn, hvorki landeigandi, ábúandi né nokkur annar, spilla, granda né breyta, ekki heldur hylja þær, laga né aflaga né úr stað flytja nema með leyfi Fornleifaverndar ríkisins.“

11. gr. þjóðminjalaga nr. 107/2001 segir m.a.:

„Skýlt er að fornleifaskráning fari fram áður en gengið er frá aðalskipulagi eða deiliskipulagi eða endurskoðun þess og skal sá sem ber ábyrgð á skipulagsgerð í samræmi við skipulagslög standa straum af kostnaði við skráninguna.“

4.16.2 gr. skipulagsreglugerðar nr. 400/1998:

„Við deiliskipulag svæða utan þéttbýlis skal þess gætt að ekki sé byggt nær stofn- og tengivegum en 100 m og ekki nær öðrum þjóðvegum og almennum vegum en 50 m.“

24. gr. reglugerðar um hollustuhætti nr. 941/2002:

„Óheimilt er að hafa loðdýrabú, alifuglabú og svínabú nær mannabústöðum, matvælafyrirtækjum eða vinnustöðum annarra en sjálfs búans en sem nemur 500 metrum.“



Dalsmynni. Hafursfell í bakgrunni og Dalsmynnissfell til hægri – Ljósm. GJ

4.3 Frístundabyggð og ferðamennska

Skipulagsreglugerð nr. 400/1998

4.11.1 Skilgreining svæða fyrir frístundabyggð

„Svæði fyrir frístundabyggð eru svæði ætluð fyrir frístundahús, þ.e. byggð sem ekki er ætluð til heilsársbúsetu.“

4.11.2 Svæði fyrir frístundabyggð í skipulagsáætlunum

„Í svæðisskipulagi og á sveitarfélagsuppdrætti aðalskipulags skal gera grein fyrir þegar byggðum og fyrirhuguðum svæðum fyrir frístundabyggð utan þéttbýlisstaða. Gera skal grein fyrir staðsetningu og stærð svæðanna, þéttleika byggðar og öðrum einkennum þegar byggðra og fyrirhugaðra svæða fyrir frístundabyggð, eftir því sem þurfa þykir. Gera skal grein fyrir tengslum svæðanna við samgöngur, þjónustu og opin svæði. Einnig skal gera grein fyrir áfangaskiptingu og áfangaröð, eftir því sem kostur er.“

Í Aðalskipulagi Eyja- og Miklaholtshrepps 2008 – 2020 er gert ráð fyrir all stórum svæðum fyrir frístundabyggð í sveitarfélaginu (sjá töflu 21). Auk svæða fyrir frístundabyggð eru í sveitarfélaginu stök frístundahús á nokkrum jörðum til viðbótar (sbr. töflu 11). Þau eru ekki sýnd sérstaklega á uppdrætti.

Tafla 21. Stærð og staðsetning svæða undir frístundabyggð. Á svæðum sem ekki er búið að deiliskipuleggja er miðað við að um 75% af heildarstærð svæðis fari undir lóðir. Hámarksfjöldi húsa miðast við að hver lóð sé að lágmarki 0,7 ha að stærð. Um þegar deiliskipulögð svæði er tilgreindur sá fjöldi húsa sem samþykktur hefur verið í deiliskipulaginu. Þá er fjöldi húsa, sem þegar eru risin innan frístundasvæðanna tilgreindur.

	Jörð	Heildarstærð (ha)	Byggingarsvæði (ha)	Hámarksfjöldi húsa / fjöldi reistra húsa
1.	Dalsmynni	22,4	16,8	24
2.	Gröf	15,2	11,4	16
3.	Hjarðarfell 1 og 2	11,3	8,5	12
4.	Holt	1,5	1,5	2
5.	Hrútholt I	19,8	14,9	21
6.	Hömluholt	9,2	6,9	10
7.	Hörgsholt	11,6	8,7	12
8.	Kolviðarnes 1	8,5	6,4	9
9.	"	11,8 ¹	?	?
10.	Kolviðarnes 2	39 ²	-	21 / 2 ³
11.	Miðhraun 2	2,2 ⁴	-	3
12.	Rauðkollsstaðir	29,5	22,1	32
13.	"	5,3 ⁵	?	?
14.	Stakkhamar 1-2	22,2	16,7	24
15.	Svarfhóll	7,3 ⁶		11 / 5
16.	Syðra-Lágafell 1-2	43,2 ⁴		25 / 4
17.	Ytra-Skógarnes	5,2	3,9	6
18.	Þverá	23,4 ⁴		7 / 2
	Samtals	288,6		226 / 13

¹ Blandað svæði - frístundabyggð og skógræktarsvæði (hlutföll ráðast í deiliskipulagi).

² Svæðið er deiliskipulagt (gert ráð fyrir þjónustuhúsi, 9 afmörkuðum frístundalóðum og 12 smáhýsum á sameiginlegri lóð).

³ Búið er að reisa 2 smáhýsi.

⁴ Svæðið er deiliskipulagt.

⁵ Blandað svæði - frístundabyggð og athafnasvæði. (hlutföll ráðast í deiliskipulagi).

⁶ Þau frístundahús sem risin eru innan svæðisins eru hvert um sig á 0,29 ha lóð.

Eins og áður segir og fram kemur í töflu 11 voru þegar risin 26 frístundahús á víð og dreif um hreppinn þann 1. apríl 2011. Þar af eru 13 hús innan skipulagðra svæða (sbr. töflu 21) en hin eru stök hús á ýmsum jörðum í hreppnum. Tvö frístundabyggðarsvæði eru innan svæðis sem er á Náttúruminjaskrá 1996. Það er frístundabyggðarsvæði á Stakkhamri og í Ytra-Skógarnesi.

Á aðalskipulagsupprætti eru svæði fyrir frístundabyggð mörkuð með ljósfjólubláum lit, en eins og áður er fram komið eru stök frístundahús á jörðum ekki merkt sérstaklega inn á aðalskipulagskort.

Lög og reglur er lúta að svæðum fyrir frístundabyggð.

- Greina þarf landslag fyrirhugaðra svæða fyrir frístundabyggð, áður en deiliskipulagning þeirra hefst, til að kanna m.a. að framkvæmdir séu í samræmi við 37. gr. laga nr. 44/1999 um náttúruvernd og aðrar greinar þeirra laga.
- Framkvæmdir skulu vera í samræmi við 10. gr. þjóðminjalaga nr. 107/2001 og 11. gr. sömu laga hvað varðar fornleifaskráningu.
- Við deiliskipulagningu frístundabyggðarsvæða skal gætt að því að fjarlægð bygginga frá vegum sé í samræmi við gr. 4.16.2 í skipulagsreglugerð nr. 400/1998.
- Við deiliskipulagningu frístundabyggðar- og útivistarsvæða skal virða helgunarsvæði háspennulína, sem grundvölluð eru í lögum og reglugerðum um raforkumál, reglugerð um raforkuvirki og viðeigandi CENELEC staðla: ÍST EN 50341-1:2001 og ÍST EN 50341-3:2001.
- Gera þarf úttekt á skriðuhættu, grjóthruni og flóðahættu, þar sem slíkt á við, þegar svæði er skipulagt og afmarka þau svæði sem eru óbyggileg af þeim sökum.

Lög og reglur er lúta að svæðum fyrir frístundabyggð

37. gr. laga um náttúruvernd nr. 44/1999 m.s.br.:
Eftirtaldar jarðmyndanir og vistkerfi njóta sérstakrar verndar og skal forðast röskun þeirra eins og kostur er:

- a. eldvörp, gervigígar og eldhraun,
- b. stöðuvötn og tjarnir, 1.000 m² að stærð eða stærri,
- c. mýrar og flóar, 3 hektarar að stærð eða stærri,
- d. fossar, hverir og aðrar heitar uppsprettur, svo og hrúður og hrúðurbreiður, 100 m² að stærð eða stærri,
- e. sjávarfítjar og leirur.

10. gr. þjóðminjalaga nr. 107/2001:

„Fornleifum má enginn, hvorki landeigandi, ábúandi né nokkur annar, spilla, granda né breyta, ekki heldur hylja þær, laga né aflaga né úr stað flytja nema með leyfi Fornleifaverndar ríkisins.“

11. gr. þjóðminjalaga nr. 107/2001 segir m.a.:

„Skýlt er að fornleifaskráning fari fram áður en gengið er frá aðalskipulagi eða deiliskipulagi eða endurskoðun þess og skal sá sem ber ábyrgð á skipulagsgerð í samræmi við skipulagslög standa straum af kostnaði við skráninguna.“

4.16.2 gr. í skipulagsreglugerð nr. 400/1998:

„Við deiliskipulag svæða utan þéttbýlis skal þess gætt að ekki sé byggt nær stofn- og tengivegum en 100 m og ekki nær öðrum þjóðvegum og almennum vegum en 50 m.“

24. gr. reglugerðar um hollustuhætti nr. 941/2002:

„Óheimilt er að hafa loðdýrabú, alifuglabú og svínabú nær mannabústöðum, matvælafyrirtækjum eða vinnustöðum annarra en sjálfs búans en sem nemur 500 metrum.“

- Lágmark 25% af afmörkuðum frístundabyggðarsvæðum þarf að áætla undir götur, stíga og opin svæði (leik- eða útivistarsvæði).
- Ef lóðir fyrir frístundabyggð eru fleiri en 30 á tilteknu svæði skal gera ráð fyrir sparkvelli í tengslum við svæðið og fjölbreyttri leikja- og útivistaraðstöðu.
- Sýna verður fram á öruggt vega- og stígakerfi að svæðunum og innan svæða og að gönguleiðir tryggi stöðu gangandi umferðar innan svæðis og milli aðliggjandi svæða.
- Almennt má ekki byggja nær vötnum, ám og sjó en sem nemur 50 m. Þá má ekki hindra leið fótgangandi meðfram þeim.
- Gera skal skýra grein fyrir vatnsöflun, bæði til neyslu og slökkvistarfa og sýna nærsvæði vatnsbóla í deiliskipulagi.
- Miðað skal við að rotþrær fyrir frístundabyggð verði færri og stærri og fleiri hús tengist sömu rotþró.
- Mælt er til að heiti lóða innan frístundabyggðarsvæða verði tengt nafni lögbýlisins, annað hvort allt nafnið eða sem forskeyti í upphafi eða enda nafnsins. Annar kostur er að nota á sama máta örnefni af viðkomandi svæði.
- Sorpgámar eru heimilaðir á frístundabyggðarsvæðum.



Á síðustu áratugum hefur orðið geysileg fjölgun erlendra ferðamanna á Íslandi og á árabílinu 1999 – 2008 fjölgaði erlendum ferðamönnum um rúm 90% úr 260 í 500 þúsund eða um 8% að meðaltali milli ára.

Ef gert er ráð fyrir frekari aukningu erlendra ferðamanna má búast við að þeim fjölgi í Eyja- og Miklaholtshreppi og er gengið út frá því í þessari áætlun að svo verði.

Þá má einnig búast við því að innlendum ferðamönnum fjölgi á svæðinu, ekki síst ef við bætast fleiri tækifæri til fjölþættra athafna, fræðslu og gistingar.

Hlaðin rúst í landi Svarfhóls í forgrunni, Hafursfell í baksýn – Ljósm. RI

Almennt má búast við að kröfur ferðamanna erlendra sem innlendra aukist hvað snertir fjölbreytni í aðbúnaði og óskir um að sérhæfðar og fræðandi upplýsingar um svæðið, sem ferðast er um, séu fyrir hendi. Efla þarf kannanir á fjölda ferðamanna og áhugasviði svo hægt sé að vera markviss í endurbótum, áætlanagerð og uppbyggingu í þessum málaflokki. Hér er um mikið hagsmunamál fyrir hreppinn að ræða að vel takist til svo fjölga megi störfum í þessari atvinnugrein á næstu árum.



Hluti Ljósufjalla, Hafursfell, ströndin og sjórinn – Ljósm. RÍ

Skoðunar- og fræðsluferðir

Á þessu svæði eru fjölþættir möguleikar til að stunda skoðunar- og fræðsluferðir. Þessir möguleikar eru á margan hátt öðruvísi samsettir en annars staðar á landinu. Þarna má skoða eldfjöll, hraun, ölkeldur, einstakt standsvæði og stór votlendissvæði. Þar er hægt að stunda fuglaskoðun frá fjöru til fjalls, selaskoðun, fjöruskoðun, veiðar af ýmsu tagi, fræðslu um einstaka jarðfræði og plöntur. Fræðast um líf fólksins, fornminjar, sögu, skipsströnd, menningu, sérstaka matargerð o.m.fl.

Með þetta í huga er hægt að skipta svæðinu í fjóra meginþætti:

1. **Ströndina.** Á fræðslustígum við ströndina og reiðleið um Löngufjörur er hægt að fræðast um leyndardóma strandarinnar sögu, náttúru og nytjar, sem þar fléttast saman á sterkan og áhrifamikinn hátt.
2. **Votlendissvæðin.** Stóru votlendissvæðin upp af ströndinni eru ásamt ströndinni forvitnileg hvað varðar fuglalíf, gróður og lífríki. Bæði ströndin og votlendissvæðin eru óplægður akur hvað snertir rannsóknir og markaðssetningu.
3. **Fjöllin og leyndardóma þeirra.** Eins og fram er komið er Snæfellsnesfjallgarðurinn einstakur, ekki síst Ljósufjöll og býður upp á m.a. ótal fróðlegar og fallegar gönguleiðir.

4. **Landslagið við Haffjarðará.** Einstakt landslag er við Haffjarðará, Gerðuberg/Þórisberg, hraunið, Rauðamelsölkeldu og Ytri Rauðamelskúlu. Þetta landslag er hluti af hinu jarðfræðilega stórmerka svæði báðum megin árinna, sem gengur allt frá Oddastaðavatni og Hlíðarvatni til sjávar. Austan Haffjarðará tilheyrir svæðið Borgarbyggð.

Vitneskja um þessa þætti styrkir sjálfsvitund íbúanna og gerir þá meðvitaðri um svæðið sem þeir búa á og sérstöðu þess. Nú þegar er mikið fræðsluefni til sem undirstrikar styrk svæðisins og auðveldar mönnum að skipuleggja og ráðast í margvíslegar aðgerðir á þessu sviði.

Gistiaðstaða, upplýsingamiðstöðvar o.fl.

Mikilvægt er að í sveitarfélaginu sé góð aðstaða til gistingar s.s. góð tjaldsvæði og aðstaða fyrir tjaldvagna og húsbíla. Þá er eins og áður er komið fram vert að athuga aukna möguleika á bændagistingu, gestavinnustofum fyrir vísindamenn, rithöfunda og aðra listamenn, innlenda sem erlenda, sem sérstaklega væru að vinna að verkefnum sem tengjast svæðinu.


Þá getur þjónusta við vaxandi frístundabyggð, kallað á atvinnuskapandi eftirlits- og viðhaldsstörf af ýmsu tagi fyrir heimamenn.

Styrking svæðisins við Vegamót sem upplýsinga- og þjónustumiðstöðvar mun efla Eyja- og Miklaholtshrepp. Með samræmdum aðgerðum Eyja- og Miklaholtshrepps og Helgafellssveitar væri t.d. hægt að stofna til margvíslegra athafna, s.s. skoðunarferða í tengslum við fjöllin á mörkum sveitarfélaganna og rannsókna. Þá gæti starfsemi í Laugargerðisskóla styrkst með tilkomu skoðunarferða um svæðið meðfram Haffjarðará. Hér á eftir er fjallað um einn möguleika, til eflingar ferðamennsku á svæðinu, en það er stofnun svonefnds jarðvangs.



Geiteyri, veiðihús við Haffjarðará – Horft yfir á Gullborgarhraun. Ljós. GJ

Skýringarkort 6. Áhugaverð svæði vegna jarðminja, náttúruminja, menningarminja og sögu í Eyja- og Miklaholtshreppi, Helgafellssveit og aðliggjandi sveitarfélögum.



Á meðfylgjandi korti eru dregnir hringir (grænir) utan um fimm svæði: 1. Ljósufjöll 2. Rauðamelskúlar, hraun og gjallgígar frá nútíma 3. Löngufjörur, votlendi, fuglar, fjörulíf, saga og menningarmínjar 4. Berserkjahraun, eldvirkni, saga og menningarmínjar 5. Álfafjörður, saga og menningarmínjar

Heimild: Lovísa Ásbjörnsdóttir

Jarðvangur (Geopark)

Komið hefur fram hugmynd um að kanna möguleika á því að setja á fót, í samvinnu við Helgafellssveit, jarðvang í hreppnum. Slík svæði hafa mjög mikið aðdráttarafl fyrir ferðamenn og bjóða upp á mjög fjölbætta möguleika til fræðsluferða af ýmsu tagi. Hér á eftir verður þessi hugmynd útskýrð nánar og hvernig mætti byrja á því að undirbúa málið.

Jarðvangar eru svæði með tiltekinn fjölda jarðminjastaða innan sinna vébanda auk staða, sem tengjast fornleifum, sagnfræði, menningu, vistfræði og lífríki.

Fyrirmyndin er sótt til Evrópu og hefur þróast mjög hratt. Forgöngumenn voru jarðfræðingar, sem töldu jarðminjar mjög vanmetnar, ekki síst með tilliti til ferðamennsku. Nú eru jarðvangar um allan heim. Utan um þessa þróun heldur svo Menningarmálastofnun Sameinuðu þjóðanna (UNESCO).

Í Eyja- og Miklaholtshreppi og Helgafellssveit eru fjölbreytilegar jarðminjar eins og víða kemur fram í þessari greinargerð. Fjölbreytileiki jarðminja á svæðinu felst ekki síst í mismunandi gerð eldstöðva og hrauna, áhugaverðri jarðsögu og ölkeldum.

Ljósufjöll eru áberandi í miðju svæðisins og landslagið tilkomumikið. Á þessu svæði eru fjölmargir staðir þar sem saga lands og þjóðar hefur verið skráð í handrit og víða eru söguvið fornra sagna að mestu óröskuð.

Jarðvangur verður að vera með skýra stefnu í sjálfbærri þróun og góða áætlun um hvernig skuli framfylgja þeirri stefnu. Í jarðvöngum er stuðlað að jarðfræðitengdri ferðamennsku (geotourism), sem miðar að því að skapa einstaka upplifun bæði hvað varðar náttúru- og menningarminjar svæðisins á sjálfbæran hátt.

Sjálfbær ferðaþjónusta ber virðingu fyrir umhverfinu, tryggir verndun náttúrulegra og menningarlegra auðlinda til langs tíma og hefur kosti frá félagslegu og efnahagslegu sjónarmiði.

Jarðvangur hefur bein áhrif á svæði með því að bæta aðstæður heimamanna. Markmiðið er að auðvelda heimamönnum að endurmeta gildi svæðisins og fá þá til að endurvekja/styrkja menningu þess. Til að árangur náist er frumskilyrði að hreppurinn (íbúarnir í hreppnum) séu þátttakendur í uppbyggingu jarðvangsins. Starfsemi innan jarðvangs er mikilvæg og þar skipta heimamenn miklu máli. Heimamenn sem þekkja vel sína heimahaga og nýta sér náttúruauðlindir þeirra á sjálfbæran hátt skila jákvæðri ímynd um svæðið til þeirra sem heimsækja jarðvanginn.

Jarðvangur er fyrst og fremst gæðavottun sem stuðlar að verndun jarðminja, en setur ekki kröfur varðandi lögformlega verndun eða friðun svæða innan hans. Ákvörðun um síkt er alfarið í höndum þar til bærra stjórnvalda.

European Geoparks eru svæði eða jarðvangar innan Evrópu, sem eru aðilar að samtökunum European Geopark Network.

Þar gildir sú regla, að öll starfsemi innan jarðvangs verður að vera í þeim anda sem tengslanet European Geopark Network leggur áherslu á, þ. e. sjálfbærrar þróunar og verndunar jarðminja. Þetta á sérstaklega við um jarðfræðitengda ferðaþjónustu og hvers konar framleiðslu innan svæðisins. Allir jarðvangar Evrópu vinna að sama markmiði, sem er að gera sín svæði að sérstökum áfangastað ferðamanna og áhugaverðum stað heim að sækja.

Eyja- og Miklaholtshreppur í samvinnu við Helgafellssveit gætu í góðu samstarfi hafist handa við að byggja upp athyglisverðan jarðvang að fyrirmynd European Geopark Network, sem myndi stuðla að aukinni ferðamennsku innan svæðisins og styrkja atvinnulíf þar. Þar með væru þessir hreppar meðal frumkvöðla að stofnun slíks svæðis á Íslandi. Það er ekki síst vegna möguleikanna á sviði atvinnulífs sem fjallað er um hugmyndir um jarðvang í Aðalskipulagi Eyja- og Miklaholtshrepps 2008 - 2020. Nú þegar hefur verið stofnaður Kötlu-jarðvangur á Suðurlandi og vænta heimamenn sér mikils af stofnun hans í atvinnulegu tilliti.

Hér er því slegið fram, til þess að styrkja hugmyndina, að hrepparnir tveir, Eyja- og Miklaholtshreppur og Helgafellssveit, leituðu jafnvel eftir því að Stykkishómur yrði með í þessu samstarfi og uppbyggingu, þar sem notið væri góðs af þeirri þekkingu/starfsemi, sem þar er fyrir hendi t.d. hjá Náttúrustofu Vesturlands, Háskólasetrinu, Eldfjallasetrinu og á sviði verndunar menningarminja. Þá gæti einnig verið æskilegt að Dalabyggð (hluti af fyrrum Skógarstrandarhreppi) taki þátt í samstarfinu vegna sögu og menningarminja, en einnig vegna vegasamgangna, sem tengja hreppana. Þar að auki væri samstarf við Borgarbyggð æskilegt út af ákveðnum landsvæðum meðfram Haffjarðará í fyrrum Kolbeinsstaðahreppi. Þannig að innan jarðvangsins séu heildstæðar jarðfræðilegar myndanir eins og Rauðamelskúlurnar báðar og hraun runnin frá þeim.

Á skipulagsupprætti hefur ekki verið sýnd sérstök afmörkun hugsanlegs jarðvangs og hann skilgreindur þar sem sérstök landnotkun, enda ekki fyllilega tímabært á þessu stigi, en á skýringarkorti 6, í greinargerð eru dregnir grænir hringir (1-5) um svæði sem eru sérstaklega áhugaverð í þessu sambandi og nær kortið yfir stærra svæði en hreppinn/ hreppana. Fyrstu skref í undirbúningi að stofnun jarðvangs væru þau að láta vinna vel skilgreinda samantekt um náttúru og sögu svæðisins og í framhaldi af því væri svo unnið að afmörkun hans, umfangi og frekari skilgreiningum. Nú þegar liggur mikið efni fyrir, sem hægt væri að nota, en færa þarf í viðeigandi búning.

Jarðvangur í tveimur eða fleiri sveitarfélögum kallar síðan á samvinnu sveitarfélaganna og samræmingu aðalskipulags þeirra.

Eyja- og Miklaholtshreppur og Earth Check

Vottunarsamtökin EC3 Global eru áströlsk samtök, sem sjá um vottun samfélaga og ferðapjónustuaðila og veita þeim umhverfismerki ef þau standast kröfur. Samtök þessi hafa umsjón með Earth Check vottunarkerfinu, sem byggir á hugmyndafræði Dagskrár 21 um ábyrga stjórnun og sjálfbæra þróun og var sett á fót með stuðningi Alþjóða ferðamálaráðsins og Alþjóða ferðamannasamtakanna árið 1994.

Í upphafi gekk vottunarkerfið undir nafninu Green Globe, en á árinu 2010 varð breyting á og kerfið tók upp merki Earth Check. Earth Check umhverfismerkið er notað á ferðapjónustufyrirtæki og ferðaáfangastaði, sem vilja stuðla að sjálfbærri þróun. Með vottunarkerfinu veita samtökin samfélögum ramma til þess að mæla frammistöðu sína og vinna að stöðugum endurbótum í umhverfis- og samfélagsmálum. Undirbúningur fyrir Earth Check (þá Green Globe) hófst á Snæfellsnesi 2002. Sveitarfélögin fimm á nesinu, þeirra á meðal Eyja- og Miklaholtshreppur og Þjóðgarðurinn Snæfellsjökull gengu formlega inn í Green Globe ferlið í maí 2003 og náðu viðmiðum Green Globe í október 2004. Viðmiðum

var náð á ný næstu árin og loks náðist formleg vottun á Green Globe árið 2008. Vottunin var endurnýjuð vorið 2010 og þá undir merkjum Earth Check.

Árlega skilar samfélagið mælanlegum upplýsingum um frammistöðu sína á eftirfarandi sviðum og skal stefnt að stöðugum úrbótum.

- Losun gróðurhúsaáhrifa.
- Orkunýting, orkusparnaður og stjórnun.
- Stjórnun ferskvatnsauðlinda.
- Verndun og stjórn vistkerfa.
- Stjórnun félagslegra og menningarlegra áhrifa ferðapjónustunnar.
- Skipting og þróun svæða undir ferðapjónustu.
- Félagslegur ávinningur svæðisins af ferðapjónustu.
- Stjórnun fráveitumála og ofanvatns.
- Lágmrörkun úrgangs, endurnýting og orkuvinnsla.
- Geymsla og notkun efna sem eru skaðleg umhverfinu.
- Verndun menningarminja.

Auk þessara fyrirfram ákveðnu vísa getur hvert samfélag búið sér til sína eigin vísa sem fylgst verður með.

Sem dæmi má nefna að á Snæfellsnesi er mæld sú endurnýjanlega orka sem framleidd er á svæðinu og sama er að segja um endurnýjanlega orku sem neytt er á svæðinu.

Heimild: www.stykkisholmur.is

Leiðir til eflingar

- Góð og aðlaðandi svæði fyrir tjöld, húsbíla og húsvagna, þar sem hægt er að gista, þurfa að vera fyrir hendi í hreppnum. Gera þarf úttekt á þeim sem fyrir eru og athuga hvernig hægt er að bæta þau og styrkja.
- Hugsanlegt er að nýta á fjölbreytilegri hátt aðstöðu í veiðihúsum á svæðinu fyrir gistingu og samveru utan veiðitíma (u.þ.b. 28 svefnpláss).
- Bændagistingu mætti efla og tilboðum í sambandi við heimsóknir og dvöl á bændabýlum.
- Styrkja og efla svæðið við Holtsenda/Lynghaga/Vegamót/Holt sem þjónustu- og upplýsingamiðstöð og Laugargerðisskóla í þágu ferðamennsku.
- Vinna að eflingu rannsókna á sviði ferðamennsku, sem segir til um hvað fólki þykir eftirsóknarvert á þessu svæði og hvers það saknar.
- Leita eftir samvinnu við stofnanir um eflingu rannsókna bæði á náttúrufari og menningarminjum.
- Leita eftir styrk frá Húsafriðunarnefnd um skráningu og úttekt á mannvirkum á svæðinu.
- Leita eftir styrk frá ferðamálayfirvöldum til áhugaverðra, vel skilgreindra verkefna.
- Hrinda úr vör hugmyndum um Jarðvang og sækja um styrki til undirbúnings verkefnisins.
- Nýta sem best hugmyndafræði vottunarsamtakanna Earth Check.

4.4 Athafnasvæði / iðnaðarsvæði

Skipulagsreglugerð nr. 400/1998

4.6.1 Skilgreining athafnasvæða

„Á athafnasvæðum skal fyrst og fremst gera ráð fyrir atvinnustarfsemi þar sem lítil hætta er á mengun, s.s. léttum iðnaði, vörugeymslum, hreinlegum verkstæðum og umboðs- og heildverslunum.“

4.7.1 Skilgreining iðnaðarsvæða

„Á iðnaðarsvæðum skal fyrst og fremst gera ráð fyrir umfangsmikilli iðnaðarstarfsemi eða starfsemi sem er talin geta haft mengun í för með sér, s.s. verksmiðjum, virkjunum, tengivirkjum, veitustöðvum, skólpælu og hreinsistöðvum, birgðastöðvum fyrir olíur og móttökusvæðum fyrir úrgang. Íbúðir eru ekki heimilar á iðnaðarsvæðum.“

Í Aðalskipulagi Eyja- og Miklaholtshrepps 2008 - 2020 er gert ráð fyrir athafnasvæðum á eftirtöldum jörðum:

1. **Hrossholt.** Þar er nú 2 ja ha svæði með húsi fyrir kornþurrkun.
2. **Miðhraun II.** Þar er nú athafnasvæði fyrir þurrkun á fiskhausum.
3. **Kolviðarnes.** Helst hefur verið rætt um að nýta athafnasvæðin, sem ráðgerð eru fyrir plöntu- og grænmetisrækt, ýmislegt sem tengist vinnslu landbúnaðarafurða og ferðaþjónustu (t.d. heilsutengdri). Engin nákvæmari stefnumörkun liggur fyrir hvað varðar þessi svæði og yrði því að fjalla sérstaklega um nýtingu í forsögn fyrir deiliskipulag viðkomandi svæðis.
4. **Rauðkollsstaðir.** Helst hefur verið rætt um að nýta athafnasvæðið, sem ráðgerð eru fyrir plöntu- og grænmetisrækt, ýmislegt sem tengist vinnslu landbúnaðarafurða og ferðaþjónustu (t.d. heilsutengda). Gert er ráð fyrir að athafnasvæðið í bland við frístundabyggð. Engin nákvæmari stefnumörkun liggur fyrir hvað varðar þetta svæði og yrði því að fjalla sérstaklega um nýtinguna í forsögn fyrir deiliskipulag svæðisins.
5. **Í byggðarkjarnanum sem afmarkst af Holtsenda/Lynghaga/Vegamótum/Holti** er einnig gert ráð fyrir hreinlegum athafnalóðum s.s. gróðrarstöð. Forsögn fyrir deiliskipulag kjarnans í heild sinni mun kveða nánar á um umfang og eðli athafnalóða þar.

Eins og fram kemur í markmiðum hér að framan er stefnt að því að auka orka (heitt vatn og rafmagn) sem gert er ráð fyrir að verði til í hreppnum á skipulagstímabilinu eigi fyrst og fremst að nýta í þágu hreppsþúa og uppbyggingar/eflingar atvinnutækifæra þar.

Athafnasvæði eru sýnd á aðalskipulagsuppdraetti í ljósgráum lit.

Á aðalskipulagsuppdraetti eru sýndar tvær vatnsaflsvirkjanir, sem falla undir skilgreiningu iðnaðarsvæða skv. skipulagsreglugerð nr. 400/1998. Önnur þeirra er þegar byggð, en það er Múlavirkjun sem er 3,1 MW virkjun. Múlavirkjun hefur, þrátt fyrir stærð sína aldrei farið í umhverfismat.

Þá er í bígerð 400 kW virkjun í Grímsá í landi Miðhrauns, sem fellur undir 2. viðauka MÁU.

Með hliðsjón af því að í Aðalskipulagi Eyja- og Miklaholtshrepps 2008-2020 er heimilt að reisa allt að 200 kW virkjanir á landbúnaðarsvæðum án þess að aðalskipulagi sé breytt eru eingöngu sýndar þessar tvær virkjanir á skipulagsuppdraetti. Aðrar virkjanir sem þar eru nú eða þar eru fyrirhugaðar s.s. virkjun í Dalsmynni eru minni en 200 kW og því ekki sýndar á aðalskipulagsuppdraetti. Sjá upptalningu á þessum virkjunum í kafla 2.7.3.

Framkvæmdir skulu m.a. vera í samræmi við 10. gr. þjóðminjalaga nr. 107/2001 og 11. gr. sömu laga hvað varðar fornleifaskráningu.

Leiðir til eflingar

- Hvetja mætti til hreinlegs atvinnurekstrar og smáiðnaðar, sem nýtti orku af svæðinu ekki síst í þágu ræktunar, matvælaframleiðslu og t.d. heilsutengdrar ferðaþjónustu.

4.5 Verslunar- og þjónustusvæði

Skipulagsreglugerð nr. 400/1998

4.5.1 Skilgreining verslunar- og þjónustusvæða

„Á verslunar- og þjónustusvæðum skal fyrst og fremst gera ráð fyrir verslunum og þjónustustarfsemi sem þjónar viðkomandi hverfi. Þar sem aðstæður leyfa má gera ráð fyrir íbúðum á verslunar- og þjónustusvæðum sérstaklega á efri hæðum bygginga.“

4.5.2 Verslunar- og þjónustusvæði í skipulagsáætlunum

„Í aðalskipulagi skal gera grein fyrir þegar byggðum og fyrirhuguðum verslunar- og þjónustusvæðum. Gera skuli grein fyrir staðsetningu og stærð svæðanna, þéttleika byggðar og öðrum einkennum þegar byggðra og fyrirhugaðra verslunar- og þjónustusvæða eftir því sem þurfa þykir og í tengslum svæðanna við aðra landnotkun.“

Tillagan gerir ráð fyrir að þjónusta við ferðamenn aukist á komandi árum og því er gert er ráð fyrir að þjónustukjarninn við Holtsenda/ Lynghaga/Vegamót/Holt eflist hvað þá landnotkun áhrærir og er í aðalskipulaginu gert ráð fyrir því.

Nánari forsögn fyrir kjarnann þarf að móta áður en til deiliskipulags kemur.

Verslunar- og þjónustusvæði eru sýnd í gulum lit á aðalskipulagsuppdraetti.

Þá eru veiðihús í hreppnum merkt með gulum þríhyrningi og bókstafnum **(V)** og félagsheimilið Breiðablik er merkt með gulum hring og bókstafnum **(F)** á aðalskipulagsuppdraetti.

Langholtsrétt, Hjarðarfellsrétt, Miðhraunsrétt, Söðulsholtsrétt og Þverárrétt eru einnig sýndar á aðalskipulagsuppdraetti með gulum uppskiptum hring til skýringar. Þess ber að geta að stærð merkinga segir ekki til um stærð þessara mannvirki eða gefur til kynna breytingar á umfangi þeirra frá því sem nú er.

Leiðir til eflingar

- Markviss skipulagning svæðisins við Holtsenda/Lynghaga/Vegamót/Holt gæti orðið mikil lyftistöng fyrir sveitarfélagið og austurhluta Snæfellsness.
- Þá þarf einnig að vinna að frekari athugun á möguleikum og sérstöðu svæðisins við Laugargerðisskóla í því skyni að efla þann stað.

4.6 Þjónustustofnanir, mennta- og menningarmál

Skipulagsreglugerð nr. 400/1998

4.3.1 Skilgreining svæða fyrir þjónustustofnanir

„Á svæðum fyrir þjónustustofnanir skal fyrst og fremst gera ráð fyrir stofnunum og fyrirtækjum sem óháð eignaraðild, veita almenna þjónustu við samfélagið, s.s. menntastofnunum, heilbrigðisstofnunum, menningarstofnunum, félagslegum stofnunum, trúarstofnunum, umferðarmiðstöðvum og öðrum þjónustustofnunum ríkis, sveitarfélaga eða annarra aðila.“

Í Aðalskipulagi Eyja- og Miklaholtshrepps 2008-2020 fellur Laugargerðisskóli, sundlaugin þar og kirkjurnar að Fáskrúðarbakka, Miklaholti og Ytri-Rauðamel undir þennan landnotkunarflokk.

Þá telst endurvarpsstöðin í landi Kolviðarness og Grafar **(E)** ásamt tengivirki við Vegamót **(A)** til þjónustustofnana.

Svæði fyrir þjónustustofnanir eru merkt á aðalskipulagsuppdraetti með appelsínugulum lit. Kirkjur og kirkjugarðar eru merkt með appelsínugulum hring

með kross í miðju. Aflagður kirkjugarður í Bæjarey er merktur með svörtum hring og bókstafnum **(K)**. Endurvarpsstöðvar eru merktar með appelsínugulum lit og bókstafnum **(E)** og tengivirki við Vegamót er sýnt sem appelsínugulur hringur með bókstafnum **(A)**. Þess ber þó að geta að stærð þeirra merkinga segir ekki til um stærð lóðar, en í tillögunni er ekki gert ráð fyrir breytingum á umfangi þessara svæða frá því sem nú er.

Leiðir til eflingar

- Lögð verði áhersla á að þjónustustofnanir á svæðinu verði sem öflugastar og þær sinni hlutverki sínu sem best.
- Lögð verði áhersla á að efla þjónustukjarnann við Holtsenda/Lynghaga/Vegamót /Holt.

4.7 Náttúra og menningarminjar

Skipulagsreglugerð nr. 400/1998

4.19.1 Skilgreining náttúruverndarsvæða

„Til náttúruverndarsvæða teljast annars vegar friðlýst svæði, þ.e. náttúruvætti, friðlönd, þjóðgarðar og fólkvangar, og hins vegar svæði á náttúruminjasrá. Einnig afmörkuð svæði á landi og sjó sem njóta verndar vegna náttúru eða landslags.

Um náttúruverndarsvæði gilda lög um náttúruvernd ásamt auglýsingum um einstök svæði í Stjórnartíðindum og sérlægum um verndun einstakra svæða.“

4.19.2 Náttúruverndarsvæði í skipulagsáætlunum

„Í aðalskipulagi skal auðkenna og gera grein fyrir náttúruverndarsvæðum, staðsetningu þeirra og helstu einkennum, hvaða landnotkun er fyrirhuguð á svæðunum og hvaða reglur gilda á hverju þeirra um umgengni og mannvirkjagerð. Gera skal grein fyrir hvaða landnotkun er fyrirhuguð á náttúruverndarsvæðum og hvernig hún fellur að reglum sem gilda á hverju svæði fyrir sig, sbr. gr. 3.2.“

4.7.1 Náttúruverndarsvæði

Í 37. gr laga um náttúruvernd nr. 44/1999 segir:

„Eftirtaldar jarðmyndanir og vistkerfi njóta sérstakrar verndar og skal forðast röskun þeirra eins og kostur er:

- a. eldvörp, gervigígar og eldhraun,
- b. stöðuvötn og tjarnir, 1.000 m² að stærð eða stærri,
- c. mýrar og flóar, 3 ha að stærð eða stærri,
- d. fossar, hverir og aðrar heitar uppsprettur, svo og hrúður og hrúðurbreiður, 100 m² að stærð eða stærri,
- e. sjávarfitjar og leirur.

Leita skal umsagnar Umhverfisstofnunar og náttúruverndarnefnda áður en veitt er framkvæmda- eða byggingarleyfi, sbr. 27. og 43. gr. skipulags- og byggingarlaga, nr. 73/1997, til framkvæmda sem hafa í för með sér röskun jarðmyndana og vistkerfa skv. 1. mgr. nema fyrir liggi aðalskipulag samþykkt eftir gildistöku laga þessara þar sem umsögn skv. 33. gr. liggur fyrir.“

Í Aðalskipulagi Eyja- og Miklaholtshrepps 2008 – 2020 er gerður fyrirvari um þau atriði 37. gr. er varða leyfisveitingar til framkvæmda, þar sem hreppurinn hefur ekki verið kannaður að því leyti sem um getur, með fullnægjandi hætti. Skal í þessu sambandi sérstaklega nefna gróðurfar, mýrar og flóa.

Ísland er aðili að Ramsarsamningi, sem er alþjóðlegur samningur um verndun og skynsamlega nýtingu votlendissvæða í heiminum, sérstaklega sem lífsvæði fyrir votlendisfugla. Skv. samningnum skulu aðildaríki hans meðal annars stuðla að verndun votlendis og votlendisfugla með því að stofna friðlönd á votlendum, hvort heldur sem votlendin eru á skrá eða ekki, og sjá um að gæsla þeirra sé fullnægjandi.

Í Aðalskipulagi Eyja- og Miklaholtshrepps 2008 - 2020 eru annars vegar stór votlendissvæði, sem nú eru á Náttúruminjaskrá 1996, þ.e.a.s. Laxárbakkaflói og Glámsflói auðkennd sem slík ásamt Löngufjöllum (strandlengju, eyjum og skerjum) (sjá nánar kafla 1.8 og töflur 4 og 5). Sama á við um þann hluta Baulárvallavatns, sem er innan marka hreppsins. Þessi svæði eru áfám svæði á Náttúruminjaskrá 1996.

Á skipulagsuppdrætti eru þessi svæði sýnd með svartri skástrikun yfir aðra landotkun. Hins vegar er gengið út frá því í Aðalskipulagi Eyja- og Miklaholtshrepps 2008 – 2020 að hreppsnefnd leiti eftir samvinnu við Umhverfisstofnun, sbr. lög um náttúruvernd nr. 44/1999, um friðlýsingu annarra svæða í sveitarfélaginu, sem eru á Náttúruminjaskrá 1996. Þessi svæði eru Gerðuberg/Þórisberg og Rauðamelsölkelda, (sjá nánar töflu 4). Á skipulagsuppdrætti eru framantalin svæði sýnd með svartri þétttri skástrikun yfir aðra landnotkunarflokka.

Leiðir til eflingar.

- Stefnt skal að því að fá svæði innan hreppsins sem hafa alþjóðlegt mikilvægi viðurkennd, en það hefði þýðingu fyrir rannsóknir á sviði náttúrufræða og uppbyggingu ferðamennsku.
- Stuðla þarf að rannsóknum og fræðslu um þær fjölbreyttu náttúruminjar, sem eru í hreppnum, gerð upplýsingabæklinga, korta og merkinga á þessum stöðum.
- Stefnt er að lagningu gönguleiða um náttúrufarslega merk svæði í samráði við þar til bæra aðila til að auðvelda visst aðgengi að þeim.



Á mótum Stakhamarsness og Löngufjara, Hafursfell í baksýn – Ljós. GHG

4.8 Þjóðminjaverndarsvæði og verndun mannvirkja

Skipulagsreglugerð nr. 400/1998

4.20.1 Skilgreining þjóðminjaverndarsvæða

„Þjóðminjaverndarsvæði taka til svæða þar sem eru friðlýstar fornminjar, þekktar fornminjar eða friðuð hús skv. þjóðminjalögum.“

4.20.2 Þjóðminjaverndarsvæði í skipulagsáætlunum

„Í aðalskipulagi skal auðkenna og gera grein fyrir þjóðminjum, staðsetningu þeirra og helstu einkennum, hvaða landnotkun er fyrirhuguð á svæðunum og hvaða reglur gilda á hverju þeirra um umgengni og mannvirkjagerð í samræmi við ákvæði þjóðminjalaga.“

Eins og fram er komið í kafla 2.1 eru minjar á Búðarhamri í landi Stakkhamars einu minjarnar í hreppnum, sem friðlýstar eru skv. þjóðminjalögum nr. 107/2001. Áhugi er á því meðal heimamanna að kanna hvort ekki væri ástæða til að beina sjónum að fleiri stöðum/svæðum, sem rétt væri að friðlýsa eða vernda með öðrum hætti s.s. gamlar leiðir, bæjarhóla, verslunarmínjar, vörður, verbúðaminjar og athyglisverð mannvirki.

Ein kirkja er friðuð skv. lögum um húsafriðun nr. 104/2001. Það er kirkjan á Ytra-Rauðamel (sjá nánar kafla 2.1.3).

Nauðsynlegt er að efla rannsóknir hvað þetta varðar umtalsvert í hreppnum á næstu árum þar sem hætta gæti verið á því að minjar lægju undir skemmdum sem óbærileguur skaði hlytist af.

Svæðisskráning fornleifa hefur verði gerð fyrir hreppinn (sjá kafla 2.1). Komi til deiliskipulagsgerðar á einstökum svæðum, þarf að liggja fyrir nánari skráning fornleifa, byggð á vettvangsathugunum, sbr. ákv. 11. gr. þjóðminjalaga nr. 107/2001 og skipulagsreglugerðar nr. 400/1998.

Staðir, sem eru friðlýstir skv. þjóðminjalögum nr. 107/2001 og lögum nr. 104/2001, eru merktir með rauðum þríhyrningi á aðalskipulagsuppdrætti.

Leiðir til eflingar

- Leita þarf eftir samstarfi við þjóðminjayfirvöld um hvernig haga megí átaki í friðlýsingu þjóðminja og með hvaða hætti minjunum verði best til haga haldið.
- Kortleggja þarf hvernig þjóðminjar svæðisins nýtist best til eflingar svæðisins í margvíslegum skilningi.
- Gera þarf tillögu um að vissir staðir í sveitarfélaginu njóti hverfisverndar (sjá kafla 4.9).
- Leita þarf eftir samvinnu við Húsafriðunarnefnd um gerð húsakönnunar/mannvirkjakönnunar í sveitarfélaginu og sem bestri varðveislu eldri bygginga og annarra mannvirkja í hreppnum, sem merk þykja.
- Stuðla þarf að rannsóknum og fræðslu um þær fjölbreyttu menningarminjar, sem finna má í sveitarfélaginu, meðal annars með gerð upplýsingabæklinga, korta og merkinga á þessum stöðum og jafnvel með því að auðvelda að þeim aðgengi.

4.9 Hverfisvernd

Skipulagsreglugerð nr. 400/1998

4.22.1 Skilgreining hverfisverndarsvæða

„Um hverfisverndarsvæði gilda sérstök ákvæði í skipulagsáætlunum sem sveitastjórnir hafa sett og kveða á um verndun eldri byggðar eða annarra menningarsögulegra minja, s.s. einstakra bygginga, mannvirkja eða húsabyrpinga, náttúruminja eða trjágróðurs sem æskilegt er talið að vernda vegna sögulegs, náttúrulegs eða menningarsögulegs gildis, án þess að um lögformlega friðun sé að ræða.“

4.22.2 Hverfisverndarsvæði í skipulagsáætlunum

„Gera skal grein fyrir hvaða þættir í umhverfi viðkomandi svæðis skulu njóta forgangs og tiltekinnar verndunar og hvaða réttindi, skyldur og kvaðir eru samfara hverfisvernd fyrir stjórnvöld og borgara varðandi landnotkun og framkvæmdir.“

Í Aðalskipulagi Eyja- og Miklaholtshrepps 2008 - 2020 eru gerðar tillögur um hverfisvernd á nokkrum stöðum vegna þjóðminja sem þar eru (sjá töflu 22).

Hér á eftir eru talin upp þau svæði og fyrirbæri sem greint er frá í töflu 22 og gerð er tillaga um að hverfisvernda. Settur fram rökstuðningur fyrir þeim tillögum og þær meginreglur, sem gilda um hvern stað. Hreppsnefnd sér um að reglum um hverfisvernd sé fylgt eftir í hvívetna.

1. Akurholt-hverfisverndaður bæjarhóll

Húsið í Akurholti var rífið árið 2010. Þarna var um að ræða fallett samspil bæjarhóls og staks mannvirkis, sem sjónarsviptir er að. Ekki síst vegna þess að staðsetningin var mjög einkennandi fyrir bæi á þessum slóðum frá ákveðnum tíma. Því er gerð tilaga um að hollinn sé hverfisverndaður sem gott dæmi um nærumhverfi húsa á þessum slóðum. Ekki má raska honum.

Tafla 22. Yfirlit yfir staði sem tillaga er gerð um að njóti hverfisverndar.

2. Borgarborg

Sérstök klettaborg sem erfitt er að klífa. Borgin á sér merka sögu og því mikilvæg fyrir hreppinn sem sögustaður. Gerð er tillaga um hverfisverndun þessa merka sögustaðar. Ekki má taka grjót úr borginni né spilla henni með neinum hætti.

3. Byggingar við Haffjarðará

Geiteyri og Kvörn eru húsabyrpingar sem tengjast veiðiskap við Haffjarðará á síðastliðnum liðlega 100 árum. Áður en þessi hús voru byggð höfðu veiðimenn gist á þverá þar sem byggt var yfir þá gestahús, sem nú er horfið. Húsin við Haffjarðará hafa samræmt yfirbragð, þótt byggð séu á mismunandi tíma. Auk sögunnar sem tengist þeim hafa húsin

1. Akurholt, bæjarhóll
2. Borgarborg
3. Byggingar við Haffjarðará og klakstöð
4. Bæjarey
5. Fjárrétt í landi Straumfjarðartunga
6. Fjárréttir í landi Hjarðarfells, Miðhrauns, Söðulholts og Þverár
7. Gamlar brýr yfir Straumfjarðará og Haffjarðará
8. Höfði - bæjarhús og umhverfi þeirra
9. Verbúðir á Búðartorfu og í Melnesi
10. Minjar um verbúðir og verslun í Syðra-Skógarnesi
11. Rústir eyðibýlanna, Sels, Skallastaða, Brekku og Göngustaða
12. Skreiðarlestargatan og áningarstaðir
13. Ytra-Skógarnes - íbúðarhús
14. Þverá - rúst af þinghúsi

ótvírætt fagurfræðilegt gildi. Gerð er tillaga að hverfisvernd bygginganna. Ekki má spilla húsunum eða nánasta umhverfi þeirra með neinum hætti.

4. Bæjarey (fyrrum Haffjarðarey)

Kirkjan í eyinni var upphaflega reist á öndverðri 13. öld, en var lögð niður nokkru eftir miðja 16. öld, þar sem landbrot vegna sjógangs torvelaði samgöngur til og frá eyinni. Kirkjan er löngu horfin. Bærinn stóð þó lengur. Kirkjugarður sem er á eyinni, er löngu aflagður.

Gerð er tillaga um að hverfisvernda eyna, vegna mikilvægra menningarminja sem þar er að finna. Verndin felur í sér að fylgst sé með framvindu landbrots og hún skráð, auk þess sem athugun sé gerð á því hvernig meðhöndla skuli þær minjar sem enn eru á eyjunni.

5. Fjárrétt í landi Straumfjarðartungu

Um er að ræða steypa rétt, sem hefur listrænt og menningarsögulegt gildi. Gerð er tillaga um hverfisvernd þessa mannvirkis, sem kveður á um að því sé haldið vel við og ekki spillt með neinum hætti.

6. Fjárréttir í landi Hjarðarfells, Miðhrauns, Söðulsholts og Þverár

Fjórar réttir hlaðnar úr hraungrýti, Hjarðarfellsrétt, Miðhraunsrétt, Söðulsholtsrétt og Þverárrétt eru mikilvægar menningarminjar. Þær eru hver með sínu sniði og allar fallegar. Þverárrétt, sem byggð var 1855 er enn í notkun.

Gerð er tillaga um hverfisvernd þessara mannvirkja. Óheimilt er að fjarlægja grjót úr hleðslum réttanna og leita verður leiða til að halda þeim við. Þær eru allar nema Þverárrétt í mikilli hættu.



Þverárrétt - Ljósm. GJ

7. Gamlar brýr yfir Straumfjarðará og Haffjarðará

Brúin yfir Straumfjarðará var byggð árið 1929, og brúin yfir Haffjarðará 1912. Báðar bera þær góðri hönnun og framförum í vegamálum fagurt vitni.

Gerð er tillaga að hverfisvernd þessara mannvirkja. Leitað verði leiða til að fá opinbera aðila til að viðhalda brúnum, sem þá geta nýst sem gönguleiðir og áningarstaðir. Mannvirkjunum og þeirra nánasta umhverfi má ekki raska með neinum hætti.

8. Höfði - bæjarhús og umhverfi þeirra

Höfði er jörð í eldfjallalandslagi við Haffjarðará og ein af jörðum sem tilheyrir Haffjarðará. Jörðin fór í eyði árið 1986. Um hana liggur Skreiðarlestargatan.

Gerð er tillaga um hverfisvernd heildaryfirbragðs. Athuga þarf menningarlegt mikilvægi staðarins, en hvert það er, er ekki vitað með vissu. Þar til sú athugun hefur farið fram má ekki raska svæðinu og byggingum innan þess með neinum hætti.

9. Minjar um verbúðir á Búðartorfu og í Melnesi

Menningarsögulegar minjar um horfna atvinnuhætti.

Gerð er tillaga að hverfisverndun þessara staða. Í vernduninni felst að staðirnir verði rannsakaðir og leitað verði leiða til að varðveita þá fyrir komandi kynslóðir.

10. Minjar um verslun o.fl. í Syðra-Skógarnesi

Upp úr árinu 1890 hefjast reglubundnar skipaferðir með fólk og flutninga frá Reykjavík í Skógarneshólma. Þarna voru ekki reist hafnarmannvirki, en þar risu verslunarhús og fleiri hús. Verslun var í Hólmanum fram til 1934 Gerð er tillaga um hverfisvernd minja sem þarna eru og svæðisins umhverfis þær. Nauðsynlegt er að þessar merku minjar séu kortlagðar og athugaðar með einhvers konar varðveislu í huga og settar í sögulegt samhengi.

11. Rústir eyðibýlanna Sels, Skallastaða, Brekku og Göngustaða

Um er að ræða eyðibýli í nágrenni við Stakkhamar/Borgarholt. Miklvægt minjasvæði, sem talið er ásamt öðrum minjastöðum á svæðinu gefa til kynna vissa þéttbýlismyndun á þessu svæði á ákveðnu tímabili fyrr á öldum.

Gerð er tillaga um hverfisvernd þessara rústa. Gæta verður vel að því að minjunum verði ekki spillt með neinum hætti, auk þess sem lögð verði áhersla á rannsóknir á þeim, merkingar og útgáfu efnis um staðina.

12. Skreiðarlestargatan og áningarstaðir

Hér er um er að ræða merkar minjar um leið Norðlendinga á fyrri öldum um svæðið á þeim tíma þegar Hólabiskupar sendu menn að norðan í verið undir Jökli.

Gerð er tillaga um að hverfisvernda leiðina, en í því felst að merkja hana og halda við í eins upprunalegri mynd og kostur er.

13. Ytra-Skógarnes - íbúðarhús

Íbúðarhús byggt 1892, er hið merkasta mannvirki og hefur það ótvírætt menningarlegt gildi fyrir sveitarfélagið.

Gerð er tillaga að hverfisvernd hússins. Verndin felur í sér að niðurrif hússins er óheimil, sem og að því sé spillt með einhverjum hætti.



Íbúðarhúsið í Ytra-Skógarnesi - Ljósm. RÍ

14. Þverá - Rúst af þinghúsi

Örstutt frá þverárrétt eru rústir af gömlu þinghúsi, sem eru merkilegar. Kanna þarf þessar rústir og sjá til þess að þær glatist ekki eða verði spillt.

Hverfisvernduð svæði eru merkt með hvítum skástrikuðum línunum yfir aðra landnotkun á aðalskipulagsupprætti.

Framkvæmdir á hverfisvernduðum svæðum eru deiliskipulagsskyldar.

Leiðir til eflingar

- Þar sem hverfisvernd felur ekki í sér lögformlega friðun, er mikilvægt að hreppsnefnd gæti þess að hverfisvernduðum svæðum verði ekki spillt og þau verði nýtt í þágu aukinnar fræðslu, rannsókna og ferðamennsku.
- Vinna þarf að frekari kynningu og upplýsingum um þessi svæði með markvissum hætti.

4.10 Vatnsvernd

Við flokkun vatnsverndarsvæða ber að fylgja reglugerð nr. 536/2001 um neysluvatn, sjá og reglugerð nr. 533/2001, um breytingu á reglugerð nr. 796/1999, um varnir gegn mengun vatns. Umhverfis hvert vatnsból skal heilbrigðisnefnd ákvarða vatnsverndarsvæði sem skiptist í brunnsvæði, grannsvæði og fjarsvæði. Við skilgreiningu vatnsverndarflokkanna skal taka mið af vatnafræðilegum, jarðfræðilegum og landfræðilegum aðstæðum á vatnasviði vatnsbólsins, mikilvægi þess og mengunarhættu.

4.10.1 Flokkun vatnsverndarsvæða

Vatnsverndarsvæði eru skilgreind með eftirfarandi hætti í 13. gr. reglugerðar nr. 536/2001 um neysluvatn:

I. flokkur. Brunnsvæði.

Er næsta nágrenni vatnsbólsins. Það skal vera algjörlega friðað fyrir óviðkomandi umferð og framkvæmdum öðrum en þeim, sem nauðsynlegar eru vegna vatnsveitunnar. Heilbrigðisnefnd getur, þar sem þörf krefur, krafist þess að svæðið skuli girt mannheldri girðingu, sem sé minnst 5 metra frá vatnsbóli.

II. flokkur. Grannsvæði.

Utan við brunnsvæðið skal ákvarða grannsvæði vatnsbólsins og við ákvörðun stærðar þess og lögunar skal taka tillit til jarðvegsþekju svæðisins og grunnvatnsstrauma sem stefna að vatnsbólinu. Á þessu svæði skal banna notkun á hættulegum efnum og birgðageymslu slíkra efna. Hér er meðal annars átt við olíu, bensín og skyld efni, salt, eiturefni til útrýmingar á skordýrum eða gróðri og önnur efni sem mænað geta grunnvatn, auk efna sem sérstaklega eru tilgreind í reglugerð um neysluvatn. Ekki skal leyfa nýjar byggingar, sumarbústaði eða þess háttar á svæðinu. Vegalagnir, áburðanotkun og önnur starfsemi innan svæðisins skal vera undir ströngu eftirliti.

III. flokkur. Fjarsvæði.

Fjarsvæði er á vatnasvæði vatnsbólsins en liggur utan þess lands sem telst til I. og II. flokks verndarsvæðanna. Þar sem vitað er um sprungur eða misgengi á þessu svæði, skal fyllstu varúðar gætt í meðferð efna, sem talin eru upp í II. flokki. Stærri geymslur fyrir slík efni eru bannaðar á svæðinu. Heilbrigðisnefnd getur gefið út frekari fyrirmæli varðandi umferð á þessu svæði, svo og um byggingu sumarhúsa og annarra mannvirkja.

Vegna skorts á upplýsingum um vatnsból og vatnsverndarsvæði á einstökum jörðum eru þau ekki sýnd á skipulagsuppdrætti. Aðkallandi er að unnið sé í þessum málum og sett fram skýr stefna. Stefnt er að því að úttekt á vatnsbólum og vatnsverndarsvæðum verði lokið á árinu 2014.

Leiðir til eflingar

- Marka þarf stefnu um vatnsöflun og vatnsvernd á einstökum svæðum og hugleiða kosti þess að fleiri bæir sameinist um vatnsveitur. Bent skal á að samkvæmt IV. kafla reglugerðar nr. 796/1999 um varnir gegn mengun vatns skulu heilbrigðisnefndir flokka yfirborðsvatn og grunnvatn og skulu í aðalskipulagi koma fram langtímamarkmið. Einnig skal kortleggja viðkvæm svæði fyrir mengun og menguð svæði, samanber 11. gr. reglugerðar nr. 796/1999 um varnir gegn mengun vatns og 9. gr. reglugerðar nr. 804/1999 um varnir gegn mengun vatns af völdum köfnunarefnissambanda frá landbúnaði og öðrum atvinnurekstri.
- Stefna þarf að því að heilbrigðisnefnd í samráði við hreppsnefnd flokki vatnasvæði í sveitarfélaginu og setji viðmiðunarmörk vegna gerlamengunar og notkunar áburðarefna. Stefnt skal að því að þessu starfi verði lokið á árinu
- 2014.

4.11 Opin svæði til sérstakra nota

Skipulagsreglugerð nr. 400/1998

4.12.1 Skilgreining opinna svæða til sérstakra nota

„Opin svæði til sérstakra nota eru svæði með útvistargildi á einn eða annan hátt þar sem gert er ráð fyrir mannvirkjagerð í tengslum við þá starfsemi sem þar er stunduð, s.s. tjald- og hjólhýsasvæði, skrudgarðar, kirkjugarðar, leiksvæði, íþróttasvæði, golfvællir, sleða- og skíðasvæði, skautasvæði, siglingaaðstaða, hesthús og reiðvællir, rallybrautir og skotvællir. Einnig garðlönd og trjáræktarsvæði.“

4.12.2 Opin svæði til sérstakra svæða í skipulagsáætlunum

„Í aðalskipulagi skal gera grein fyrir þeim svæðum sem skilgreind eru sem opin svæði til sérstakra nota. Gera skal grein fyrir megindrættum svæðanna og skýra helstu atriði sem varða útvistaraðstöðu og tengsl þeirra við byggð.“

Í Aðalskipulagi Eyja- og Miklaholtshrepps 2008 - 2020 er gert ráð fyrir nokkrum flokkum opinna svæða til sérstakra nota. Svæðin eru sýnd í dökkgrænum lit á aðalskipuaguppdrætti.

Opin skógarsvæði eða skógarreitir sem falla undir þessa skilgreiningu eru í landi Hofstaða og Holtsenda.

Á Stakkhamarsnesi í landi Stakkhamars er gert ráð fyrir opnu svæði til sérstakra nota. Hér er um að ræða mjög áhugavert svæði, sem er á Náttúruminjaskrá 1996.

Gert er ráð fyrir að deiliskipuleggja svæðið sem útivistarsvæði. Nesið hefur mikið aðdráttarafl vegna sérstakrar náttúru, fuglalífs, sögulegra minja og fagurs útsýnis. Við gerð deiliskipulags þarf að taka náttúruverndargildi svæðisins og alla framangreinda þætti til greina og gæta þess að um svæðið gildi ákvæði sem veita því viðhlítandi vernd. Slíka áætlun verður að gera m.a. í náinni samvinnu við Umhverfisstofnun.



Frá Stakkhamarsnesi – Löngufjörur og Hafursfell blasa við. Ljós. GHG

Tjaldsvæði (**T**) er sýnt í landi Holts, í tengslum við, verslun og þjónustu þar og kjarnann við Vegamót. Núverandi tjaldsvæði við félagsheimilið Breiðablik og Laugargerðisskóla eru einnig sýnd á aðalskipulagsuppdraetti, ásamt íþróttavöllum (**Í**). Skeiðvöllur er í Hrísdal (**S**). Áningarstaðir (**Á**) eru á tveimur stöðum við veg nr.54 Snæfellsnesveg. Annar áningarstaður er við gömlu brúna á Haffjarðará og hinn í landi Grafar. Þarna geta ferðalangar m.a. snætt nesti sitt o.fl. Sjá einnig kafla 4.12.2.

Um þessi svæði öll geta gilt sérstakar reglur sem umráðamenn þeirra setja og gestum er síðan skylt að fara eftir.

4.12 Samgöngur

4.12.1 Vegir

Í kafla 2.5 er gerð grein fyrir helstu vegum, stofn- og tengivegum. Nauðsynlegt er að lögð verði áhersla á gæði og öryggi vega. Á aðalskipulagsuppdraetti er sýnd breyting á vegi nr. 54 við Haffjarðará sbr. tillögur Vegagerðarinnar.

Vegir eru sýndir á aðalskipulagsuppdraetti og tekur áætlunin til stofn- og tengivega en aðrir vegir falla undir almennar skýringar.

4.12.2 Göngu- og reiðleiðir

Á aðalskipulagsuppdraetti er sýnd reiðleið um Löngufjörur. Ennfremur Skreiðarlestargatan gegn um hreppinn með áningarstöðum. Þá er sýnd reiðleið sem liggur um land Dals og Hjarðarfells og göngu- og reiðleið henni tengd, sem fer um Kerlingarskarð yfir í Helgafellssveit. Önnur gömul leið er skammt norðan við Rauðamelsölkeldu nálægt Flatná. Gengur hún frá Skreiðarlestargötunni sem þarna liggur og yfir á Skógarströnd. Fleiri gönguleiðir liggja yfir hálendið á milli Eyja- og Miklaholtshrepps og Helgafellssveitar, sem ekki eru tíundaðar hér eða sýndar sérstaklega á uppdraetti.

Lagt er til að unnið verði áfram að nánari skilgreiningu og ákvarðanatöku hvað varðar göngu- og reiðleiðir innan sveitar í Eyja- og Miklaholtshreppi. Þar sem m.a. eru teknar til nánari skoðunar gamlar þjóðleiðir innan hreppsins, sbr. herforingjaráðskort og götur í Eyja- og Miklaholtshreppi fram undir 1920 (sjá skýringarkort 4). Stefnt er að því að þessu verki ljúki eigi síðar en árið 2015.

Leiðir til eflingar.

- Stefna þarf að gerð áningarstaðar fyrir vegfarendur í tengslum við nýja veglínu við Haffjarðará og koma því máli á framfæri við Vegagerðina og hrinda því í framkvæmd.
- Leggja þarf áherslu á gerð áningarstaðar við Gröf.
- Lögð verður áhersla á að vinna að nákvæmara yfirlit yfir göngu- og reiðleiðir í hreppnum í samstarfi við áhugamenn.
- Lögð verður áhersla á upplýsingar um og merkingar á göngu- og reiðleiðum.

4.13 Veitur

4.13.1 Kalt vatn

Vakin er athygli á að samkvæmt reglugerð nr. 536/2001 um neysluvatn er þegar krafa um að mjólkurframleiðendur hafi starfsleyfi fyrir vatnsveitu og skilgreint sé verndarsvæði, það er brunnsvæði, grannsvæði og fjarsvæði viðkomandi veitu, á uppdraetti. Í aðalskipulagsáætluninni er slíkt ekki gert þótt leyfin séu fyrir hendi, þar sem upplýsingar um vatnsból í dreifbýli liggja ekki fyrir.

Leiðir til eflingar

- Hreppsnefnd mun beita sér fyrir því að staðsetning vatnsbóla og vatnsverndarsvæða í hreppnum og skilgreining langtímamarkmiða í þessum efnum liggi fyrir í seinasta lagi 2014.

4.13.2 Heitt vatn

Núverandi borholur fyrir heitt vatn í landi Eiðhúsa og Kolviðarness eru sýndar á aðalskipulagsuppdraetti, sem rauðir punktar.

Leiðir til eflingar

- Sveitarstjórn mun leggja áherslu á að bora eftir meira magni af heitu vatni til nota innan sveitarfélagsins og finna nýtingu fyrir það.

4.13.3 Fráveitur

Lögð verður áhersla á að rotþrær verði sameinaðar svo sem unnt er á nýjum byggingarsvæðum í því skyni að þær verði sem fæstar. Hreppsnefnd stefnir að því að öll íbúðar- og frístundahús sem fyrir eru verði tengd rotþróum á fullnægjandi hátt í seinasta lagi árið 2014 og yfirlit skapist yfir staðsetningu rotþróa.

Hreppsnefnd mun leita á næstunni eftir hagkvæmum lausnum í sambandi við að losun rotþróa fari fram með reglubundnum hætti í hreppnum.

4.13.4 Rafveitur/virkjanir

Stofnkerfi rafveitu um hreppinn er sýnd á aðalskipulagsuppdraetti. Þá er tengivirki í landi Vegamóta sýnt á uppdraetti eins og áður er fram komið.

Þá eru sýndar tvær virkjanir á aðalskipulagsuppdraetti (sjá nánar kafla 2.7.3 og 4.4).

Leiðir til eflingar

- Áhersla verður lögð á það á skipulagstímabilinu, að hafist verði handa um að leggja línur í jörð á þeim stöðum þar sem þær valda verulegri sjónmengun eða eru til бага fyrir tiltekna landnotkun.
- Áhersla verður lögð á það á skipulagstímabilinu að sem flestir bæir eigi kost á 3ja fasa rafmagni.

4.13.5 Fjarskipti

Svæði fyrir fjarskiptamannvirki nær til stofnkerfa ljósleiðara og endurvarpsstöðva útvarps og sjónvarps. Áhersla verður lögð á að fjarskipti á svæðinu verði bætt.

Endurvarpsstöð í landi Grafar og Kolviðarness er sýnd á aðalskipulagsuppdraetti (sbr. kafla 4.6) Lega ljósleiðara um hreppinn er sýnd á aðalskipulagsuppdraetti.

Leiðir til eflingar

- Leggja verður mikla áherslu á að greiður og öflugur aðgangur sé að fjarskiptum í öllum hreppnum.
- Leggja verður mikla áherslu á að aðgangur fái að ljósleiðara í hreppnum.



Hafursfell séð frá vestri – Ljósm. RÍ

4.14 Efnistökusvæði

Skipulagsreglugerð nr. 400/1998

4.9.1 Skilgreining efnistökusvæða

„Efnistökusvæði eru þau svæði á landi, í sjó eða vötnum þar sem fyrirhuguð er efnistaka, s.s. malarnám, sandnám, grjótnám, gjallnám eða vikurnám.“

4.9.2 Efnistökusvæði í skipulagsáætlunum

„Í aðalskipulagi skal gera grein fyrir þeim svæðum þar sem fram fer eða fyrirhuguð er efnistaka utan þéttbýlisstaða. Gera skal grein fyrir staðsetningu og stærð svæðanna og öðru sem þurfa þykir.“

Í Aðalskipulagi Eyja- og Miklaholtshrepps 2008 - 2020 er gert ráð fyrir 23 efnisnámmum víðsvegar í hreppnum.

Tafla 23 greinir frá staðsetningu náma, eignarhaldi og áætluðu efnismagni.

Efnistökusvæði stærri en 150 þús. m³ eða 50 þús. m² eiga samkvæmt 1. viðauka laga nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum, að fara í lögformlegt mat á umhverfisáhrifum.

Efnistökusvæði stærri en 50 þús. m³ eða 25 þús. m² eða efnistökusvæði á verndarsvæðum eru tilkynningaskyld til Skipulagsstofnunar til ákvörðunar matsskyldu (sjá enn fremur í kafla 5).

Samkvæmt 47. gr. laga um náttúruvernd nr. 44/1999 er öll efnistaka á landi og af eða úr hafsbotni innan netlaga háð framkvæmdarleyfi hlutaðeigandi sveitarstjórnar. Óheimilt er að veita framkvæmdarleyfi fyrir efnistöku nema að fenginni umsögn Umhverfisstofnunar og náttúruverndarnefndar, ef ekki liggur fyrir staðfest aðalskipulag, sem fyrrgreindir aðilar hafa gefið umsögn um samkvæmt 33. gr. laga nr. 44/1999 um náttúruvernd. Bent skal jafnframt á að samkvæmt 3. mgr. 47. gr. sömu laga er eiganda eða umráðamanni eignarlands heimil án leyfis minni háttar efnistaka til eigin nota nema um sé að ræða jarðmyndanir og vistkerfi sem njóta verndar samkvæmt 37. gr. laga nr. 44/1999 um náttúruvernd. Sjá nánar síðar í þessum kafla.

Tafla 23. Yfirlit yfir námur í Eyja- og Miklaholtshreppi þann 1. des. 2008.

Náma	Jörð	Eignarhald	Gerð	Áæt. magn (þús. m ³)
N1	Hofsstaðir	Einkaeign	Möl	10
N2	Hofsstaðir	Einkaeign	Möl	5
N3	Hofsstaðir	Einkaeign	Möl	5
N4	Stakkhamar	Einkaeign	Skeljasandur	10
N5	Vatnaleið	Einkaeign	Möl	5
N6	Eiðhús	Einkaeign	Möl	35
N7	Eiðhús	Einkaeign	Möl	20
N8	Miðhraun 2	Einkaeign	Möl	30
N9	Fáskrúðarbakki	Einkaeign	Möl	40
N10	Syðra-Skógarnes	Einkaeign	Möl	5
N11	Syðra-Skógarnes	Einkaeign	Möl	5
N12	Hömluholt	Einkaeign	Möl	10
N13	Rauðkollsstaðir	Einkaeign	Möl	10
N14	Kolviðarnes	Einkaeign	Möl	30
N15	Kolviðarnes			5
N16	Laugargerði (í Núpá)			5
N17	Hrossholt			5
N18	Söðulsholt/Dalsmynni			5
N19	Söðulsholt/Dalsmynni			5
N20	Ytri-Rauðamelur	Einkaeign	Möl	30
N21	Ytri-Rauðamelur	Einkaeign	Möl	30
N22	Ytri-Rauðamelur	Einkaeign	Möl	10
N23	Ytri-Rauðamelur	Einkaeign	Grjót	10

Heimild: Heimamenn og Vegagerðin

Umhverfisstofnun hefur í umsögn sinni um Aðalskipulag Eyja- og Miklaholtshrepps 2008 - 2020 vakið athygli á því að efni í námum í landi Eiðhúsa og Fáskrúðarbakka er allt tekið úr sömu jarðmynduninni, sem er talið óheppilegt og spilli henni um of. Hreppsnefnd hyggst kanna með hvaða hætti bæta má úr þessum annmarka (sjá nánar framar í þessum kafla). Þá skal minnt á ákvæði laga nr. 61/2006 um lax og silungsveiði þar sem lagðar eru þær skyldur á framkvæmdir aðila eða landeiganda að leita heimildar Fiskistofu, ef viðkomandi hyggst ráðast í malartekju eða framkvæmdir á og við ár eða vötn, sem geta haft áhrif á lífríkið.

Stefnt er að því að yfirfara öll efnistökusvæði og leyfi til vinnslu fyrir árslok 2014.

Þá er stefnt að frágangi allra náma að vinnslutíma loknum. Hreppsnefnd hefur ekki enn sem komið er sett nein tímamörk á vinnslutímann, en reglur þar að lútandi verða settar fyrir árslok 2014.

Efnistökusvæði eru merkt með ljósbrúnum lit og númeri á aðalskipulagsupprætti.

Leiðir til eflingar

- Leggja verður áherslu á skipulega nýtingu efnistökusvæða og snyrtilegan frágang þar þegar efnistöku lýkur.

4.15 Úrgangsmál, sorph og sorphirða

Skipulagsreglugerð nr. 400/1998

4.10.1 Skilgreining sorphögunarsvæða

„Sorphögunarsvæði eru svæði þar sem fram fer eða fyrirhuguð er förgun á sorpi og öðrum úrgangi, s.s. urðun eða brennsla.“

4.10.2 Sorphögunarsvæði í skipulagsáætlunum

„Í aðalskipulagi skal gera grein fyrir þeim svæðum þar sem fram fer og fyrirhuguð er förgun á sorpi og öðrum úrgangi. Sorphögunarsvæði utan þéttbýlisstaða skal sýna á sveitarfélagsupprætti en sorphögunarsvæði innan þéttbýlis á þéttbýlisuppráttum aðalskipulags. Gera skal grein fyrir staðsetningu og stærð svæðanna, áhrifum á aðra landnotkun og öðru sem þurfa þykir.“

Samkvæmt 8. gr. reglugerðar nr. 737/2003 um meðhöndlun úrgangs skal sveitarstjórn „... semja og staðfesta áætlun um meðhöndlun úrgangs sem gildir fyrir viðkomandi svæði til minnst 12 ára í senn og skal sú áætlun byggjast á markmiðum landsáætlunar. Í áætluninni skal gera grein fyrir með hvaða hætti sveitarfélagið hyggst ná markmiðum landsáætlunar þ.m.t. leiðum til að draga úr myndun úrgangs, endurnota og endurnýta úrgang og förgunarleiðum.“

Sorpgámar eru heimilaðir á landbúnaðar- og frístundabyggðarsvæðum en staðsetning þeirra er ekki gefin upp á aðalskipulagssupprætti. Sjá einnig kafla 2.8. Áætlun sem nefnist „Sameiginleg svæðisáætlun um meðhöndlun úrgangs 2009-2020“ er samstarfsverkefni 34 sveitarfélaga, þeirra á meðal Eyja- og Miklaholtshrepps og fjögurra sorpsamlaga þ.m.t. Borgarbyggðar og Sorpurðunar Vesturlands. Þær tillögur sem þar eru settar fram miða að því að ná fram þeim markmiðum sem sett eru í lögum um meðhöndlun úrgangs (55/2003) og landsáætlun um meðhöndlun úrgangs fyrir tímabilið 2004 - 2016. Þá miðast tillögurnar við það að uppfylla þá stefnu sorpsamlaganna að eftir 2020 verði engin lífræn eða brennanleg efni urðuð á starfsvæði samlaganna. Hreppsnefnd Eyja- og Miklaholtshrepps tekur undir þessi sjónarmið og gerir ráð fyrir að reynt verði að fylgja þeirri framkvæmdaáætlun eftir sem fram er sett í samræmi við lög um meðhöndlun úrgangs. Staðfesting þessarar áætlunar og jákvæð afstaða hreppsnefndar til hennar skuldbindur hins vegar hreppinn ekki til neinna fjárútláta.

Leiðir til eflingar

- Vinna þarf heildstætt og markvisst yfirlit yfir móttöku- og flokkunarstöðvar fyrir sorph í hreppnum
- Upplýsingum um hlutverk, eðli og staðsetningu þessara staða og rétta flokkun úrgangs ætti síðan að dreifa inn á hvert heimili í hreppnum.
- Áhersla er lögð á að jarðgera lífrænan úrgang sem til fellur.
- Stefna að endurnýtingu og endurvinnslu úrgangs, þar sem það er mögulegt, en sá þáttur fer nú fram erlendis.
- Upplýsingar um losun byggingarúrgangs og spilliefna verði látnar fylgja byggingarleyfi.

4.16 Náttúruvá

Skipulagsreglugerð nr. 400/1998

4.18.1 Skilgreining svæða undir náttúruvá

„Svæði undir náttúruvá eru svæði þar sem hætta er talin stafa af náttúruhamförum, s.s. snjóflóðum, skriðuföllum, sjávarflóðum, vatnsflóðum, jarðskjálftum, eldvirkni eða veðurfari (ofviðri).

Um landnotkun á svæðum þar sem hætta er talin stafa af ofanflóðum fer samkvæmt ákvæðum laga um varnir gegn snjóflóðum og skriðuföllum og reglugerð um nýtingu hættusvæða.“

4.18.2 Svæði undir náttúruvá í skipulagsáætlunum

„Í svæðis- og aðalskipulagi skal auðkenna og gera grein fyrir svæðum undir náttúruvá, staðsetningu þeirra, hvaða landnotkun er fyrirhuguð á svæðunum og hvaða reglur gilda á hverju þeirra um umgengni og mannvirkjagerð. Gera skal grein fyrir þegar byggðum og fyrirhuguðum varnavirkjum vegna ofanflóða, sjávarflóða og vatnsflóða og hvaða landnotkun er fyrirhuguð á svæðum undir náttúruvá og nærliggjandi svæðum og hvernig hún fellur að reglum sem gilda á hverju svæði fyrir sig.“

Í kafla 2.8 er gerð lítilsháttar grein fyrir náttúruvá á svæðinu.

Samkvæmt upplýsingum frá Veðurstofu Íslands mun stofnunin vinna að dreifbýlishættumati vegna ofanflóða fyrir allar byggðir landsins. Meðan niðurstöður liggja ekki fyrir mælist Veðurstofan til að Aðalskipulag Eyja- og Miklaholtshrepps 2008 - 2020 sé staðfest með fyrirvara um gerð ofanflóðahættumats/staðbundins hættumats, samkvæmt lögum 49/1997 við gerð deiliskipulags og afgreiðslu einstakra byggingar- og framkvæmdaleyfisumsókna.

Heimild: Veðurstofa Íslands.

Gæta þarf varúðar við skipulagningu byggðar nálægt ströndinni. Fjarlægð frá sjávarbakka og gólfhæðir bygginga þurfa að vera í samræmi við skipulags- og byggingarreglur á lágsvæðum þar sem hætta er á flóðum.

Virkasta eldstöð á Snæfellsnesi er talin Ljósufjöll.

Heimild: Siglingastofnun Íslands; Kristján Helgason og Haraldur Sigurðsson

5. kafli - Um mat á umhverfisáhrifum



Rústir verslunarhúss við Skógarneshólma

5.1 Tilgangur og hlutverk mats á umhverfisáhrifum.

Í gr. 3.3 í skipulagsreglugerð nr. 400/1998 segir hvernig fjalla beri um lög um mat á umhverfisáhrifum í skipulagsáætlunum.

Í 1. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 segir eftirfarandi:

„Markmið laga þessara er:

- Að tryggja að áður en leyfi er veitt fyrir framkvæmd, sem kann vegna staðsetningar, starfsemi sem henni fylgir, eðlis eða umfangs að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif, hafi farið fram mat á umhverfisáhrifum framkvæmdar.*
- Að stuðla að samvinnu þeirra aðila sem hafa hagsmuna að gæta eða láta sig málið varða vegna framkvæmdar sem áhrif hefur á umhverfið.*
- Að kynna fyrir almenningi umhverfisáhrif framkvæmdar sem kann að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif og mótvægisáðgerðir vegna þeirra og að almenningur komi að athugasemdum og upplýsingum áður en úrskurður um mat á umhverfisáhrifum framkvæmdar er kveðinn upp.“*

5.2 Framkvæmdir sem alltaf eru háðar mati á umhverfisáhrifum

Í 5. gr. laga nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum segir meðal annars eftirfarandi:

- „Þær framkvæmdir sem tilgreindar eru í 1. viðauka við þessi lög skulu ávallt háðar mati á umhverfisáhrifum.“*
- Loftlínur utan þéttbýlis til flutnings á raforku með 66 kV spennu eða hærri. Sæstrengir til flutnings á raforku með 132 kV spennu eða hærri og eru 20 km eða lengri.*
- Efnistaka þar sem áætluð efnistaka raskar 50.000 m² svæði eða stærra eða er 150.000 m³ eða meiri. Efnistaka þar sem fleiri en einn efnistökuastaður ná til samans yfir 50.000 m² svæði eða stærra. Efnistaka á verndarsvæðum.*

5.3 Framkvæmdir sem kunna að vera háðar mati á umhverfisáhrifum

Í 6. gr. laga nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum segir meðal annars eftirfarandi:

„Framkvæmdir sem tilgreindar eru í 2. viðauka við lög þessi skulu háðar mati á umhverfisáhrifum, þegar þær geta haft í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif vegna umfangs, eðlis eða staðsetningar.“ Ef fyrirhuguð framkvæmd fellur undir 2. viðauka ber framkvæmdaaðila að tilkynna Skipulagsstofnun hana til ákvörðunar um matsskyldu samkvæmt lögum nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum m.s.br.

Í Aðalskipulagi Eyja- og Miklaholtshrepps 2008 – 2020 gætu eftirfarandi framkvæmdir fallið undir 2. viðauka og gætu því talist matsskyldar:

- Flutningskerfi gass, gufu eða heits vatns; flutningur á raforku með jarðstrengjum utan þéttbýlis sem eru 10 km eða lengri og eru grafnir niður eða lagðir í stokk.
- Vatnsorkuver yfir 200 kW.
- Efnistaka.
- Framkvæmdir til endurskipulagningar á landareignum í dreifbýli sem taka til stærra landsvæðis en 20 ha.

Skipulagsstofnun tekur ákvörðun um matsskyldu framkvæmda og gefur álit. Ákvarðanir og álit Skipulagsstofnunar má kæra til umhverfisráðherra.

Í 7. grein sömu laga segir: „*Umhverfisráðherra er heimilt, að fenginni umsögn Skipulagsstofnunar, að mæla svo um í reglugerð að framkvæmd sem ekki er talin upp í 1. og 2. viðauka við lög þessi skuli háð mati ef sýnt þykir að hún geti haft í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif. Sama gildir um framkvæmd sem varðar alþjóðasamninga sem Ísland er aðili að. Við ákvöðunina skal ráðherra fylgja viðmiðunum í 3. viðauka við lög þessi og leita álits Skipulagsstofnunar, leyfivertenda, framkvæmdaraðila og annarra eftir eðli máls hverju sinni.*“

6. kafli - Framfylgd aðalskipulags



Austasti tindur Ljósufjalla og Tröllatindar

Framfylgd stefnu aðalskipulags er að hluta til ákveðin í aðalskipulaginu sjálfu, þ.e. sem leiðir að þeim markmiðum sem sett eru. Eftir staðfestingu aðalskipulagsins þarf nánari útfærslu. Skilgreina þarf verkefni, framkvæmdir, aðgerðir og málsmeðferð m.ö.o. gera þarf framkvæmdaáætlun.

Skipulags- og byggingarlög gera ráð fyrir nokkrum stjórnækjum til að framfylgja aðalskipulagi en auk þess er hægt að beita ýmsum aðferðum við að framfylgja stefnu þess.

Lögbundin stjórnækki

Þau stjórnækki sem felast í skipulags- og byggingarlögum í sambandi við framfylgd aðalskipulags eru deiliskipulag, byggingarleyfisveiting og framkvæmdaleyfisveiting. Auk þess gegnir mat á umhverfisáhrifum framkvæmda, samkvæmt lögum um mat á umhverfisáhrifum, hlutverki við framfylgd skipulagsáætlana.

Fjárhagsáætlanir sveitarfélagsins sem skilgreind eru í sveitarstjórnarlögum skipta miklu máli í þessu sambandi.

Deiliskipulag

Aðalskipulag mótar ramma fyrir deiliskipulag einstakra hverfa, svæða eða reita. Í deiliskipulagi eru útfærð nánar markmið og ákvæði aðalskipulagsins.

Hreppsnefnd gætir þess að samræmi sé milli aðalskipulags og deiliskipulags.

Byggingar- og framkvæmdaleyfi

Hlutverk leyfisveitenda (byggingar- og skipulagsnefndar, hreppsnefndar) er m.a. að tryggja að framkvæmdir í hreppnum verði samkvæmt gildandi skipulagsáætlunum.

Mat á umhverfisáhrifum einstakra framkvæmda

Mat á umhverfisáhrifum einstakra framkvæmda er undanfari framkvæmda sem falla undir ákvæði laga um mat á umhverfisáhrifum. Í matinu er meðal annars athugað samræmi við samþykktar skipulagsáætlanir og skoðaðar nánar forsendur ákvarðana um viðkomandi framkvæmd með tilliti til umhverfisáhrifa.

Fjárhagsáætlanir sveitarfélaga

Samkvæmt sveitarstjórnarlögum skulu sveitarstjórnir gera fjárhagsáætlanir um rekstur, framkvæmdir og fjármál sveitarfélagsins. Gera skal áætlun sem nær til 3ja ára sem setur ramma um gerð árlegrar fjárhagsáætlunar. Við gerð fjárhagsáætlunar gefst tækifæri til að forgangsraða framkvæmdum og verkefnum sem skilgreind hafa verið í aðalskipulagi.

Aðrar aðferðir

Auk lagalega skilgreindra stjórnækja er hægt að beita ýmsum aðferðum við að framfylgja stefnu aðalskipulags. Þær geta til dæmis verið verklagsreglur og gátlistar embættismanna, verkefnaáætlanir, starfshópar um tiltekin málefni, reglubundin vöktun forsenda, mat á árangri markmiða og Staðadagskrá 21.

Framkvæmda- og verkefnaáætlanir

Stefnu aðalskipulags er hægt að útfæra í framkvæmdaráætlun fyrir einstaka málaflokka hreppsins. Í framkvæmdaráætlun eru framkvæmdir og aðgerðir tímasettar og kostnaður áætlaður.

Starfshópar

Mögulegt er að skipa starfshópa um tiltekin viðfangsefni sem hafa það að hlutverki að vinna að framfylgd og útfærslu stefnu aðalskipulagsins um viðkomandi málefni.

Verklagsreglur

Verklagsreglur og gátlista má nýta til að gera yfirferð yfir deiliskipulagstillögur og byggingar- og framkvæmdarleyfisumsóknir markvissa og til að gæta samræmis við afgreiðslu mála.

Vöktun og endurskoðun

Reglulegt mat á því hvort ástæða sé til að endurskoða aðalskipulag er liður í að framfylgja skipulagsáætluninni. Þannig er með reglulegu millibili skoðað hvernig gengur að ná fram markmiðum skipulagsins og hvort breyttar forsendur kalli á breytingar í stefnu skipulagsins.

Staðardagskrá 21

Aðalskipulag getur verið grundvöllur fyrir Staðardagskrá 21 sem er umhverfisframkvæmdaáætlun sveitarfélagsins, gerð á grundvelli Dagskrár 21, alþjóðlegrar samþykktar um umhverfismál.

Í Staðardagskrá 21 er hægt að skilgreina nánar verkefni, framkvæmdir og áform í umhverfismálum sem ætlað er að stuðla að sjálfbærri þróun. Verkefnum er þá forgangsraðað, kostnaður áætlaður, tímasett hvenær verkefnum skuli lokið og skilgreint hvernig eigi að vinna að framkvæmd þeirra.

EarthCheck

Vottunarsamtökin EC3 Global eru áströlsk samtök sem sjá um vottun samfélaga og ferðaþjónustuaðila og veita þeim umhverfismerki ef þau standast kröfur.

Samtök þessi hafa umsjón með EarthCheck vottunarkerfinu, sem byggir á hugmyndafræði Dagskrár 21 um ábyrga stjórnun og sjálfbæra þróun. EarthCheck staðallinn veitir samfélögum ramma til þess að mæla frammistöðu sína og vinna að stöðugum úrbótum í umhverfis- og samfélagsmálum.

Ólíkt Staðardagskrá 21, er EarthCheck vottunarkerfið óháð umhverfisvottun þriðja aðila. Vottunarkerfið felur í sér að samtökin setja viðmið fyrir samfélagið í heild og því er í raun um trúverðugri leið til umhverfisúrbóta að ræða en felst í til dæmis Staðardagskrárvinnu og vottun samkvæmt ISO 14001 staðli.

7. kafli - Heimildir



Á Stakkhamarsnesi

Ásgeir Gunnar Jónsson
Bjarnfríður Vilhjálmsdóttir
Byggðir Snæfellsness (1989). Þórður Kárasón, Kristján Guðbjartsson, Leifur Kr. Jóhannesson (Ritsj.). Stykkishólmur: Búnaðarsamband Snæfellinga.
Bændasamtökin: Ólafur R. Dýrmundsson og Guðlaug Eyþórsdóttir.
Fiskistofa: Árni Ísaksson
Hagstofa Íslands: Lárus Blöndal og www.hagstofa.is
Haukur Jóhannesson (2006). Yfirlit um jarðfræði Snæfellsness.
Heilbrigðiseftirlit Vesturlands
Heimamenn
Hjálmar Árnason
Húsafriðunarnefnd ríkisins
Landbúnaðarráðuneytið
Lovísa Ásbjörnsdóttir
Náttúrustofa Vesturlands
Páll Líndal (1982). *Bæirnir byggjast*. Reykjavík: Skipulagsstjóri ríkisins og Sögufélagið.
Rarik ohf. dreifilínur
Reynir Ingibjartsson
Siglingamálastofnun: Kristján Helgason
Skipulags- og byggingarfulltrúi Eyja- og Miklaholtshrepps
Skipulagsstofnun
Skrá um friðlýstar fornleifar. Fyrsta útgáfa 1990.
Sorpurðun Vesturlands
Sædís Gunnarsdóttir (2004). Fornleifaskráning í Eyja- og Miklaholtshreppi (FS253-04091).
Sigurður Ólason (1979). „Þar mátti ekki aðsókn við koma“ - Borgarborg. Tíminn, 23. desember, bls. 6 - 9.
Umhverfisstofnun
Veðurstofa Íslands: Halldór Geirsson, Trausti Jónsson, Óðinn Þórarinsson og dr. Sigrún Karlsdóttir
Vefur Alþingis: www.althingi.is
Vefur Emax: www.emax.is
Vefur Landsambands veiðifélaga: www.angling.is
Vefur Nytjaland: www.nytjaland.is
Vefur Ríkisútvarpsins: www.ruv.is
Vefur Samgönguráðuneytisins: www.samgonguraduneyti.is
Vefur Símans: www.siminn.is
Vefur Stykkishólms: www.stykkisholmur.is
Vefur Vegagerðarinnar: www.vegagerdin.is
Vefur Veiðimálastofnunar: www.veidimal.is
Vefur Vodafone: www.vodafone.is
Vefur Þjóðskrár: www.skra.is
Vesturlandsskógar